

ERLA DÖGG HARALDSDÓTTIR
Öðruvísi gallabuxur
 tíska heimili heilsa
allt í MIÐJU BLAÐSINS



SUÐURLAND
Hekla, heilsa og guðdómleg kyrrð
 Sérblað um Suðurland
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MAX RAFTAÐI
Spennandi TILBOÐ
AUKABLAÐ Í DAG
Velkomin í Holtagarða og Kaupþún

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. apríl 2008 — 97. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Byggja mest á útflutningi

Sjötíu ár frá stofnun Lýsis hf.
TÍMAMÓT 34



Syngur með Bubba

Björn Jörundur og Bubbi Morthens syngja saman í fyrsta sinn.
FÓLK 58



23 ára ritstjóri


Atli Fannar Bjarkason tekur við ritstjórn Mónitors.
FÓLK 46



Man. Utd og Barcelona mætast

Man. Utd og Barcelona komust í undanúrslit Meistaradeildarinnar í gær.
ÍPRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTAST VIÐ FAXAFLÓA í dag verða NA 5-10 m/s viðast hvar. El á Vestfjörðum, stöku el norðan til og austan og hætt við lítilsháttar vætu allra syðst. Bjart með köflum suðvestan og vestan til. Frostlaust.
VEÐUR 4

Yfirlæknar í neyðar-bíl vegna manneklu

Yfirlæknar á slysa- og bráðasviði Landspítalans taka sjálfir vaktir deildarlækna vegna manneklu í kjölfar uppsagna. Dæmi eru um að yfirlæknar hafi farið í útköll með neyðarbil. Ólíklegt að nýir læknar fáist í stöðurnar fyrir en í haust.

HEILBRIGÐISMÁL „Við erum eina slysadeildin á Reykjavíkursvæðinu þannig að við þurfum bara að fylla í skörðin, við getum ekki minnkað við okkur,“ segir Ófeigur Þorgeirsson, yfirlæknir á slysa- og bráðasviði Landspítalans.

Yfirlæknar á slysadeild hafa undanfarið þurft að taka vaktir deildarlækna vegna manneklu. Dæmi eru einnig um að yfirlæknar hafi farið í útköll með neyðarbil, sem aðrir læknar sinntu áður.

Landspítalinn lagði niður fasta læknavakt á neyðarbil spítalans í upphafi árs og fara læknar nú ein-

göngu með bílnum þegar það er talið nauðsynlegt. Nokkrir unglæknar á slysadeild sögðu upp störfum vegna óánægju með ákvörðunina.

Ófeigur segir að lækna vanti nú í þrjú stöðugildi á slysadeild. Ólíklegt sé að hægt verði að ráða í störfin fyrir en í haust. Þangað til þurfi aðrir læknar að bæta á sig vöktum, umfram fulla vinnu.

„Læknar liggja vanalega ekki á lausu með litlum fyrirvara, menn eru oftast búnir að skipuleggja sig fram í tímann,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, læknir á slysadeild.

„Það er ljóst að það verður mönnunarvandamál þarna fram á haust, nema eitthvað nýtt komi til.“

Bjarni segir að suma daga hafi ekki fengist neinn tiltækur læknir í neyðarbilinn. „Þegar vantar svona marga lækna á slysadeildina verður álagið meira á þá sem eftir sitja. Síðan um áramótin hefur verið skortur á deildarlæknum og það hefur orðið til þess að læknar þurfa að taka fleiri vaktir og færri eru til að sinna þeim verkefnum sem þarf að sinna,“ segir Bjarni.

steindor@frettabladid.is

Löggæsla á Suðurnesjum: Segja embætti hafa deilt hart

LÖGREGLUMÁL Margir starfsmenn lögreglustjórans á Suðurnesjum telja Harald Johannessen ríkislögreglustjóra standa að baki breytingunum á löggæslustörfum á Suðurnesjum sem dómsmálaráðherra hefur boðað, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Margir heimildarmenn Fréttablaðsins telja að samskipti embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum og ríkislögreglustjóra hafi lengi verið stírt og það geri deiluna um breytingarnar enn erfiðari að leysa.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að embætti ríkislögreglustjóra hafi oftast en einu sinni gagnrýnt embætti lögreglustjóra á Suðurnesjum og hafi meðal annars einu sinni látið gera óformlega rannsókn vegna gruns um upplýsingaleka.

- mh / sjá síðu 16



Á VETTVANGI Menn úr slökkviliði höfuðborgarsvæðisins rýmdu Turninn og börðust við að slökkva eldinn þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Rýma þurfti Turninn en fólk var á 12. og 19. hæð hans þegar eldurinn kviknaði.
 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðbúnaður á Smáratorgi: Rýmdu Turninn vegna eldsvoða í viðbyggingu

ELDSVOÐI Mikill viðbúnaður var í gærkvöldi hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins þegar reyk lagði frá hliðarbyggingu Turnsins á Smáratorgi í Kópavogi.

Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu var Turninn rýmdur en fólk var bæði á veitingastaðnum á 19. hæð turnins sem og í líkamsræktarstöðinni World Class sem er á 12. hæð.

Reykkaðar fundu upptök eldsins á annarri hæð, fyrir ofan leikfangaverslunina Toys 'R Us, þegar klukkan var níu mínútur gengin í ellefu og hófust handa við að ráða niðurlögum hans. Svo virtist sem kviknað hefði í brettum og spýtnadrasli.

Þannig var staðan þegar Fréttablaðið fór í prentun. Ekki var unnt að segja til um upptök eldsins á því stigi.

- gar

Ólympíueldurinn fluttur í skjóli nærur til San Francisco:

Ryskingar fylgdu ólympíukyndlinum

BANDARÍKIN Til ryskinga kom milli stuðningsmanna Kína og stuðningsmanna Tíbet þegar ólympíueldurinn kom til San Francisco í gær. Þúsundir manna höfðu safnast saman meðfram leiðinni þar sem hlaupa átti með kyndilinn.

Hlaupararnir þurftu að kljást við fleiri hópa en þá sem styðja málstað Tíbeta, því á staðinn voru mættir hópar sem notuðu tækifærið til ýmiss konar mótmæla. Þar á meðal voru nektarsinnar sem vilja að ólympíuleikarnir verði haldnir án fata eins og tíðkaðist í Grikklandi til forna.

Ólympíueldurinn var fluttur frá París til San Francisco með óvenju mikilli leynd. Flugvélin, sem flutti logann, lenti í skjóli nærur og öryggisgæslan minnti helst á það sem þekkest þegar þjóðarleiðtogar koma í heimsókn.

Hvarvetna þar sem eldurinn hefur komið hafa mótmælendur mætt á svæðið og látið á sér bera, allt frá því kveikt var á kyndlinum í Grikklandi 25. mars síðastliðinn.


Í París þurfti að slökkva nokkrum sinnum á kyndlinum á mánudaginn og hluta af leiðinni var



HÖRD MÓTMÆLI Lögreglan fylgdist með mótmælendum í San Francisco í gær þegar hlaupið var með ólympíueldinn um borgina. Kyndilsins var vandlega gætt enda hafa verið gerðar þó nokkrar tilraunir til að slökkva á honum síðustu daga.
 NORDICPHOTOS/AFP

hann fluttur í bifreið. Daginn áður átti lögreglan í London fullt í fangi með að halda mótmælendum í skefjum.

- gb



HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu
Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

SPURNING DAGSINS



Kristófer, ertu ekki í stuði?

„Ég er í miklu stuði, en með lágum straumi.“

Kristófer Helgason, útvarpsmaður á Bylgjunni, flytur inn rafbyssur fyrir lögreglu. Til að læra á rafbyssur fór hann á námskeið í Bandaríkjunum þar sem hann var skotin með rafbyssu til að þekkja virkni hennar.

Tóku málgögn úr Pólstjörnumálinu og tölvu af íslensku vitni:

Lögregluleit í klefa Guðbjarna

DÓMSMÁL Færeyska lögreglan gerði ítarlega leit í fyrrinótt í fangaklefa sem Guðbjarni Traustason Pólstjörnumálinu dvaldi í í Færeyjum, meðan hann bar vitni í máli Íslendingingsins sem nú er fyrir dómi vegna sama máls. Einangrunarvist yfir íslenska manninum var aflétt síðdegis í gær, en hann er enn í gæsluvarðhaldi þar til dómur hefur gengið í málinu.

Ástæða leitarinnar var sú að grunur vaknaði um að Guðbjarni væri með gögn úr Pólstjörnumálinu meðferðis, þar á meðal gögn sem send höfðu verið frá lögreglunni í Færeyjum til starfsbræðra hér á landi vegna rannsóknar málsins. Í Færeyjum er ekki heim-



FÆREYJAR Ungi Íslendingurinn var leystur úr einangrun síðdegis í gær.

ilt að sakborningur né vitni hafi slík gögn undir höndum, einungis verjandi sakbornings meðan á

rannsókn og málflytningi stendur. Lögregla spurði Guðbjarna í fyrrkvöld hvort hann væri með umrædd gögn undir höndum. Þegar hann gaf ekki út á það var ákveðið að leita í klefa hans. Hann var svo kallaður fyrir dóm aftur í gærmorgun, eftir að gögnin fundust. Fyrir hans til Íslands seinkaði af þeim sökum. Saksóknari ítrekaði við Guðbjarna og færeyska kvíddóminn að hann hefði ekki aðhafst neitt saknæmt með þessu, því enginn hefði sagt honum að varsla skjalanna væri óheimil ytra.

Í klefa hans fannst einnig tölva, sem hann hafði ekki fengið leyfi fyrir.

- jss

Óperuhús í Kópavogi:

Engin tillaga þótti nógu góð

KÓPAVOGUR Engin tillaga sem barst inn í samkeppni um hönnun óperuhúss í Kópavogi uppfyllti markmið keppinnar nægjanlega vel, að mati dómnefndar. Tvær tillögur af þremur þóttu bjóða upp á áhugaverðar lausnir sem með áframhaldandi vinnu gætu fullnægt kröfum keppinnar, og verður því haldin framhalds-keppni sem mun ljúka innan tveggja mánaða.

Arkitektastofurnar tvær sem taka þátt í framhaldskeppninni eru ALARK arkitektar og Arkþingi ehf. Formaður dómnefndar er Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.

- kg

Páll Lýðsson látinn

Páll Lýðsson, sagnfræðingur og bóndi, lést í fyrradag af slysförum. Hann var 71 árs að aldri.

Páll fæddist í Litlu-Sandvík í Flóa 7. október 1936. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni árið 1956 og BA-prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959. Hann var afkastamikill sagnfræðingur og skrifaði fjölda bóka.

Páll lætur eftir sig eigin konu, Elínborgu Guðmundsdóttur. Þau eignuðust fjögur börn.



ÁHÖFN BORSINS Borstjórinn Li Er Bao er hér þriðji frá vinstri ásamt áhöfn sinni á risabornum.

MYND/ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON

Í gegn í Jökulsárgöngum: Síðasti risaborinn stöðvaður

KÁRAHNÚKAR Síðasti risaborinn, sem notaður hefur verið við heilborun aðrennslisganga við Kárahnjúkavirkjun, var stöðvaður í gær eftir að hann braust í gegnum síðasta haftið.

Rétt ár er frá því borinn tók að snúast í Jökulsárgöngum, þrettán kílómetra hliðargöngum sem tengja Jökulsá á Fljótssdal við aðalgöngin frá Háslóni og Jökulsá á Dal. V Að sögn Sigurðar Arnalds, talsmanns Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar kom borinn í gegn á nákvæmlega réttum stað rétt fyrir tólf á hádegi í gær. „Síðan verður borinn tekinn í sundur, fluttur á Reyðarfjörð og ekki annað vitað en hann fari úr landi,“ segir Sigurður. Gert er ráð fyrir að vatni verði hleypt á göngin um mitt sumar.

- ovd

Gistiskýli fyrir heimilislausa: Plássum fjölgað um fjögur

FÉLAGSMÁL Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í dag að bæta við fjórum gistiplássum í Gistiskýlinu. Gistiskýlið er ætlað heimilislausu fólki sem hvergi á höfði sínu að halla. Í skýlinu er nú pláss fyrir sextán einstaklinga.

Undanfarið hefur þurft að vísa einstaklingum frá vegna plássleysis og hefur því verið ákveðið að fjölga gistiplássum um fjögur til að leysa brýnasta vandann.

- shá

Björgvin segir engil hafa verndað Svölu

Svala Björgvinsdóttir og Einar Egilsson unnusti hennar úr hljómsveitinni Steed Lord fengu innvortis áverka í bílslysi í gær. Ökumaður annars bíls slasaðist töluvert. Björgvin Halldórsson, faðir Svölu, gagnrýnir frágang Reykjanesbrautar.

UMFERÐ „Það hefur verið einhver verndarengill með þeim en hann hefur því miður ekki verið alltaf með fólki,“ segir Björgvin Halldórsson, faðir söngkonunnar Svölu sem slasaðist ásamt fimm öðrum í hörðum árekstri í gær.

Svala og aðrir meðlimir Steed Lord enduðu á slysaeld eftir að bíll rafhljómsveitarinnar lenti í árekstri við annan fólksbíl á Reykjanesbraut á móts við afleggjarann að Vogum um klukkan hálf-sjö í gærmorgun. Með í för var sjónvarpsupptökstjórnin Egill Eðvarðsson sem er faðir þriggja bræðra sem eru í hljómsveitinni.

Bíll fimmmenningana lenti harkalega inn í hlið bíls sem snerist skyndilega á veginum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum er talið að ökumaðurinn hafi misst stjórn á honum vegna hálfu og krupa sem var á veginum. Allir sex sem voru í bílnum voru fluttir á sjúkrahús. Þau munu öll hafa verið í bílbeltum.

Svala og unnusti hennar, Einar Egilsson, voru enn í gærkvöld á gjörgæsludeild Landspítalans auk



Á SLYSSTAÐ Eins og sést var áreksturinn harður og aðstæður slæmar.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



BJÖRGVIN, SVALA OG EINAR Svala Björgvinsdóttir ásamt unnusta sínum Einari Egilssyni og föður sínum Björgvini Halldórssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

ökumanns hins bílsins. Svala mun vera með marða lifur og brotin rifbein. Einar gekkst undir aðgerðir í gær vegna innvortis blæðinga.

„Það eru æðislegir fagmenn sem annast þau,“ segir Björgvin um þá umönnun sem Svölu og félögum var veitt á Landspítalanum í gær. Steed Lord var að fara til Keflavíkurflugvallar á leið til tónleikahalds á erlendri grundu.

Truflanir hafa verið um langa hríð á umferð vegna framkvæmda á Reykjanesbraut. Eftir slysið í gær tilkynnti Vegagerðin um að þar yrði aukið við merkingar sem aðskilja akreinar í gagnstæðar

áttir. Björgvin segir ekki nóg að hlaupið sé til núna til að bæta merkingar.

„Það fór betur en á horfðist í þetta skipti en þeir þurfa að fá að finna til tevatnsins þessir menn sem bera ábyrgð á þessu. Ástandið er búið að vera svona í allan vetur – eins og hann er nú búinn að vera – og hvert slysið hefur rekið annað,“ segir Björgvin sem vill að strax verði brugðist við.

„Ég veit ekki hvað þarf að gera en það þarf að drífa í þessu. Sjálfur hef ég keyrt þetta oft og veit stundum ekki hvort ég er úti í hrauni eða á veginum.“

gar@frettabladid.is

Þingkosningar fóru fram í Suður-Kóreu í gær:

Hægrimmenn lýsa yfir sigri

SUÐUR-KÓREA, AP Hægrimmenn í Suður-Kóreu lýstu yfir sigri í þingkosningum sem fram fóru í landinu í gær. Forsvarsmenn Stóra þjóðarflokksins, flokks Lees Myung-bak forseta, sögðu flokkinn hafa náð hreinum þingmeirihluta og þar með fengið ótvírætt umboð til að hrinda umbótastefnu sinni í framkvæmd.

Lee, sem er fyrrverandi borgarstjóri Seúl og forstjóri hjá Hyundai, var kjörinn í embætti með miklum meirihluta atkvæða í febrúar síðastliðinn, en bæði sigur hans í forsetakosningum og flokks hans nú í þingkosningum er álitid endurspegla hve miklar vonir kjósendur binda við að Lee sé fær um að snúa gangi efnahagslífsins til betri vegar og að bjóða kommúnistastjórninni í Norður-Kóreu birginn.

Samkvæmt spá ríkissjónvarpsstöðvarinnar KBS byggðri á útgöngukönnunum og tölum úr talningu á drjúgum hluta atkvæða fær flokkur Lees 152 af 299 þingsætum, en það mun gera honum auðveldara um vik að koma í gegn lögum sem ætlað er að gera stjórnsýsluna skilvirkari og fækka reglum og álögum sem íþyngja viðskiptalífni.

- aa



FYLGST MEÐ Vegfarendur í jarðlest í Seúl fylgjast með kosningasjónvarpi í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VINSÆL Myndband Mercedes Club komst í áttunda sæti á YouTube.

Mercedes Club á YouTube:

Meira frelsi í áttunda sæti

TÓNLIST Tónlistarmyndband við nýjasta lag hljómsveitarinnar Mercedes Club komst alla leið upp í áttunda sæti yfir mest skoðuðu tónlistarmyndaöndin á hinni vinsælu netsíðu YouTube í gærkvöldi.

Myndbandið, sem er við lagið Meira frelsi, sýnir meðlimi Mercedes Club setja sig í stellingar títi á lífinu. Það var frumsýnt með pompi og pragt í Laugarásbíói síðastliðin mánu dagskvöld og rataði inn á YouTube í fyrradag. Í gærkvöldi höfðu hátt í 35.000 manns horft á myndbandið á YouTube.com.

- kg

Efnahagsbrotadeild:

Starfsmönnum fækkað um þrjá

LÖGREGLUMÁL Starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eru nú fjórtán en voru suttján í byrjun þessa árs. Guðmundur Guðjónsson hjá ríkislögreglustjóra staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær.

Hann segir í tölvubréfi til Fréttablaðsins að starfsemi embættis ríkislögreglustjóra tæki breytingum eftir verkefnaþörfum á hverjum tíma og staðan væri þessi nú. Starfsmenn greiningardeildarinnar eru fjórir nú en voru sex í byrjun ársins.

Helgi Magnússon Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, hefur margsinnis talað fyrir því opinberlega að brýn þörf væri á því að fjölga starfsmönnum í deildinni mikið. Ekki náðist í hann í gær.

- mh

Stefna menntamálaráðherra:

Haustfrumvarp um fjölmiðlana

STJÓRNMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra stefnir að því að nýtt frumvarp um fjölmiðla verði fullbúið á Alþingi í haust. Þetta kemur fram í máli Karls Axelssonar hæstaréttarlögmanns sem flytur í dag erindi á málþingi um nýja sjónvarpstilskipun frá EES.

Karl mun þar skýra frá því að við vinnslu frumvarpsins „verði eftir föngum tryggt að nægilegt samráð verði haft við hagsmunaaðila í greininni sem og aðra þá sem um fjölmiðlamál véla,“ eins og segir í kynningu Karls. Segir hann að velja eigi „það besta“ úr tillögum þverpólitískrar nefndar sem skilaði skýrslu í apríl 2005.

- gar

FASTEIGNASÝNING HÚSNÆÐISKAUP ERLENDIS

Í fyrsta sinn á Íslandi,
ein stærsta fasteignasýning
á norðurlöndunum.
Söluaðilar frá fjölmörgum
löndum, sýna yfir 1000
nýjar og notaðar eignir
sem eru til sölu
víðsvegar um heiminn.
Um er að ræða íbúðir,
raðhús og einbýli.
Einnig fasteignir
til fjárfestingar.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind og gerðu draum þinn um heimili
í sól og hita að veruleika.

Verið velkomin

Framkvæmdaraðili: Fair Media International
www.fairmedia.info

BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

Sýningin fer fram
í Vetrargarðinum í Smáralind.

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,83	72,17
Sterlingspund	141,4	142,08
Evra	112,85	113,49
Dönsk króna	15,126	15,214
Norsk króna	14,195	14,279
Sænsk króna	12,055	12,125
Japanskt jen	0,6998	0,7038

SDR	117,27	117,97
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	145,221	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



BÍLINN Ökurmaðurinn missti stjórn á bílnum og lenti á tveimur ljósastaurum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Prír slasaðir í bílveltu: Veltu bíl á Borgarbraut

LÖGREGLUMÁL Þrír voru fluttir á slyshadeild með sjúkrabíl eftir bílveltu á Borgarbraut á Akureyri laust eftir hádegi í gær.

Áð sögn lögreglu missti ökurmaður stjórn á bílnum, lenti utan í tveimur ljósastaurum og velti svo bílnum á grjóthleðslu í vegkanti. Þrír voru í bílnum, en tveir þeirra köstuðust út við veltuna. Beita þurfti klippum til að ná þeim þriðja út.

Áð sögn lögreglu sluppu þeir slösuðu betur en á horfðist í fyrstu. -sgj

Nýtt varðskip: Smíði skipsins hafin í Chile

ÖRYGGISMÁL Vinna við smíði nýs fjölnota varðskips fyrir Landhelgisgæsluna gengur vel í ASMAR-skipasmíðastöðinni í Talcahuano í Chile. Nýverið var kjölur lagður að skipinu við hátíðlega athöfn. Viðstaddir voru Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, ásamt starfsfólki. Fundað var vegna smíði skipsins þar sem farið var yfir gang og skipulag smíðarinnar.

Áætlað er að sjósetning verði í lok þessa árs og að skipið verði afhent fyrir árslok 2009. -shá

Sérfræðingur og eigandi sögufrægs hús í Þinghóltsstræti segja stækkun þess í höndum færustu fagmanna:

Friðun útilokar ekki viðbyggingu við Esjuberg

SKIPULAGSMÁL „Arkitektarnir hjá Argos eru okkar færustu fagmenn á þessu sviði þannig að ég er viss um að í þeirra höndum verður þetta verkefni leyst eins vel og kostur er,“ segir Pétur Ármannson arkitekt um fyrirhugaða viðbyggingu við hið sögufræga hús á Þinghóltsstræti 29a.

Pétur, sem er þekktur sérfræðingur um byggingarsögu Reykjavíkur, segir mörg fordæmi fyrir því að byggt sé við friðuð hús eins og Þinghóltsstræti 29a sé.

„Friðun útilokar hvorki breytingar né viðbyggingar en það er náttúrulega gerð krafa um að slíkt sé gert í mjög háum gæðaflokki og af smekkvísi og tillitssemi við bygginguna sem fyrir er,“ segir Pétur.

Fjárfestirinn Ingunn Wernersdóttir í Inn fjárfestingu er eigandi hússins, sem byggt var 1916. Hún segir arkitektana í Argos vera mjög

færa og hafa endurgert mörg gömul hús á Íslandi.

„Leitast er við að nýbyggingin, sem verður bílskúr, stílagangur, geymslur og þess háttar verði algjörlega í anda gamla hússins og upphefji virðingu þess,“ segir Ingunn sem aðspurð kveðst ekki eiga von á athugasemdum frá nágrönnum sínum enda verði framfylgt öllum reglum hvað varðar stærð og fjarlægð frá lóðamörkum.

Ingunn segir vinnu við endurbætur á gamla húsinu í fullum gangi. „Nú er verið að háþrýsti-þvo húsið að utan og verið að lagfæra og yfirfara alla glugga.“ -gar

ÞINGHÓLTSSTRÆTI 29A Byggja á við norður-gafl hússins vinstra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/



Bílapvottur truflar verslun í Bæjarlind

Gríðarleg röð við bílapvottastöðina Löður í Kópavogi truflar umferð um nálæg- ar götur, veldur slyshættu og dregur úr verslun á svæðinu, segir heildsali í Bæj- arlind sem biður Gunnar I. Birgisson bæjarstjóra að taka málið í sínar hendur.

UMFERÐ Verslunareigendur í Linda- hverfi vilja að bæjaryfirvöld í Kópavogi komi í veg fyrir að götur að hverfinu lokist vegna mikillar aðsóknar að bílapvottastöðinni Löðri.

„Þetta er algert ófremdar- ástand. Oft nær bílaröðin frá Löðri upp á næsta horn og stundum alla leið niður á hringtorgið við Fífu- hvammsveg,“ segir Valur Heiðar Sævarsson, heildsali og verslun- areigandi í Bæjarlind 16. Valur hefur skrifað Gunnari I. Birgis- syni bréf með ósk um að bæjar- stjórnin taki málið í sínar hendur.



RÓBERT REYNISSON

„Hér er bara ein akrein í hvora átt svo þessi gríðarlega bílaröð eyði- leggur fyrir okkur viðskipti því margir segi- ast einfaldlega ekki treysta sér til að aka á móti umferðinni til að komast til okkar. Auk þess skapar þetta mikla slyshættu, sérstaklega þegar röðin nær alla leið á hringtorgið og öku- menn freistast til að aka öfugan hring til að komast leiðar sinnar. Ég hef sjálfur séð óhapp verða þar við slíkar kringumstæður,“ segir Valur sem kveður marga aðra verslunareigendur í nágrenninu einnig vera ósátta við stöðu mála.

Valur hefur bæði leitað ásjár lögreglunnar og hjá skipulagsyf- irvöldum í Kópavogi. „Lögreglan hefur komið og sagt bílstjórum að leysa upp röðina en það fer strax í sama farið. Þess utan segir lögreglan þetta ekki vera sitt mál og vísar á bæjar- skipulagið í Kópavogi. Þar á bæ vísa menn hins vegar á lögreglu- na,“ segir Valur.

Róbert Reynisson, fram- kvæmdastjóri Löðurs, viðurkenn- ir að vandræðaástand hafi stund- um skapast vegna mikillar aðsóknar.

„Þetta var sérstaklega mikið núna í mars þegar það komu marg- ir góðir þvottadagar. Það er erfitt fyrir okkur að stjórna þessu en við höfum reynt að biðja bílstjórana að aka út í kant á meðan þeir bíða,“ segir Róbert og bendir á að enn



VALUR HEIÐAR SÆVARSSON Heildsali og verslunarmaður í Bæjarlind segir mikla bílaröð við þvottastöðina Löður skapa slyshættu og trufla viðskipti á svæðinu. Framkvæmdastjóri Löðurs segist vilja ræða við bæjaryfirvöld um lausnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

meira öngþveiti skapast þegar verslanir í Smáralind eru með útsölu.

Áð sögn Róberts stendur til af hálfu Löðurs að ræða við Kópa- vogsbæ um breytingar svo laga megi aðkomuna að þvottastöðinni. „Hluti af þessu máli er líka að margar þvottastöðvar í Reykjavík hafa lokað. Sjálfir ætlum við að opna stóra stöð úti á Fiskislóð. Það mun líklega létta álaginu af stöð- inni í Bæjarlind.“

Bæjarráð hefur vísað erindi Vals Heiðars Sævarssonar til umsagnar hjá sviðsstjóra fram- kvæmda- og tæknisviðs. gar@frettabladid.is

Petraeus herforingi í Írak: Biður ekki um fleiri hermenn

BANDARÍKIN, AP David Petraeus, æðsti yfirmaður bandaríska heraflans í Írak, segir ólíklegt að hann fari fram á að hermönnum þar verði fjölgað á ný, jafnvel þótt svo fari að öryggisástandið versni eftir að viðbótarherafl- inn, sem sendur var þangað á síðasta ári, snýr aftur heim á næstu mánuð- um.



DAVID PETRAEUS

„Það væri fjarri mér að hugsa þannig,“ sagði Petraeus í yfirheyrslu hjá bandarískri þingnefnd, og taldi að bandaríski landherinn ætti erfitt með að standa undir því að senda fleiri hermenn til landsins. Frekar verði reynt að færa bandaríska hermenn til innan Íraks eftir því sem ástandið krefst, og svo verði reynt að treysta frekar á hersveit- ir heimamanna, sem séu að styrkjast og batna. -gb

Líkamsárás við Rex: Dyravörður beit bargest í eyrað

DÓMSMÁL Dyravörður á skemmti- staðnum Rex í Austurstræti var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða sekt, sjúkrakostnað og miskabætur vegna líkamsárásar 4. nóvember árið 2006.

Dyravörðurinn hafði beðið gest skemmtistaðarins um að taka niður húfu. Þegar gesturinn mótmælti tók dyravörðurinn í hann, kýldi hann og beit hann í vinstra eyra og kinn. Dómurinn féllst ekki á að þessi harkalegu viðbrögð hafi verið nauðsynleg.

Dyravörðurinn þarf alls að greiða rúmar 600 þúsund krónur vegna málsins. -sgj

Vantar þig samband við trésmið í einum grænum?

já er svarið

118 ja.is Símaskráin

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HELGARVEÐRIÐ Veðurhorfurnar um helgina eru farnar að taka á sig nokkuð skýra mynd. Á laugardag verða norðaust- lægar áttir, 5-10 m/s víðast hvar. Bjart með köflum syðra og á landinu vestanverðu en stöku el norðan til og austan. Á sunnudag má hins vegar búast við vætu vestan til annars þurrt.

Á MORGUN 8-15 m/s en hægari SV-til

LAUGARDAGUR 5-10 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	9°
Billund	11°
Ósló	6°
Stokkhólmur	6°
Gautaborg	9°
London	13°
París	13°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	15°
Berlín	5°
Alicante	23°
Mallorca	20°
Basel	15°
Eindhoven	12°
Las Palmas	21°
New York	22°
Orlando	28°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Garða- ráðgjöf

Landslagsarkitekt veitir nú ráðgjöf í verslunum Húsasmiðjunnar.

Hringdu í síma 525 3000 og bókaðu tíma sem hentar þér. Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða kr. 5.900 að 30 mínútna ráðgjöf lokinni en sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.


Gott er að hafa meðferðis allar helstu upplýsingar um lóðina, afstöðumynd sem sýnir stöðu hússins á lóðinni og ljósmyndir, ásamt teikningum í hlutföllunum 1:100.

Apríl:


Fim 10.	Súðarvogur	16:00 - 18:00
Lau 12.	Súðarvogur	09:00 - 14:00
Fim 17.	Skútuvegur	16:00 - 18:00
Lau 19.	Skútuvegur	09:00 - 16:00
Mið 30.	Skútuvegur	16:00 - 18:00

Maí:

Lau 3.	Borgarnes	10:00 - 16:00
Fim 8.	Súðarvogur	16:00 - 18:00
Lau 10.	Selfoss	09:00 - 16:00
Fim 15.	Grafarholt	16:00 - 18:00
Lau 17.	Akureyri	10:00 - 16:00
Fim 22.	Súðarvogur	16:00 - 18:00
Lau 24.	Grafarholt	09:00 - 16:00




ALLT FYRIR PALLINN Á EINUM STAÐ



Skjólgirðing, Vilnius
180x80/95 sm
603300

3.390



Skjólgirðing, Vilnius
180x80 sm
603290


3.290



Gagnvarin fura

Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm 0.9 - 4.5 m 621601	28 x 95 mm 0.9 - 4.5 m 628601	98 x 98 mm 698600
139 kr/m	199 kr/m	499 kr/m



Skjólgirðing, Skandik
180x180 sm
603150


13.900



Lerki

Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm 721600	219 kr/m	28 x 95 mm 728600	269 kr/m
----------------------	-----------------	----------------------	-----------------



Skjólgirðing, Skandik
180x180 sm
603205

13.900



Girðingastaur fúavarinn
Þvermál 50mm, lengd 120 sm
600002

169 kr/stk

Þvermál 50mm, lengd 150 sm
600004

199 kr/stk

Þvermál 70mm, lengd 180 sm
600008

369 kr/stk

VERTU TIL
VORID
KALLAR



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



Munu pálmatré skjóta rótum á Íslandi á okkar tímum?

JÁ	15,7%
NEI	84,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga Íslendingar að sniðganga Ólympíuleikana í Peking?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Læknir bendir á að auðveldar leiðir til sparnaðar leynist víða öllum til hagsbóta:

Sparaði sjúkum óþægindi og aura

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er á móti flötum sparnaði. Ég vil heldur að fólkið á gólfinu sé virkjað til að sjá út lausnir sem leiða til meiri nýtingu og minni fjárútláta,“ segir Gunnar Skúli Ármannsson, sérfræðingur á svæfingar- og gjörgæsludeild Landspítalans. Sjálfur hefur Gunnar sparað Landspítalanum rúmar sjö milljónir síðustu fimm ár með einföldum breytingum sem sjúklingar og starfsmenn kunna vel að meta.



GUNNAR SKÚLI ÁRMANNSSON Telur að hentugustu leiðirnar til sparnaðar leynist í að virkja starfsfólkið sjálft til að finna lausnir sem geti nýst öllum vel.

„Þegar ég kom frá Svíþjóð árið 1999 var einhverra hluta vegna komin upp sú hefð á spítalanum að tveir parkódin-stílar voru settir upp í endaparm allra fullorðinna

sjúklinga sem skornir voru þar upp,“ segir Gunnar sem velti því

fyrir sér hvers vegna þetta væri gert bæði vegna þeirra óþæginda sem stúllainngjöfin gat valdið sjúklingum og starfsfólki auk þess sem hann taldi mörg önnur lyf heppilegri fyrir sjúklinga.

Fyrir fimm árum kom hann því svo til leiðar að nú fá þeir sem fara í aðgerð á spítalanum tvær töflur af panódíl. Bendir hann á að ef miðað sé við að 12.000 sjúklingar fái tvo parkódin-stíla kosti það ríkið yfir árið 1.413.600 krónur á ári en fái þeir allir tvær panódíl sé kostnaðurinn vegna þess 41.280 krónur á ári. Með breytingunni sparist því 1,3 milljónir króna árlega án nokkurrá óþæginda, þvert á móti. - kdk

Prengt að reykingum í Kína:

Reykingabann sett í skólum

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hyggjast banna reykingar í skólum. Ráðstöfunin er liður í viðleitni Kínastjórnar til að draga úr reykingum í landinu fyrir Ólympíuleikana í Peking í sumar, að því er kínverskir ríkisfjölmiðlar greindu frá. Bannið á að taka gildi á alþjóðlega reyklausa deginum 31. maí.

Nýlega tilkynnti kínverska heilbrigðisráðuneytið bann við reykingum á flestum opinberum stöðum í Peking. Það bann á að taka gildi 1. maí.

Um 350 milljónir Kínverja reykja, sem er þriðjungur allra reykingamanna heims. - aa

Kaupþing lokar á Flúðum: Íbúar mótmæla lokun bankans

SVEITARSTJÓRNIR Miklar áhyggjur eru hjá mönnum í Hrunamannahreppi vegna lokunar útibús Kaupþings á Flúðum og óvissu með pósthjónustu.



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON

„Það er gríðarleg eftirsjá í bankanum og fólk almennt mjög ósátt við framvindu málsins,“ segir Ísólfr Gylfi Pálmason, sýslumaður Hrunamannahrepps þar sem kemur fram að sveitarstjórnin og oddvitinn hafi rætt við alla útibússtjóra bankanna á Selfossi. „Við sættum okkur illa við að missa þessar þjónustustofnanir,“ segir Ísólfr á heimasíðunni og lesendum bent á mótmælalista í versluninni Strax og á skrifstofu hreppsins. - gar

Kosningar í Afganistan: Verða haldnar í tvennu lagi

AFGANISTAN, AP Kjörstjórn í Afganistan hefur ákveðið að sameina ekki forseta- og þingkosningar, heldur halda þær í tvennu lagi á næstu tveimur árum þrátt fyrir að því fylgi mikill kostnaður.

Lagt hafði verið til að sameina kosningarnar í sparnaðarskyni. Síðast voru haldnar forsetakosningar í Afganistan árið 2004 og þingkosningar árið 2005, og var alþjóðlegt gjafafé að mestu notað til að standa ströum af því. - gb

DALABYGGÐ

Skoða kræklinga í Kanada

Bergsveinn G. Reynisson hefur fengið 25 þúsund króna styrk frá Dalabyggð vegna ferðar til Kanada á ráðstefnu um kræklingarækt. Bergsveinn hyggur á kræklingarækt við innanverðan Breiðafjörð.

Fá ekki endurgreiðslu vegna talþjálfunar

Faðir fjögurra ára drengs segir nær ómögulegt að uppfylla formkröfur vegna endurgreiðslna fyrir talþjálfun sonar þeirra. Þjálfunin sé drengnum algjör nauðsyn en greiðslur vegna hennar séu að sliga fjármál fjölskyldunnar.

TRYGGINGAMÁL Fjölskyldur sem ætla að fá endurgreiðslur frá Tryggingastofnun vegna talþjálfunar barna sinna þurfa að framfylgja svo ströngum formkröfum um umsókn að nær ómögulegt virðist fyrir þær og talmeinafræðinga að uppfylla þær. Þetta segir Andrés Ævar Grétarsson, faðir drengs á fimmta ári sem fæddist með skarð í vör og góm og hefur því þurft á talþjálfun að halda.

Að sögn Friðriks Rúnars Guðmundssonar, formanns Félags talmennasemjónar og talmeinafræðinga, sögðu flestir talmeinafræðingar sig frá gildandi samningi milli samninganefndar heilbrigðisráðherra fyrir áramót en aðalástæður þess voru óánægja með samskipti við Tryggingastofnun.

Heilbrigðisráðherra lét því útbúa reglugerð um styrki Tryggingastofnunar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Andrés segir að Tryggingastofnun geri hins vegar svo strangar kröfur til umsókna að fjölskyldan hafi engar endurgreiðslur fengið eftir að talmeinafræðingur þeirra sagði sig frá samningnum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. „Við verðum því að greiða um það bil 25 til 30 þúsund krónur á mánuði fyrir talþjálfun sonar okkar. Hann þarf mikið á þessari þjónustu að halda en svo er komið að tilraunir okkar til að barnið okkar eigi sömu möguleika og önnur börn eru að sliga peningamál fjölskyldunnar,“ segir Andrés. Hann útskýrir því næst að meðal þeirra krafna sem gerðar eru til styrkumsókna séu að bæði foreldrar og talmeinafræðingur verði að útfylla plagg sem sýnir fram á



TRYGGINGASTOFNUN „Fólki er samt gert ótrúlega erfitt fyrir og ég dáist að þeim foreldrum sem ná að halda sínu striki í þessu erfiða kerfi,“ segir Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur um þá erfiðleika sem hún segir mæta foreldrum hjá Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

NÖKKVI PÁLL Nökkvi fæddist með skarð í vör og góm. Hann hefur gengist undir fjölda aðgerða vegna þessa en þarf á meðferð talmeinafræðings að halda. Faðir Nökkva segir fjölskylduna ekki hafa fengið endurgreiðslur frá Tryggingastofnun og nú sé svo komið að greiðslunar séu að sliga peningamál fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



komu barnsins í tíma og hvenær það fer út. Ekki megi skeika mínútu í útfyllingunum og því treysti talmeinafræðingur þeirra sér ekki til að skrifa undir þessar tímalengdir eða fara eftir bókunartímum þar sem oft séu börn kölluð aðeins á undan inn í bókaðan tíma eða aðeins á eftir.

Þá segir Friðrik Rúnar að þessar ströngu kröfur hafi gert það að verkum að mörgum talmeinafræðingum finnst sem þeim sé sýnt það mikið vantraust að þeir hafi ekki

vilja til að ganga að þessum skilyrðum Tryggingastofnunar.

Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur segir að hennar reynsla sé sú að nægilegt sé að skrifa undir bókunartíma barnsins til að foreldrar fái endurgreiðslu að hluta fyrir meðferð barnsins, séu öll önnur atriði sem kveðið er á um innan reglugerðarinnar í lagi. „Fólki er samt gert ótrúlega erfitt fyrir og ég dáist að þeim foreldrum sem ná að halda sínu striki í þessu erfiða kerfi,“ segir hún. karen@frettabladid.is

Vissir þú að ...

Ljósmaður er elsta launaða kvennastétt á Íslandi.

Mæðraskoðun hjá ljósmóður er að meðaltali 11 sinnum á meðgöngu.

Á flestum fæðingastöðum á Íslandi geta konur fætt í vatni.

Fjöldi heimafræðinga var tæplega 70 á síðasta ári.

Við tökum vel á móti þér



www.ljosmodir.is

Framsóknarmenn vilja að stjórnvöld berjast fyrir auknum losunarheimildum:

Samningsmarkmið Íslands enn óljós

ALÞINGI Enn er óljóst hvort stjórnvöld sækist eftir sérstöku íslensku ákvæði í samningaviðræðum um næsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar.

Málið var rætt utan dagskrár á Alþingi í gær og reyndu þingmenn að krefja Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra svara. Hún lét ekkert uppi um hugsanlegar sérkröfur og sagði ekkert ríki hafa enn lagt fram formlegar tillögur með tölulegum skuldbindingum. Þórunn sagði Ísland meðal annars vilja skoða endurheimt votlendis sem viðurkennda bindingarleið gróðurhúsalofttegunda og að sértækum aðgerðum verði beitt til að minnka losun frá flugi og siglingum.

Höskuldur Þór Þórhallsson, Framsóknarflokki, var málshefjandi og sagði hann afskaplega mikilvægt að Ísland fái undanþágu frá endanlegum samningi. Það varðaði bæði fjárhagslega og umhverfislega hagsmuni.

Flokksbróðir hans, Samúel Örn Erlingsson, gekk lengra og sagði mikilvægt að sótt yrði um eins mikla losunarkvóta og hægt væri. „Ég hvet ráðherrann til að berjast fyrir auknum losunarheimildum með kjafti og klóm,“ sagði Samúel.



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR Enn er óljóst hvort stjórnvöld sækist eftir sérstöku íslensku ákvæði í samningaviðræðum um næsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sjö samningafundir eru boðaðar í ár og á næsta ári áður en endanlega verður gengið frá samkomulagi um næsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar í Kaupmannahöfn í lok næsta árs. - bjps



Að bjarga mannslífum er eins og að drekka vatn



DREKKUM VATN OG BJÖRGUM MANNSLÍFUM

4. til 13. apríl

Pú getur lagt þitt af mörkum og fengið nánari upplýsingar á heimasíðunni
www.vatnsvika.is

Daglega deyja um 6000 börn vegna skorts á heilnæmu drykkjarvatni. 1 milljarður manna hefur engan eða takmarkaðan aðgang að hreinu vatni.

UNICEF á Íslandi stendur fyrir fjársöfnun til vatnsverkefna UNICEF um allan heim. Þér gefst kostur á að styrkja þetta málefni með því að greiða **250 kr.** fyrir glas af hollu og góðu ferskvatni á mörgum veitingastöðum í Vatnsvíku UNICEF.

Þátttakendur í Vatnsvíku:

Brasserie Grand	Ó restaurant
Domo	Perlan
Einar Ben	Silfur
Fiskmarkaðurinn	Sjávarkjallarinn
Gullfoss	Víð Tjörnina
Grillið	Víð fjöruborðið
Hótel Holt	VOX
La Primavera	



Stoltur
stuðningsaðili
Vatnsvíku UNICEF

VEISTU SVARIÐ?



1. Fyrir hvaða fræga leikskáld léku þau Unnur Ösp og Björn Thors í Bretlandi á dögnum?
2. Framkvæmdir við hvaða jarðgöng hefjast í sumar?
3. Hvaða tónlistarmaður fékk nýverið Pulitzer-verðlaunin?

SVÖR Á Síðu 58

31 árs karlmaður hlaut í gær níu mánaða dóm fyrir vörslu ýmissa eiturfylfja:

Ítrekað gripinn með fíkniefni

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri var í gær dæmdur í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa ítrekað verið tekinn með fíkniefni í vörslu sinni. Hálfu ári af refsingunni er frestað, haldi hann skilorð í þrjú ár. Hann var einnig sviptur ökuleyfi í tvö ár.

Maðurinn var fyrst gripinn 10. október síðastliðinn, þá með lítilræði af hassi og amfetamíni í fórum sínum. Daginn eftir var hann aftur tekinn, þá með tæp 250 grömm af hassi, 19 grömm af amfetamíni, tæpt gramm af kókaíni, tæp 10 grömm af kannabislaufum og tíu kannabisplöntur.

Premur dögum síðar var maðurinn tekinn á bifreiðastæði í Reykjavík með hass, amfetamín og kannabisefni, grunaður um að hafa ekið bifreið þangað og var sviptur ökurétti. Þremur dögum síðar var hann aftur tekinn, grunaður um akstur undir áhrifum eiturfylfja.

Loks var hann tekinn 18. febrúar síðastliðinn með tæp fjögur grömm af hassi í fórum sínum.

Maðurinn á langan sakaferil að baki síðustu tólf ár.

EITURLYF Hinn dæmdi hafði hlotið fjórtán refsingar frá 1995 til 2005, aðallega fyrir hegningarlaga- og fíkniefnalagabrot.



Landsbankinn styrkir:

Lions söfnun fær milljón

GÓÐGERÐAMÁL Landsbankinn styrkir landssöfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi, Rauðu fjöðrina, um eina milljón króna. Markmiðið með söfnuninni í ár var að safna fé til að kaupa og þjálfa leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta.

Söfnunin stóð yfir dagana 3. til 6. apríl um land allt og var þetta í niunda sinn sem hún var haldin. Fyrsta söfnunin fór fram árið 1972, en þá rann söfnunarfé til stofnunar augnlækninga-deildar Landakots. Síðasta söfnun var árið 2004 til styrktar langveikum börnum.

- sgi

Frjálsslyndi flokkurinn:

Engin lausn í evru eða ESB

STJÓRNMÁL Efnahagsvandinn og fjármálakreppa bankakerfisins verða ekki leyst með aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Tal um slíkt er ábyrgðarlaust. Upptaka annars gjaldmiðils leysi heldur ekki vandann.

Þetta segir í ályktun þingflokks Frjálsslynda flokksins um efnahagsvandann og Evrópusambandið. Jafnframt segir að flokkurinn hafi allan vara á um hugsanlega Evrópusambandsaðild enda ófrávikjanleg afstaða flokksins að Íslendingar fari með forræði fiskistofnanna og fiskveiðilögsögunnar og annarra sameiginlegra auðlinda.

- bps

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fíkniefnafundur í austurbæ

Meint fíkniefni fundust í heimahúsi í austurborg Reykjavíkur klukkan hálf fimm aðfaranótt miðvikudags. Lögregla var kölluð að húsinu til að aðstoða leigubílstjóra vegna farþega. Þegar inn var komið fannst nokkurt magn stera og ótilgreint hvítt efni.

Utanríkismálanefnd fjallaði um málefni Tíbet og um fangabúðir í Guantanamo:

Ræddu um mannréttindabrot

STJÓRNMÁL „Við ræddum stöðu mála í Tíbet vegna hugmynda um hvort það væri tilefni til að utanríkismálanefnd ályktaði eða beindi frá sér tilmælum vegna ástandsins í Tíbet en það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um slíkt,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar, en nefndin fundaði í gær. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sat fund nefndarinnar.

Utanríkismálanefnd fjallaði um stöðu mála í Tíbet en ekki var rædd sú afstaða Ingibjargar Sólrúnar að til greina kæmi að endurskoða að íslenskir ráðamenn mæti til Ólympíuleikanna í Peking í sumar. „Þetta var vinnufundur þar sem farið var yfir þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur aflað sér um ástandið í Tíbet.“

Nefndin fjallaði um þingsályktunartillögu um meint mannréttindabrot í fangabúðum Bandaríkjanna í Guantánamo á Kúbu. Þar er lagt til að íslensk stjórnvöld fordæmi þau og að bandarísk stjórnvöld verði hvött til að fangabúðunum verði lokað. „Í



UTANRÍKISMÁLANEFND Mannréttindabrot í Tíbet og Bandaríkjunum voru til umræðu í nefndinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fyrstu umræðu á þinginu um málið komu fram jákvæðar undirtektir frá þingmönnum úr öllum flokkum og í ljósi þess tókum við málið á dagskrá.“

Hatton Rockall-deilan var einn-

ig á dagskrá fundarins þar sem Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, kynnti nefndarmönnum áherslur stjórnvalda í áframhaldandi samningaviðræðum.

- shá



MÆTTUR TIL SKÝRSLUTÖKU Sturla mætti snemma á lögreglustöðina.

Bílstjóri hjá lögreglu: Í skýrslutöku vegna mótmæla

MÓTMÆLI Lögregla tók skýrslu af Sturla Jónssyni, talsmanni atvinnubílstjóra, í gærmorgun. Kristján Óli Guðmundsson yfirlögregluþjónn staðfestir að það hafi verið vegna meintra brota á almennum hegningarlögum um almannahættu. Það hafi bæði snúist að aðgerðum undafarinna vikna og mögulegum aðgerðum í framtíðinni.

Sturla segist hafa verið tekinn fyrir sem skipuleggjandi mótmæla, en í raun sé ekkert skipulag á þeim. Hann segir menn vera að fíhuga áframhaldandi mótmæli og hvetur fólk til að henga eitthvað rautt á bílspeglana til að sýna bílstjórum samstöðu.

- kóp

umm

UMM ER GLÆNÝR HEILSUBITI ÚR SPENNANDI HRÁEFNI

UMM er spennandi nýjung í matarflóru Íslendinga sem hentar öllum sem hugsa um líkama sinn og vilja borða vel. UMM er bragðsterk veisla frá öllum heimshornum; salöt, tortillur, ávextir, kús kús, orkustykki og ... umm, hvað þetta er gott.



Rýmingarsala
10. - 20. apríl

Vorútsala

Allt að

70%

afsláttur af völdum vörum

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI



MAKINDALEGAR PÖNDUR Pandabirnir fá sér lúr á verndarsvæði þeirra í Wolong í Setsúan-héraði í Suðvestur-Kína. Átta birnir af verndarsvæðinu verða fluttir í dýragarðinn í Peking til að gleðja gesti Ólympíuleikanna í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Puríður Backman VG vill afnám tvennra laga er snúa að Íslenskri erfðagreiningu:

Ríkisábyrgðin verði afnumin

ALPINGI Afnema á annars vegar lög um ríkisábyrgð á láni Íslenskrar erfðagreiningar frá 2002 og hins vegar lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði frá 1998. Hvorug lögin hafa komið til framkvæmda.

Þetta er skoðun Þuríðar Backman, þingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hún hefur sent heilbrigðis- og fjármálaráðherrum fyrirspurnir vegna málanna.

Þuríður tekur fram að í þessu felist engin afstaða til fyrirtækisins en hún telji óþarfa og ábyrgðarleysi að lögin séu virk þar sem þau hafi ekki verið notuð og ekki



ÞURÍÐUR BACKMAN Hún vill afnema lög um ríkisábyrgð á láni Íslenskrar erfðagreiningar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sé útlit fyrir að svo verði.

Hún tekur jafnframt fram að viljinn til afnáms laganna sé háður því að fyrirtækið eigi ekki skaðabótakröfur á hendur ríkinu.

Þuríður er enn fremur andvíg sölu Íslenskrar erfðagreiningar á erfðamengi einstaklinga og innir heilbrigðisráðherra svara um hana. „Ég held að við séum komin á vafasama slóð hvað varðar væntingar fólks. Þegar selt er aðgengi að erfðamengi með tilliti til hugsanlegra sjúkdóma getur það skapað meiri ótta og óróa og fólk getur búið við ímyndaðar eða óraunhæfar væntingar. Við getum hugsað okkur að konur láti fjarlægja brjóst af því þær halda að þær muni fá brjóstakrabbamein,“ segir Þuríður sem óttast líka að tryggingsfélög ásælist upplýsingarnar.

- bps

Málþing í ráðhúsi Ölfuss:

Ræða málefni innflytjenda

FÉLAGSMÁL Málefni innflytjenda á Suðurlandi verða rædd á málþingi Velferðarmálanefndar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Menningarráðs Suðurlands í Ráðhúsi Ölfuss í Þorlákshöfn á föstudaginn.

Fjölmörg erindi verða flutt á málþinginu og má þar nefna erindi Bryndísar Friðgeirsdóttur um aðkomu almennings að málefnum innflytjenda. Sr. Baldur Kristjánsson, sóknarprestur mun og leita svara við hvort Íslendingar þurfi að endurskoða afstöðu sína til innflytjenda. Þá munu stofnanir kynna upplýsingar af ýmsu tagi á upplýsingatorgi.

- ovd

18

Sparakstur með Volkswagen

Horfðu fram á veginn!

Þegar bíl er ekið með sparakstur í huga er mikilvægt að horfa ávallt vel fram á veginn. Taktu eftir öllum ljósum, beygjum og gatnamótum tímanlega til að þú þurfir ekki að hemla. Notaðu heldur hreyfiorku bílsins til að knýja hann sem lengst.



Volkswagen hjálpar þér að fara betur með eldsneytið. Fylgstu með átakinu okkar og lærðu fleiri aðferðir til að spara í akstri.



Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísaftrö • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi



KENRARAR ÞINGA Kennaraping stendur yfir og þar þinga kennarar um málefni sín, meðal annars laun, en mikil óánægja er í þeirra röðum með þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grunnskóla- kennarar með lægstu launin

Félagar Kennarafélags Íslands eru með ríflega 85 þúsund krónum lægri heildarlaun á mánuði en félagar í Bandalagi háskólamanna. Grunnskólakennarar telja laun sín þurfa að hækka um 46 prósent.

KJARAMÁL Kennarar eru með mun lægri laun en háskólamenntaðir félagar í Bandalagi háskólamanna (BHM). Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Capacent vann fyrir Kennarasamband Íslands (KÍ) og kynnt var á fjórða þingi þess sem sett var í gær. Félagar í KÍ eru með ríflega 85 þúsund lægri heildarlaun á mánuði að meðaltali.

Meðaltal grunllauna félaga í KÍ er 280.135 krónur samkvæmt könnuninni, en 343.390 hjá félögum í BHM. Munurinn eykst enn þegar kemur að heildarlaunum sem eru 334.991 að meðaltali hjá félögum KÍ og 420.327 hjá félögum BHM.

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður KÍ, segir könnunina staðfesta það sem kennarar hafi lengi vitað. Vonandi átti fleiri sig á ástandinu með tilkomu skýrslunnar. „Það er ljóst að kennarar eru komnir langt aftur úr samanburðarhópum, jafnvel hjá hinu opinbera. Síðan hafa opinberir starfsmenn dregist aftur úr öðrum,“ segir Elna Katrín.

Framhaldsskólakennarar hafa hæstu launin af félögum KÍ, þeir eru með tæplega 295 þúsund króna grunllaun að meðaltali. Grunnskólakennarar hafa lægstu launin, eða tæplega 242 þúsund krónur. Það sama er upp á teningnum þegar kemur að heildarlaunum. Framhaldsskólakennarar eru hæstir með 406 þúsund krónur að meðaltali og grunnskólakennarar tæplega 289 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali.

Óánægja með laun er mest hjá grunnskólakennurum. Þeir telja

LAUN KENNARA 2008

Grunnlaun kennara

Framhaldsskólakennarar	294.808
Tónlistarskólakennarar	291.772
Leikskólakennarar	261.854
Grunnskólakennarar	242.349

Vinnustundir á viku

Framhaldsskólakennarar	52,2
Grunnskólakennarar	46,4
Tónlistarkennarar	44,4
Leikskólakennarar	42,7

Kennarar heildarlaun

Framhaldsskólakennarar	405.967
Tónlistarkennarar	331.064
Leikskólakennarar	297.237
Grunnskólakennarar	285.921

HEIMILD: CAPACENT GALLUP

að heildarlaun sín þurfi að hækka um 46 prósent til að verða sannaðgjörn, en framhaldsskólakennarar telja sín laun þurfa að hækka um 24 prósent.

Á bak við þessi heildarlaun liggur mismunandi fjöldi vinnustunda. Framhaldsskólakennarar vinna flestar stundir, eða 52,2, en leikskólakennarar færast, 42,7. Athygli vekur að grunnskólakennarar vinna fleiri stundir en bæði tónlistar- og leikskólakennarar, en hafa lægri laun.

Launamunur kynja er ríflega 18 prósent, konum í óhag. Í niðurstöðum er kynbundinn launamunur þó ekki sagður nema fimm prósent, en þá hefur verið tekið tillit til ýmissa breytna, svo sem vinnutíma, fjölda greiddra yfirvinnutíma og aldurs.

Elna Katrín segir að skýrslan verði innlegg í kjarabaráttu kennara.

kolbeinn@fréttablaðið.is



Fagleg og persónuleg þjónusta

Sjúkraliði RV, Jóhanna Runólfssdóttir, leiðbeinir skjólstæðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

Sími: 520 6673
johanna@rv.is
www.rv.is



Við höfum gefið út vandaðan TENA bækling - um úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka. Hafðu samband og við sendum þér eintak.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV/NIQUE GARDOS



FJÓRHJÓLADRIFINN
NISSAN

QASHQAI

QASHQAI FÉKK **HÆSTU EINKUNN Í ÁREKSTRARPRÓFI** EURO-NCAP FRÁ UPPHAFI, EÐA 38 STIG AF 40 MÖGULEGUM. KOMDU Í KAFFI Í DAG OG REYNSLUAKTU FRÁBÆRUM JEPPLINGI.

Fjór hjóladrifinn jepplingur á verði frá:

2.990.000 kr.



Einn vinsælasti jepplingurinn á Íslandi

Þessi nýi fjór hjóladrifni bill frá Nissan hefur svo sannarlega slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum, með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.



ENNEMM / BIA / NM33071



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bilinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar



INGVAR HELGASON



FRUMLEGT FLUGTÆKI Þátttakendur í keppninni „Beans Green Flying Machine“ hendast fram af stökkpalli við höfnina í Sydney í Ástralíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árman Kr. Ólafsson vill fá á hreint hve mikið flutningabílar slíta vegunum: Vill hrekja málflutning truckabílstjóra

ALPINGI Á reiki er hversu mikið meira flutningabíll slítur vegum landsins en fólkabíll. Þess vegna hefur Árman Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, óskað eftir að samgönguráðherra upplýsi hversu mikill munurinn er. Vill hann að í svarinu verði miðað við að flutningabíllinn hafi 80 prósentu hleðslu, bæði með og án tengivagns, og fólkabíllinn sé 1,8 tonn.

„Ég hef lesið um og heyrt að það sé gríðarlegur munur á þessu,“ sagði Árman í samtali við Fréttablaðið. Hann kveðst hafa heyrt því haldið fram að flutningabílar slíti vegunum

mörg þúsund-falt meira en fólkabílar en tölurnar séu misvísandi og því mikilvægt að fá sannleikann upp á borðið. „Það er líka furðulegt þegar truckabílstjórar segja að hjólför á einstaka vegum sýni að þeir slíti ekki vegunum þar sem förin eru mjórri en eftir truckana. Yfirborðsslit kostar bara brotabrot af því sem það kostar að byggja upp vegi. Dýrasta slitið í vegakerfinu sést ekki dagsdaglega,“ segir Árman og á við að undirlag veganna láti undan þunga truckana.

Aðspurður segir Árman fyrirspurninni ekki beint gegn truckabílstjórum vegna aðgerða þeirra í



ÁRMAN KR. ÓLAFSSON sat fastur í umferðinni á dögnum vegna aðgerða truckabílstjóra. Hann vill vita hve mikið vegir landsins slitni af umferð flutningabíla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

umferðinni síðustu daga, hann vilji aðeins að réttar upplýsingar liggi fyrir.

- bps

Strætisvagn ók á bíl: Umferð tafðist vegna áreksturs

LÖGREGLUMÁL Strætisvagn skall aftan á vöruflytningabíl með tengivagn á Vesturlandsvegi við Kjalarnes klukkan rúmlega sjö í gærmorgun.

Vöruflytningabíllinn endaði þversum á veginum og stöðvaðist umferð um tíma norðan við Grundarhverfi. Komust eingöngu jeppar og fólkabílar framhjá.

Ríflega tuttugu farþegar voru í strætisvagninum og sluppu þeir allir án teljandi meiðsla.

Ökumaður strætisvagnsins fótbrotnaði, að sögn lögreglu. Bílstjóri vörubílsins var einn í bílnum en hann sakaði ekki.

- sgi



SÍLDVEIÐAR Síldarskipin veiddu kvótann í Grundarfirði að stærstum hluta.

MYND/SVERRIR

Íslensk sumargotssíld:

850 þúsund tonn af síld

SJÁVARÚTVEGUR Um 850 þúsund tonn mældust af íslensku sumargotssíldinni í vetur, þar af 700 þúsund tonn í Kiðeyjarsundi í Breiðafirði og 70 þúsund tonn í Grundarfirði. Þetta kemur fram í nýjustu Fiskifrétum. Einnig mældist síld í Kolluál og í minna mæli á svæðum fyrir austan land, að því er Þorsteinn Sigurðsson, sviðstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, sagði í samtali við blaðið. Þorsteinn sagði að mælingin sýndi að síldarstofninn væri í góðu ástandi og af svipaðri stærð og kom fram í mælingum árið á undan.

Of snemmt er að segja til um stærð veiðistofnsins fyrr en að loknum frekari útreikningum á stofnstærðinni.

- shá

Óþekktur árásarmaður:

Sparkaði í klof svo úr blæddi

LÖGREGLUMÁL Maður sparkaði í klof annars manns, með þeim afleiðingum að blæddi úr kynfærum, í verslun 10-11 við Barónsstíg á þriðja tímanum aðfaranótt miðvikudags.

Árásarmaðurinn, sem fórnarlambið sagðist ekki þekkja, var horfinn á braut þegar lögregla kom á staðinn. Hann gengur enn laus, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

- sgi

Varnarbandalag óraunhæft

Sænski varnarmálafræðingurinn Lars Wedin segir forsendur fyrir varnarsamstarfi Norðurlanda hafa batnað eftir lok kalda stríðsins, en möguleikunum spilli sú staðreynd að sum þeirra eru innan og önnur utan NATO og ESB.

VARNARMÁL Forsendur fyrir samstarfi Norðurlanda á sviði öryggis- og varnarmála hafa vissulega batnað mjög síðan kalda stríðinu lauk, en engu að síður eru ýmsar hindranir í vegi fyrir slíku samstarfi. Norrænt varnarbandalag, eins og hugmyndir voru uppi um á fyrstu árunum eftir lok síðari heimsstyrjaldar, er óraunhæft. Aftur á móti er ekkert því til fyrirstöðu að efla norrænt samstarf um ýmsa þætti öryggis- og varnarmála sem ekki snerta sjálfan kjarna landvarna. Þetta segir Lars Wedin, fyrrverandi skipherra í sænska flotanum, sem sinnir kennslu og rannsóknum við sænska Varnarmálaskólann, í samtali við Fréttablaðið.

Wedin flutti í gær erindi á hádegismálafundi á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Stefnur og straumar í vörnum Norðurlandanna“. Í erindinu rakti hann hvernig þörfin á hefðbundnum landvörnum í okkar heimshluta hefði snarminnkað eftir lok kalda stríðsins, enda hafi þróunin á síðustu árum verið öll í þá átt að draga úr slíkum hefðbundnum vörnum og byggja þess í stað upp getu til þátttöku í fjölþjóðlegri átakastjórnun fjarri eigin yfirráðasvæði.

Þessi þróun hefur meðal annars haft í för með sér að bæði Svíþjóð og Finnland hafa nálgast NATO mjög, enda hefur mikil umræða farið fram í báðum löndum um það hvort þau ættu að ganga í bandalagið. Að sögn Wedins er staða þeirrar umræðu þó ólík í grannlöndunum tveimur. Í Finnlandi stjórnist hún af nær hreinni raunsæisstefnu en í Svíþjóð vegi síðfræðilegir og sögulegir þættir þungt. Í báðum löndum gildi þó, að það sem myndi hreyfa mest við hvoru ríkinu



ÁTAKASTJÓRNUN Sænskir hermenn sjást hér sem liðsmenn fjölþjóðaliðs NATO á vettvangi í Afganistan. Þátttaka í slíkum „átakastjórnunarverkefnum“ fjarri eigin landsteinum hefur tekið að mestu við af hefðbundnum landvörnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐSTEINN

sem er ef annað þeirra tæki ákvörðun um að stefna inn í NATO. Wedin viðurkennir, að væru öll Norðurlöndin í NATO væri auðveldara fyrir þau að efla eiginlegt varnarsamstarf sín í milli.

Wedin rakti líka hvernig Svíar og Finnar hefðu tekið virkan þátt í uppbyggingu sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins, frá því þau gengu í sambandið árið 1995.

Væru öll Norðurlöndin í ESB væri líka hægt að efla samstarf þeirra undir hatti þessa ESB-öryggismálasamstarfs. Gildandi undanþága Dana frá þátttöku í því myndi þó líka flækja viðleitni í þá átt.

audunn@frettabladid.is

LARS WEDIN Brotthvarf frá hefðbundnum landvörnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarinn (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. Samsung M110 – er sannkallað hörkutól.

VGA myndavél
Vasaljós

Ryk- og rakavarinn (IP54)
Stereo FM-útvarp

Bluetooth
Innbyggður hátalari

SAMSUNG

Heildsöludreifing og þjónusta:
Skútuvogi 12c



TÆKNIVÖRUR

M110 fæst hjá eftirtöldum aðilum:

Síminn
vodafone

auk viðurkenndra söluaðila um land allt

Aldraður glæpamaður:
Rændi banka og komst undan í hjólastól

BANDARÍKIN Aldraður maður í rafmagnshjólastól rændi banka í Palo Alto í Kaliforníu í Bandaríkjunum á dögunum, vopnaður skammbyssu, og slapp undan lögreglu. Hafði hann peninga á brott með sér.

Maðurinn, sem er hvíthærður og á sjötugsaldri, sást síðast þar sem hann brunaði út úr bankanum á rafmagnshjólastól. Öryggismyndavélar náðu ekki góðum myndum af manninum þar sem hann var með hettu.

Ræningjans er enn leitað. - sgi

Vestfirðir njóta vaxandi vinsælda meðal erlendra ferðamanna:

Þrjú þúsund Þjóðverjar í sjóstangveiði

SÚÐAVÍK Vestfirðingar eiga von á um þrjú þúsund þýskum ferðamönnum í sjóstanga-veiði í sumar. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, segir að aðsóknin í sjóstanga-veiðina fari ört vaxandi. Um 400 þúsund manns stundi sjóstangaveiði í Þýskalandi og markaðurinn vaxi, ekki bara í Þýskalandi heldur líka í nágrennalöndunum eins og Hollandi.

Þjóðverjarnir koma á vegum tveggja fyrirtækja, Sumarbyggðar og Hvíldarkletts. Heildarveltan í kringum komu þeirra hingað til lands nemur um 450 milljónum króna í ár og fá Súðvíkingar hluta af henni. Þjóðverjarnir greiða 1.300 evrur fyrir að koma í sjóstangaveiðina, ferðir, húsnæði og bát á miðin. Talið er að þeir eyði 20-25 þúsund

krónum á mann þá viku sem þeir dvelja hér. Það gefur um 60 milljóna króna veltu sem fer nánast öll til Súðvíkinga. „Það er góð búbot í litlu plássi,“ segir Ómar.

„Sjóstangaveiðimaður kemur til Íslands svípað og Íslendingur sem fer til Spánar til að liggja í sólbaði. Þjóðverjarnir koma og veiða alla daga frá morgni og langt fram á kvöld. Allt snýst um að ná í þann stóra. Ef þeir ná stórum fiski þá tekur við myndataka sem þeir geta sýnt þegar heim er komið,“ segir Ómar.

Hann bendir á að Þjóðverjarnir komi hingað vegna þess að hér séu „gríðarlega gjöful fiskimið í lítilli fjarlægð frá heima-höfnum. Við þjóðum upp á góða aðstöðu, sérsníðaða flotta báta sem þeir eru sjálfir skipherrar á.“



VEIÐA ALLA DAGA Þjóðverjarnir „veiða alla daga frá morgni og langt fram á kvöld“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík.

Áframeldi á þorski:
Átta fyrirtæki fengu kvóta

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur samþykkt tillögur stjórnar AVS rannsóknasjóðs varðandi úthlutun aflheimilda til áframeldis á þorski fyrir yfirstandandi fiskveiðiaár.

Þetta er í sjöunda sinn sem úthlutað er. Níu fyrirtæki sóttu um kvóta að þessu sinni og sóttu þau um tæp 700 tonn, en til ráðstöfunar eru 500 tonn, sem átta fyrirtæki fengu að þessu sinni til þess að vinna með í sínum verkefnum. Fyrirtækin eru: Þorskeldi á Stöðvarfirði, 50 tonn, Síldarvinnslan á Norðfirði, 20 tonn, Einherji á Patreksfirði, 10 tonn, Glaður í Bolungarvík, 15 tonn, Hraðfrystihúsið Gunnvör á Hnífsdal, 125 tonn, Þóroddur á Tálknafirði, 75 tonn, Brim fiskeldi á Akureyri, 80 tonn og Álfsfell á Ísafirði, 125 tonn.

- shá



HERJÓLFUR Hópur Vestmannaeyinga vill ekki sjá ferjulægi í Bakkafjöru.

Vilja ferju til Þorlákshafnar:

Mótmæla ferjulægi í Bakkafjöru

SAMGÖNGUR Hópur Vestmannaeyinga undir forystu Magnúsar Kristinssonar útgerðarmanns hefur skipulagt undirskriftasöfnun á slóðinni ströndumekki.is. Með þessu vill hópurinn mótmæla byggingu ferjulægis í Bakkafjöru og hvetja yfirvöld til að leysa þann vanda sem samgöngur milli lands og Eyja eru í með því að byggja hraðskreiða ferju sem gengi á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Þetta kemur fram á fréttavefnum glugginn.is.

Í tilkynningu frá forsvarsmönnum hópsins kemur fram að hópurinn hafni algjörlega hugmyndum sem uppi eru um að byggja ferjulægi í Bakkafjöru vegna þess að sú útfærsla muni ekki stytta ferðatíma milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja sem nokkru nemi.

- shá



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Er hægt að læra að vera forsætisráðherra?

Ráðstefna á vegum HHS – Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

ERINDI:



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON
Fyrirverandi utanríkisráðherra
„Er hægt að læra að vera forsætisráðherra?“



ÞÓRUNNA JÓNSDÓTTIR
hjá Auði Capital
„Enginn verður óbarinn biskup – eða hvað?“



MAGNÚS ÁRNI MAGNÚSSON
hjá Capacent
„Að mennta stjórnendur og leiðtoga fyrir atvinnulíf og samfélag“

WWW.BIFROST.IS

Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, sköpunarkraftur og hugmyndaauðgi eru mikilsmetnir eiginleikar í háskólanámi. Þegar höfðað er til metnaðarfullra nemenda er háskólanám iðulega sagt búa menn undir stjórnunarstöður og háskólar mæla árangur sinn gjarnan í mannaforráðum útskrifaðra nemenda.

En geta háskólar í raun undirbúið leiðtoga? Eru slíkir hæfileikar kannski meðfæddir – séu þeir til staðar yfirleitt?

Hvers konar háskólanám kemur að notum þegar komið er út í hringiðu atvinnulífs, stjórnmála, viðskipta og menningar?

Ráðstefnan verður haldin í Iðnó á morgun, frá kl. 14.00 til kl.16.00 og er hún öllum opin. Aðgangur er ókeypis.

11. apríl 2008
Iðnó kl. 14.00



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



STÓR STUBBUR Á TRAFALGARTORGI
Risastóri eftirlíkingu af sigarettustubbi var komið fyrir á Trafalgartorgi í London til að vekja athygli á þeim óhreinindum sem stafa af því að reykingafólk hendir stubbum sínum á almannaferi.
NORDICPHOTOS/AFP

Sjávarútvegsráðherra fjallaði um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í Færeyjum:

Möguleg áhrif hlýnunar á fiskistofna

UMHVERFISMÁL Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fjallaði um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og mikilvægi verðmætasköpunar á grundvelli hennar á alþjóðlegri ráðstefnu í Færeyjum um áhrif loftslagsbreytinga á lífríki sjávar í Norður-Atlantshafi og þann vanda sem þær skapa fyrir lönd á svæðinu.

Ráðherra greindi frá hvernig skynsamleg, hófsöm og ábyrg nýting sjávarauðlindarinnar ásamt fullum yfirráðum yfir 200 mílna efnahagslögsögu hafi skipt algörum sköpum fyrir íslenskt samfélag. Sjávarútvegurinn hafi verið og sé burðarás efnahagslífsins. Því sé óhjákvæmilegt að hann lúti lögmálum markaðarins og hvorki geti né eigi að þiggja ríkisframlög, ólíkt því sem gerist í mörgum samkeppnislöndum Íslendinga.

Einar sagði í ræðu sinni að ekki sé hægt að útiloka að hlýnun sjávar undanfarin ár hafi haft áhrif á þorskstofninn við Ísland og einnig verði að huga vel að ýmsum öðrum þáttum svo sem áhrifum af vexti og viðgangi hvalastofna. „Það er til dæmis alveg ljóst að vöxtur hvalastofna hér við N-Atlantshaf hefur haft neikvæð áhrif á stærð ýmissa fiskistofna og hvalurinn er í beinni samkeppni við manninn þegar kemur að nýtingu fiskistofnanna. Þess vegna teljum við nýtingu hvala vera óhjákvæmilegan þátt í því að nýta auðlindir hafnsins með sem bestum og skynsamlegustum hætti.“

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna og Nóbelsverðlaunahafi, flutti aðalrindi ráðstefnunnar.

- shá



FRÁ FÆREYJUM Einar K. Guðfinnsson og Al Gore ræddu um umhverfismál í Færeyjum og á leiðinni til Íslands, enda voru þeir samferða.

MYN/SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnsmál í Armeníu:

Nýr forseti sver embættiseið

ARMENÍA, AP Serzh Sarkisian sór í gær embættiseið sem forseti Armeníu. Hann er þriðji maðurinn



SERZH SARKISIAN.

til að gegna embættinu frá því landið hlaut sjálfstæði er Sovétríkin leystust upp fyrir rúmum 16 árum.

Nærri tveir mánuðir eru nú frá forsetakosningunum, sem vestrænir

eftirlitsmenn úrskurðu að hefðu að mestu farið vel fram en gerðu þó nokkrar alvarlegar athugasemdir við.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar sökuðu stjórnarliða um kosningasvik í þágu forsætisráðherra Sarkisians.

- aa

Tillögur um skipulag þróunarsamvinnu á Íslandi:

Nýir tímar kalla á endurmat starfsins

UTANRÍKISMÁL

Endurskoða þarf starfsemi utanríkisráðuneytisins í heild vegna breyttra tíma, að því er fram kemur í greinargerð Sigurbjörgar Sigurgeirsdóttur, stjórnarsýsluráðgjafa um skipulag þróunarsamvinnu Íslands.

Í greinargerðinni leggur Sigurbjörg fram ýmsar tillögur, þar á meðal að Ísland gerist aðili að DAC, þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.



SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR.

Þá verði sett á fót nýtt svið innan utanríkisráðuneytisins, þróunarsamvinnusvið, þó að Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfi áfram sem sérstök stofnun. Sigurbjörg leggst gegn hugmyndum þess efnis að fella stofnunina undir ráðuneytið.

Í greinargerðinni kemur fram að utanríkisráðuneytið kanni nú hagkvæmni þess að Ísland gerist aðili að Þróunarbanka Afríku. Bankinn sé ein helsta þróunarsstofnun Afríku og geti einnig skapað ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Ísland er eina norræna ríkið sem ekki er aðili að bankanum.

Frumvarp um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands liggur nú fyrir á Alþingi.

- sgi

FRÁ REYKJANESBRAUTINI

Jarðvélar ehf. sögðu sig frá framkvæmdum í desember en áætlað er að þær hefjist að nýju innan þriggja vikna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slysum fjölgað um helming á Reykjanessbraut

Slysum hefur fjölgað á Reykjanessbrautinni frá því framkvæmdir við tvöföldun hennar hófust. Vegagerðin hyggst aðskilja akstursstefnur með skiltum milli akreina til að koma í veg fyrir framúrakstur.

UMFERÐARMÁL Vegagerðin hyggst á allra næstu dögum aðskilja akstursstefnur á framkvæmdasvæði á Reykjanessbrautinni með föstum rauðum og hvítum gátskiltum á milli akreina. Framúrakstur verður því ekki mögulegur á löngum kafla auk þess sem skilti á miðjum vegi draga úr umferðarhraða. Því má búast við að ferðatími á Reykjanessbrautinni lengist.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu urðu 55 slyss og óhöpp á tímabilinu frá ágúst 2007 til og með janúar síðastliðnum á umræddum vegarkafli. Síðan þá hafa orðið mörg alvarleg slyss, síðast í gærmorgun þegar fjórir slösuðust alvarlega.

„Þegar öllu er á botninn hvolft er það á ábyrgð ökumanns að keyra eftir aðstæðum,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. „En hins vegar er ekki einleikið hvað þarna eiga sér stað mörg óhöpp og slyss sem greinilega má rekja til þess að ökumenn átta sig ekki á aðstæðum.“ Eins telur Einar Magnús að í einstaka tilfellum taki ökumenn óþarfa áhættu miðað við aðstæður.

„Við hjá Umferðarstofu erum þeirrar skoðunar að hægt sé að gera þetta mun betur en hefur verið gert þarna á Reykjanessbrautinni.“ Segir hann því miður vera mörg dæmi um að merkingar við framkvæmdir séu ekki í lagi.

Í tilkynningu frá Vegagerðinni segir að ekki hafi staðið til að framhjáhlauþ yrðu opin þetta lengi og heldur ekki að þau væru svo mörg opin í einu en að verktakinn hafi ekki staðið við kröfur Vegagerðarinnar. Þá segir að frá því verktakinn, Jarðvélar ehf., sagði sig frá tvöföldun Reykjanessbrautarinnar í desember síðastliðnum hafi Vegagerðin unnið að



UMFERÐARSKILT Varúðarskiltum verður fjölgað á Reykjanessbrautinni.

UMFERÐARSLYS Á REYKJANESBRAUT

Slyss og óhöpp á vegarkafnum þar sem vegafarmkvæmdir eiga sér stað frá Vogaaflægjara að Njarðvík

Frá ágúst 2004 til og með janúar 2005	Alvarleg slyss	Slyss með litlum meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals
	1	6	17	24

Frá ágúst 2007 til og með janúar 2008	Alvarleg slyss	Slyss með litlum meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals
	0	15	40	55

HEIMILD: UMFERÐARSTOFA

því að bæta merkingar og umferðaröruggi á framkvæmdasvæðinu.

„Það virðist ekki hafa dugað til að setja skilti á þriðja hvern staur,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. Segir hann Vegagerðina hafa sett tvístefnumerkingar á ljósastaura en fleiri og stærri skilti verði sett upp nú fyrir helgina. „Ég held að klárlega til framtíðar þurfi menn að skoða leiðir til að aðskilja akstursstefnurnar í svona tilvikum,“ segir G. Pétur.

Tilboð í þá vinnu sem eftir er við tvöföldun Reykjanessbrautar voru opnuð á þriðjudaginn og voru Adakris uab. og Toppverktakar ehf. með lágsta boðið. Er gert ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist að nýju eftir um tvær til þrjár vikur.

olav@frettabladid.is



LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Við lagadeild HR er í boði metnaðarfullt og nútímalegt laganám, sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði.

Hlutverk lagadeildar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímaævæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins, kennsluáðferða eða þeirra miklu krafna sem gerðar eru til nemenda á öllum námsstigum.

Grunnnaði tekur 3 ár og að því loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði.

Kynntu þér spennandi og krefjandi laganám við Háskólann í Reykjavík á vef lagadeildar, www.lagadeild.is.

Tökum við umsóknnum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITET

ALLT AÐ 3 MILLJÓNIR AF!

IH
INGVAR HELGASON

bíla
B&L
land

HJÁ OKKUR FÆRÐU FLOTTUSTU BÍLANA Á FLOTTASTA VERÐINU!

-1.210.000 kr.

BMW X5 3.0D

Ekinn 49 þús. ssk. Nýskr. 06/05

Verð áður 6.090.000 kr.

4.880.000 kr.



-1.900.000 KR.



TOYOTA LAND CRUISER 120
Ekinn 23 þús. ssk. Nýskr. 07/06
Verð áður 7.200.000 kr.

5.300.000 KR.

-1.140.000 KR.



BMW X3 2.5i
Ekinn 47 þús. ssk. Nýskr. 09/04
Verð áður 4.090.000 kr.

2.950.000 KR.

-1.650.000 KR.



NISSAN MURANO
Ekinn 25 þús. ssk. Nýskr. 06/06
Verð áður 5.320.000 kr.

3.670.000 KR.

-1.200.000 KR.



VOLKSWAGEN TOUAREG
Ekinn 61 þús. ssk. Nýskr. 07/04
Verð áður 3.950.000 kr.

2.750.000 KR.

-1.960.000 KR.



RANGE ROVER
Ekinn 25 þús. ssk. Nýskr. 12/06
Verð áður 11.500.000 kr.

9.540.000 KR.

-870.000 KR.



SUBARU B9 TRIBECA
Ekinn 20 þús. ssk. Nýskr. 05/06
Verð áður 4.860.000 kr.

3.990.000 KR.

-1.400.000 KR.



VOLVO XC90
Ekinn 81 þús. ssk. Nýskr. 03/05
Verð áður 5.250.000 kr.

3.850.000 KR.

-1.550.000 KR.



PORSCHE CAYENNE
Ekinn 55 þús. ssk. Nýskr. 04/04
Verð áður 5.150.000 kr.

3.600.000 KR.

-1.650.000 KR.



BMW 745LI
Ekinn 100 þús. ssk. Nýskr. 03/03
Verð áður 5.550.000 kr.

3.850.000 KR.

-1.390.000 KR.



SAAB 9-7X
Ekinn 6 þús. ssk. Nýskr. 09/07
Verð áður 5.350.000 kr.

3.960.000 KR.

INGVAR HELGASON SÆVARHÖFÐA 2 | 525 8000
BÍLALAND B&L GRJÓTHÁLSI 1 | 575 1230

IH
INGVAR HELGASON

bíla
B&L
land

Með fyrirvara um prentvillur.

Auðmenn styðja demókrata



FRIDJÓN R. FRIDJÓNSSON
skrifar frá Bandaríkjunum

Ein af algengustu mýtum bandarískra stjórnmála er sú að allt ríkt fólk styðji repúblikana og þeir sem minna mega sín styðji demókrata. Þessi sýn hermír evrópskt mólum um stuðning við vinstri og hægri flokka upp á Bandaríkinn. Málið er hins vegar ekki svo einfalt. Fylgi flokkanna er margslungið og mótast af ótal ástæðum. Þannig eru spænskumælandi Bandaríkjamenn t.d. flestir hallir undir demókrata nema þeir sem eru ættaðir frá Kúbu. Þeir hafa ekki enn fyrirgefið John F. Kennedy fyrir að láta ekki kné fylgja kviði í Svínafloa fyrir tæpum 50 árum.

Það er því ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvað skilur milli demókrata og repúblikana. Síðastliðið haust var kosið til fylkisþings hér í Virginíu. Sá slagur sem mesta athygli vakti, var í kjördæmi bréfrítara. Þar var kosið milli annars vegar konu sem var á móti óheftri byssueign og með réttindum samkynhneigðra og hins vegar karls sem var studdur af samtökum byssueiganda (NRA) og tilheyrir söfnuði sem leggur hatur á homma og lesbíur. Demókratinn vann og konum fækkaði á þingi.

Það er þó hægt að skoða hver hefur stærstu sjóðina og hver gefur. Framlag til stjórnmálaflokks eða frambjóðanda er mjög góð vísending um stuðning. Þegar skoðaðir eru þeir sem gefa meira en 10 þúsund dollara á hverjum tveimur árum, þetta er ríka fólkið sem hefur efni á að gefa svona mikið. Þá kemur í ljós að demó-

kratar hafa haft vinninginn í tólf af síðustu fjórtán árum. Á yfirstandandi tímabili hafa demókratar fengið 58% fjármagnsins frá þessum hóp en repúblikanar 36%, rest fer til minni flokka.

Á vefnum opensecrets.org sem er prýðisvefur til að skoða framlög til stjórnmálaflokka og frambjóðanda má finna mynd svipaða og hér að neðan. Hér er verið að sýna þau pósthúmer þar sem íbúarnir gefa mest og hvernig skiptingin er milli flokka. Efstu pósthúmerin eru öll í og við Central Park í New York. Íbúar þessara pósthúmera þar sem margt allra ríkasta fólk Bandaríkjanna býr gefur yfirgnæfandi meira til demókrata en til repúblikana. Blár litur merkir framlög til demókrata, rauður repúblikana.

Í efstu sætunum eru vogunarsjóðsmilljónamæringarnir sem vinna á Wall Street og þar í kring. Hillary Clinton og fleiri þingmenn demókrata hafa um langt skeið verið sérstaklega áhugasöm um þennan hóp og lagt sig fram um að fá hann til fylgis við sig. Nú er svo komið að demókratar vita ekki alveg hvað þeir eiga að gera við þessa vini sína. Umræðan snýst um hvort hækka eigi fjármagnstekjuskatt þannig að þessir milljóna- og milljarðamæringar greiði sama hlutfall og þeir sem greiða tekjuskatt. Fjármagnstekjuskatturinn er 15 prósent, tekjuskattur 35 prósent. Hljómar þetta kunnulega? Hluti flokksins vill umfram allt hækka skatta á þessa milljónamæringa en hinn hlutinn vill ekki stýggja hann fyrir sitt litla líf. Í sannleika sagt eru litlar líkur á að fjármagnstekjuskatturinn verði hækkaður.

FRAMLÖG TIL FRAMBJÓÐENDA EFTIR PÓSTNÚMÉRUM

10021 (New York, NY)	\$12,8
10022 (New York, NY)	\$7,0
10028 (New York, NY)	\$5,3
10023 (New York, NY)	\$5,1
10128 (New York, NY)	\$5,1
10024 (New York, NY)	\$4,9
10019 (New York, NY)	\$4,5
90210 (Beverly Hills, CA)	\$4,4
20007 (Washington, DC)	\$4,4
20016 (Washington, DC)	\$4,3
20854 (Potomac, MD)	\$4,0
20815 (Chevy Chase, MD)	\$3,8
60611 (Chicago, IL)	\$3,7
22101 (Mc Lean, VA)	\$3,6
60614 (Chicago, IL)	\$3,5
20008 (Washington, DC)	\$3,4
06830 (Greenwich, CT)	\$3,4
06831 (Greenwich, CT)	\$3,3
33480 (Palm Beach, FL)	\$3,2
60093 (Winnetka, IL)	\$3,1

FBL-GREINING: FORSETAKOSNINGAR Í SIMBABVE

Mugabe lætur eins og ekkert hafi í skorist

Hinn 84 ára gamli Robert Mugabe, sem haldið hefur um valdataumana í Simbabwe allt frá því að landið hlaut sjálfstæði frá Bretaveldi árið 1980, lætur enn eins og ekkert hafi í skorist þótt allt bendi til að hann hafi tapað forsetakosningum sem fram fóru 29. mars. Opinber úrslit kosninganna hafa enn ekki verið birt.

Hvernig er daglegt líf í Simbabwe?

Lífskjör í Simbabwe eru slæm fyrir flesta. Yfir fimm milljónir landsmanna, þar á meðal flestir hvítir Simbabwe-manna, hafa flúið land. Atvinnuleysi er áætlað um 80 prósent. Óðaverðbólga geisar; hún er nú á að giska 150.000 prósent. Flestir íbúar landsins reyna að rækta sína eigin fæðu en uppskera hefur brugðist vegna þurrka og hundruð þúsunda svelta.



Hvað hefur valdið þessu ástandi?

Stjórnarandstaðan sakar Mugabe um að hafa eyðilagt það sem var eitt sinn þróaðasta ríki Afríku með gerræði, ekki síst með því að taka býli af hvítum bændum. Mugabe segir endurúthlutun býlanna hafa verið nauðsynlega til að gera eignarhald sanngjarnara í kjölfar nýlendutímans. Sakar hann vestræn öfl um að reyna að skaða efnahag Simbabves í því augnamiði að koma sér frá völdum.

Hvað er fram undan?

Sumir telja að versnandi lífskjör geti valdið því að herinn, sem hefur verið undirstaða valda Mugabe, hætti að framfylgja skipunum hans, en það myndi opna leiðina að valdaskiptum. Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Lýðræðishreyfingarinnar, yrði þá forseti en flokkur hans fullyrðir að hann sé nú þegar réttkjörinn forseti þar sem hann hafi hlotið yfir helming greiddra atkvæða í kosningum 29. mars.

FRÉTTASKÝRING: Löggæslumál á Suðurnesjum

Löggæslumálin í hnút

Boðaðar breytingar dómsmálaráðherra á embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hafa fallið í grýttan jarðveg hjá starfsmönnum þess. Ekkert bendir til þess að yfirmenn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum ætli að sættast á breytingatillögur ráðherra.

Frá 19. mars síðastliðnum, þegar dómsmálaráðuneytið tilkynnti um skipulagsbreytingar hjá lögregluembættinu á Suðurnesjum, hefur mikil óánægja ríkt meðal starfsfólks embættisins. Lögreglustjórinn Jóhann R. Benediktsson hefur lýst sig „algjörlega andvígán“ breytingunum og er tilbúinn að fóna starfi sínu til þess að koma í veg fyrir að þær verði að veruleika.

Breytingarnar felast í því að færa verkefni tollgæslunnar undir fjármálaráðuneyti, yfirstjórn öryggismála vegna flugverndar á Keflavíkurflugvelli undir samgönguráðuneyti en lög- og landamæragæsla verði áfram undir dómsmálaráðuneyti.

„Starfsmenn eru æfir,“ sagði Kári Gunnlaugsson, deildarstjóri tollgæslunnar á Suðurnesjum, eftir að Jóhann hafði tilkynnt undirmonnum sínum að hann ætlaði að segja starfi sínu lausu næðu hugmyndirnar fram að ganga. Eyjólfur Kristjánsson, fulltrúi hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og náninn samstarfsmaður Jóhanns, sagði í samtali við RÚV sjónvarp að „misvitir stjórnmálamenn“ stæðu að baki þessum breytingum, skömmu eftir að Jóhann hafði rætt við starfsmenn sína.

Fjárhagsvandi sagður rötinn

„Breytingarnar eiga rót sína í fjárhagsvanda,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í tölvubréfi til Fréttablaðsins. „Hann [vandinn] hefur verið langvinnur og nú í ár stefnir að óbreyttu í meira en 200 milljóna króna halla. Þetta er með öllu óviðunandi,“ sagði jafnframt í bréfinu.

Björn hefur jafnframt sagt að hann hafi talið breytingar betri kost en þá tillögu sem komið hefði frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem hefðu fallist í „uppsögnum og í raun uppbroti embættisins“ eins og orðrétt segir í fyrrnefndu tölvubréfi.

Björn hefur margtírað sagt að tillaga hans eigi að laga löggæslustarfið á Suðurnesjum að skipulagi stjórnarráðsins „þannig að hvert ráðuneyti beri ábyrgð á sínum efnisþætti starfseminnar og þar með þeim hluta fjármála-stjórnar, sem undir hann fellur“.

Of lítið fé miðað við verkefni

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum er sextán mánaða gamalt í þeirri mynd sem það er starfrækt. Undir það heyrja toll- og landamæragæsla auk hefðbundinnar löggæslu. Mat Jóhanns og annarra í yfirstjórn embættisins er einfalt; embættið hefur fengið of lítið fé miðað við sívaxandi starfsemi og fjölgun verkefna. Þá er það einöruð skoðun yfirstjórnarinnar að áhrif breytinganna frá því um áramót 2006/2007, þegar lögreglulögunum var breytt, hafi verið góð og bætt árangur á öllum sviðum. Þá finnst yfirmönnum embættisins það skjóta skökku við að hagræðing hafi verið ein ástæða fyrir samþættingu verkefna, og þeim rökum sé svo einnig beitt þegar á „að bíta embættið niður“ eins og einn viðmælenda Fréttablaðsins komst að orði.

Stál í stál – persónulegt?

Viðræður milli dómsmálaráðherra og lögreglustjórans á Suðurnesjum hafa ekki leitt til þess



JÓHANN R. BENEDIKTSSON Er ósáttur við boðaðar breytingar á löggæslumálum á Suðurnesjum og er tilbúinn til þess hætta störfum verði þær að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



JÓHANN FUNDAR MEÐ STARFSMÖNNUM Jóhann R. Benediktsson sést hér funda með samstarfsmönnum sínum 28. mars síðastliðinn. Þann dag óskaði hann eftir fundi með settum dómsmálaráðherra, Einari K. Guðfinnssyni, til að ræða starfslok sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra telur breytingarnar vera skynsamlegar og studdar málefnalegum rökum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að menn hafi sæst á breytingarnar. Málin eru í hnút. Enn er „stál í stál“ og ekki útlit fyrir að málið leysist með þeim hætti að starfsfólk embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum samþykki breytingarnar. Lögreglumenn víðs vegar að af landinu hafa staðið með lögreglustjóranum á Suðurnesjum, þar á meðal Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Þá hefur einnig verið uppi orðrómur um, meðal annars meðal starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum sem Fréttablaðið hefur rætt við, að ríkislögreglustjóri standi að baki breytingunum. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri vísaði því algjörlega á bug í viðtali við Fréttablaðið og sagði samskipti sín við Jóhann hafa verið góð, líkt og við alla aðra lögreglustjóra landsins. Þessum orðrómi er því algjörlega hafnað hjá ríkislögreglustjóra.

Segja sambandið stirt

Á annan tug lögreglumanna og löggæslustarfsmanna á Suðurnesjum, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, sjá hlutina í öðru ljósi en Haraldur. Vísa nokkrir þeirra til þess að embætti ríkislögreglustjóra hafi oftast en einu sinni gagnrýnt embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum, meðal annars fyrir leka á upplýsingum til fjölmiðla.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að embætti ríkislögreglustjóra hafi látið kanna hvort upplýsingum hefði verið lekið til fjölmiðla með óformlegri rannsókn.

Það var gert eftir að greint var frá því í Fréttablaðinu að lögreglan hefði haft uppi á dæmdu glæpamanni, Davíð Garðarssyni, sem hafði verið eftirlýstur um langt skeið og haldið til í útlöndum. Hann kom til landsins í fylgd lögreglu að kvöldi 30. mars í fyrra og var greint frá því í Fréttablaðinu daginn eftir.

Urðu snarpar deilur milli starfsmanna embættanna vegna þessa máls. Hin óformlega rannsókn leiddi ekki í ljós að upplýsingum hefði verið lekið til fjölmiðla frá embættinu á Suðurnesjum.

Pólitískt þrætuelpi

Hugmyndir dómsmálaráðherra hafa verið afgreiddar út úr ríkisstjórn Íslands með þeim fyrirvara að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar samþykki þær. Í þeim felst meðal annars breyting á tollalögum en samkvæmt núverandi lögum er lögreglustjórinn á Suðurnesjum einnig tollstjóri.

Þingmenn Samfylkingarinnar telja undirbúning breytinganna hafa verið óskynsamlegan og vilja ekki að áherslur í löggæslumálum séu leiddar fram með „sértækum breytingum gagnvart einu embætti“ svo vitnað sé beint í Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformann Samfylkingarinnar. Hann segir samstöðu vera um málið innan Samfylkingarinnar.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær ætla þingflokkur Samfylkingarinnar ekki að samþykki breytingarnar eins og þær hafa verið boðaðar. Björn Bjarnason væntir þess að þingmenn Samfylkingarinnar átti sig á því að breytingarnar byggja á skýrum málefnalegum rökum. „Samfylkingarmenn í ríkisstjórn samþykktu framlagningu frumvarps fjármálaráðherra um breytingar á tollalögum, svo ekki eru þeir allir samstiga innan þingflokksins [...] tillögurnar eru til þess fallnar að losa embættið út úr hinum stöðugu fjárhagslegu erfiðleikum, sem valda reglulegu uppnámi innan þess,“ sagði Björn í fyrrnefndu tölvubréfi.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

HECTOR DAGAR HJÁ DOMINO'S

*Dagana 10.-14. apríl eru allar pizzur merktar
sterkar á matseðli á 1.300 kr.
Gildir eingöngu um sóttar pantanir.*



58-12345
dominos.is

„ORÐRÉTT“

Rafmagnaður út-
varpsmaður

„Hluti námskeiðsins var að vera skotinn til að skilja tækni betur. Þetta var vont, á að vera vont en um leið og lokað var fyrir strauminn var allur sársauki fyrir bí og engin eftirköst.“

KRISTÓFER HELGASON
Fréttablaðið, 9. apríl 2008.

Sama tuggan

Þetta er bara bull og sama tuggan og við fengum þegar við hittum Geir Haarde fyrir þremur árum í sama ráðuneyti. Hvar er niðurstaðan af þeim fundi?

STURLA JÓNSSON
Morgunblaðið, 9. apríl 2008

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? HERMANN GUNNARSSON FJÖLMIÐLAMADUR:

Á leið í sannkallað fótboltafrí

„Það er allt alveg glimrandi gott að fréttastofa af mér,“ segir Hermann Gunnarsson, fjölmiðlamaður með meiru. „Þessa dagana er Meistaradeildin í knattspyrnu mér ofarlega í huga og sú skrautsýning sem er iðulega á boðstólum í þessari frábæru keppni. Ég fylgist vel með fótboltanum og mæti reglulega í þáttinn 4-4-2 á Stöð 2 Sport þar sem ég lýsi skoðunum mínum á mönnum og málefnum í boltanum. Svo er ég á leið í frí á næstu dögum og fótboltaandinn mun svífa yfir því ferðalagi, því ég ætla meðal annars að sjá leik Barcelona og Manchester United á Nou Camp eftir tæplega tvær vikur. Einnig ætla ég að koma við í Austurríki, en þar á ég marga góða vini frá þeim dögum



þegar ég var þar í atvinnumennsku. Við gömlu liðsfélagarnir höfum hist reglulega í tíu ár og það er alltaf jafn gaman,“ segir Hermann og hlær.

Það er líka nóg að gera í vinnu hjá Hemma. „Ég er alltaf með þættina mína á Bylgjunni á sunnudögum og það er frábært að fást við mannleg samskipti á hverjum degi í tengslum við þá. Á sunnudaginn verða meðal annarra hjá mér hljómsveit sem er að vinna að plötu en spilar ekki opinberlega nema bara fyrir mig, Deep Jimi and the Zep Creams. Ég hef þekkt þessa stráka síðan þeir voru tíu ára og þeir verða góðir um helgina.“

ERFDIR

HÁRALITUR

■ Það eru erfðir sem stýra háralit okkar. Nokkur gen hafa áhrif á húð- og háralit og genin geta komið saman á ymsa vegu enda er háralitur manna mjög mismunandi.

■ Það er litarefni melanín sem gefur hárinu lit. Tvö afbrigði eru til af því, faeómelanín (gult, rautt) og eumelanín (dökkbrúnt, svart). Í dökku hári er aðallega eumelanín en í ljósu og rauðu hári er faeómelanín. Þegar hárið á okkur fer að grána er það vegna þess að frumurnar sem mynda melanínhróna og framleiðslan minnkar þess vegna. Heimild: Vísindavefur.is



SJÓNARHÓLL

ÁTÖK UM ÓLYMPIUELDINN

Fullkomlega eðlileg

„Ég skil mótmælin mjög vel,“ segir Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir varaborgarfulltrúi. „Það er auðvitað verið að mótmæla framferði kínverskra stjórnvalda gagnvart íbúum Tíbet.“



BRYNDÍS ÍSFOLD
HLÖKVERSÓTTIR

Hún skilur að þeir sem samúð hafa með málstað Tíbeta og berjast fyrir mannréttindamálum láti til sín taka þar sem Ólympíueldurinn fer um heiminn. „En auðvitað hafa mótmælin gengið of langt í sumum tilfellum.“ Bryndís finnst mótmæli við hlaup íþróttamanna með Ólympíueldinn vera réttur vettvangur. „Það er alþjóðasamfélagið sem tekur þátt í Ólympíuleikunum og mér finnst það ekki geta skilið að pólitískar ofsóknir og mannréttindabrot stjórnvalda í Kína frá Ólympíuleikunum.“ Hún telur líklegt og fullkomlega eðlilegt að þessi sami vettvangur verði notaður í framtíðinni til að mótmæla því sem miður fer í því landi sem Ólympíuleikarnir eru haldnir hverju sinni.

Nýi trabantinn verður uppabíll

„Skynsemin ræður“ var kjörorð félags Trabant-eigenda og vísaði það til þess hve bíllinn var ódýr og sparneytinn. Bíllinn var framleiddur í Austur-Þýskalandi og afar vinsæll austan við hið svokallaða járntjald.

Þegar Berlínarmúrinn féll og Þýska alþýðulýðveldið leið undir lok lagðist austur-þýsk bílaframleiðsla af en nú er stefnt á að þessi sögufræga bílategund komist aftur á færibandið í nýrri og endurbættri mynd.

Fall Berlínarmúrsins hafði í raun í för með sér endalok á framleiðslu á Trabant-bílum. En út í frelsið í vestri óku Austur-Evrópubúar á Traböntum og það mörgum enda höfðu fáir aðrir bílar verið þar til sölu.

Glaðir og reifir fögnuðu Austur-Evrópubúar nýfengnu ferðafrelsi með því að flykkjast út á hraðbrautirnar og það gerðu þeir auðvitað á Traböntunum sínum. Stefán Ásgrímsson, starfsmaður hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, segir fréttamyndir sem síðan bárust fjölmiðlum af umferðaröngþveiti Trabant-eigenda úr austri hafa gert bíllinn að eins konar táknmynd nýfengins frelssis. Sjálfur eignaðist Stefán fyrsta Trabantinn



TÁKNMYND FRELSSIS Stefán Ásgrímsson, hjá FIB, segir fréttamyndir sem bárust af umferðaröngþveiti Trabant-eigenda hafi gert bíllinn að eins konar táknmynd nýfengins frelssis.

sinn í kringum 1970. „Hann var hræðdýr og í sjálfu sér ekki afleitur. Ég væri alveg til í að eiga gömlu týpuna,“ segir Stefán. Hann segist þó ekki jafn spennur fyrir nýju týpunni sem fyrirtækið Herpa, sem þekktast er fyrir leikfangauþgáfur af raunverulegum bílum, hyggur á að koma á markað innan tíðar.

„Gamli Trabantinn var ef til vill ekki tákn um velgengi en hann var allavega táknmynd um baráttuvilja og þrautseigju. Ef marka má það sem ég hef lesið um þessa nýju týpu þá verður hann eins konar uppabíll sem hentar helst þeim sem vilja snobba niður á við,“ segir Stefán sem ekki segist munu kunna við að sjá auðkýfinga á Trabant.

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar í Mosfellsbæ, segir að sér þyki mikil gleðitíðindi að heyra að von sé á Traböntum aftur af færibandinu. „Ég átti „trabba“, þann fyrsta keypti ég nýjan árið 1984 á 84 þúsund krónur og seldi hann tveimur árum síðar á 75 þús-

und krónur. Af honum voru því afar lítil afföll. Það eina sem ég keypti í hann á þessum tveimur árum voru þurrkublöð. Ég er því ekki hissa að Trabant-eigendur hafi stofnað klúbbinn Skynsemin ræður,“ segir Karl sem greinilega hefur ánægju af því að rifja upp gömul kynni af bílunum.

Karl segir að eftir að hann hafði fððrað hurðirnar með steinull og látið sníða ullaráklæði frá Álafoss á sætin hafi hann verið svo vel hljóðeinangraður að öllum hafi liðið eins og hann æki hinum besta Bens. „Ég hef haft afskaplega góða reynslu af þessum bílum og myndi vel vilja fá mér annan,“ segir hann.

Undir orð Karls tekur Guðmundur Pálsson, framkvæmdastjóri Digitaltækni. „Ég eignaðist

nýjan station-bíl af Trabant-gerð árið 1987 og eftir að hafa sett undir hann pínulítið stærri dekk komst ég allra minna leiða hvernig sem færðin var. Hann eyddi nánast engu en eina vesnið sem ég man eftir var þegar hætt var að selja blandað bensín á bensínstöðinni í Borgartúni því þá þurfti maður sjálfur að blanda bensíni á hann,“ segir Guðmundur en undir plastvélarklúbb gömlu Trabantanna var tveggjastrokka vél svipaðir að gerð og garðsláttuvélar eru og var hún knúin áfram með smurolíu-blönduðu bensíni.

„Þetta var samt góður bíll sem hentaði mér og fjölskyldunni alveg þrýðilega,“ segir Guðmundur um reynslu sína af litla bílunum frá Austur-Þýskalandi.

karen@frettabladid.is



NÝI TRABANTINN Leikfangafyrirtækið Herpa hyggst koma Trabant af þessu tagi á markað.

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Altaf í júlifélagi ebt

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

NÝJAR VÖRUR

GLÆSILEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI Í EGG · ALDREI MEIRA ÚRVAL



VIBIEFFE

ALLIR SÓFARNIR FRÁ
VIBIEFFE ERU MEÐ 5 ÁRA
ÁBYRGÐ. HÆGT ER AÐ FÁ
MARGS KONAR ÁKLÆÐI
Í MÖRGUM FLOTTUM
ÚTFÆRSLUM.



Vibieffe Fly 810 - Gipsy áklæði, slitþolin bómullarblanda, ljósgrár, 2ja sæta, alls 215 sm á breidd 4200749

255.900



Vibieffe Fly 810 - Gipsy áklæði, slitþolin bómullarblanda, drapplitur, 3ja sæta, alls 255 sm á breidd 4200744

274.900



Vibieffe Fly 810 - Gipsy áklæði, slitþolin bómullarblanda, brúnn, 2ja sæta, alls 215 sm á breidd 4200747

255.900



Sófaborð - sprautulakkað, háglans, með skúffu L: 120 B: 60 sm H: 46 sm 4200589

67.900



Sjónvarpsskápur - sprautulakkað, háglans, ein B: 120 sm H: 50 sm D: 50 sm 4200583

64.900



Designa - eldhússtóll, svartur, krómaðir fætur 4200392

5.900



Designa - eldhússtóll, hvítur, krómaðir fætur 4200393

5.900



Belinda borðstofuborð - spónlögð hnota, krómaðir fætur, stækkanlegt úr 170 í 270 sm 4201221

46.900



Belinda borðstofuborð - hvítlökkuð plata, krómaðir fætur, stækkanlegt úr 170 í 270 sm 4201220

46.900



Skenkur - sprautulakkaður, háglans, B: 150 sm H: 85 sm D: 46 sm 4200585

99.900



Borðstofustóll - hvítur/svartur - leðurlíki í setu og baki, burstað nikkel í grind 4200155/156

14.990



Borðstofustóll - svart leðurlíki í sessu, baki og klæðningu á fótum 4200157

14.990



Borðstofustóll - brúnt leðurlíki í sessu, baki og klæðningu á fótum 4200159

14.990

Innréttingar

Húsgögn

Hreinlætistöki

Parket

Flísar

Ljós

Raftæki

Gjafavara

Heimilistöki

Búsáhöld

Hurðir

Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRETTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

 **EGG**
SMÁRATORGI

EGG

Smáratorgi

Sími 525 3400

www.egg.is

egg@egg.is


Opið virka daga 10 - 18

Laugardaga 11 - 18

Sunnudaga 12 - 17

Útgjöldin

> 200 grömm af suðusúkkulaði.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: PÁLL HILMARSSON ALÞJÓÐAFULLTRÚI

Flugmiðinn góð og slæm kaup

Bestu kaup sem ég hef gert um ævina var þegar ég fjárfesti í flugmiða til Bangkok síðasta vor. Ég ákvað að skella mér út í óvissuna og næstu fjóra mánuði eftir þá flugferð ferðaðist ég með kærustunni minni um Suðaustur-Asíu, frjálts eins og fuglinn. Þar upplifði ég margt og sit eftir með ómetanlegar minningar. Af mörgu ógleymanlegu ber gestrisni Taílandinga hæst, en henni var viðbrugðið. Þá var umferðin í Hanoi alveg mögnuð, ótrúlega kaótísk og gaman að fylgjast með henni. Ég upplifði líka nýárshátíðarhöld í Bangkok sem ég hefði alls ekki viljað missa af. Þá smyrja allir leir



framan í sig, fara út á götur með vatnsbyssur, fötur, hvaða ílát sem er og ausa vatni hver yfir annan. Þetta er forn hefð og stendur fyrir hreinsun, nýtt upphaf. Aðallega er þetta samt bara eitt stórt partí, þar sem allir eru glaðir, enginn fullur og enginn er laminn; ólíkt nýársgleði Íslendinga.

Verstu kaupin voru einnig áður-nefndur flugmiði – því hann var ekki bara til Bangkok – heldur einnig aftur heim. Því þó að „Ísland sé land þitt“ – þá er „hér ekkert sem heldur í“. Ég hefði gjarnan viljað vera um aldur og ævi áfram á suðrænni strönd.



GÓÐ HÚSRÁÐ: FERSKT LOFT Í HÚSIÐ

„Að loknum vinnudegi er gott að koma heim sé allt á sínum stað og loftið ferskt og gott. Gott ráð til þess er að opna glugga áður en farið er í vinnuna,“ segir Halldór Tinni Sveinsson, ritstjóri Húsa og hýbýla. „Það er alveg frábært að koma heim í ferksa loftið. Þetta er gott lítið tipps sem auðvelt er að framkvæma.“

Verð á bifreiðum

B&L lækkar verð á bílum

Í kjölfar styrkingar krónunnar síðustu daga ákvað bifreiðumboðið B&L að lækka verð á nýjum bílum. Nemur lækkunin að meðaltali 5 prósentum en hún er breytileg eftir bílgerðum.

Verð á bifreiðum lækkar þá aftur hjá fyrirtækinu í kjölfar hækkana sem urðu vegna gengissveiflna í mars. Er um umtalsverðar lækkunar að ræða á sumum bílum, frá nokkur hundruð þúsundum upp í rúmlega milljón krónur á dýrustu bílum. Vonast forráðamenn fyrirtækisins til að styrking krónunnar haldi svo ekki þurfi að koma til hækkana að nýju.



Ráðstefna um sveitarstjórnarrétt

verður haldin á Hótel KEA, Akureyri 11. apríl, kl. 13.15

Ráðstefnustjóri: Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður

Dagskrá:

Kl. 13.15 Setning ráðstefnu. Kristján Möller samgönguráðherra

Kl. 13.30 Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis:

Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum - réttaröryggi eða ógn við sjálfstæði sveitarfélaga?

Kl. 14.00 Sesselja Árnadóttir, lögfræðingur KPMG og höfundur skýringarrits um sveitarstjórnarlögin:

Ábyrgð sveitarstjórnarmanna, réttindi og skyldur, hefur aukin dreifstýring hjá sveitarfélögum áhrif?

Kl. 14.30 Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands sveitarfélaga:

„Er rammalöggjöf betri en miðstýring? – Sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaga skv. 4. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga“

Kl. 15.00 Kaffihlé

Kl. 15.30 Trausti Fannar Valsson, lögfræðingur og doktorsnemi í sveitarstjórnarrétti:

Heimild sveitarfélaga til að ákveða sér afrakstur af fyrirtækjum sínum og stofnunum.

Kl. 16.00 Inga Þóll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður:

Hver á að bera kostnað við rekstur máls fyrir stjórnvöldum?

Kl. 16.30 Ráðstefnuslit

Aðgangur án endurgjalds - allir velkomnir

Ráðstefnan er styrkt af Verkefnasjóði Háskólans á Akureyri og EYBING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Misdýrt að láta skipta um dekk fyrir sumarið

Nú fer í hönd tími umfelgana á bílum okkar. Fréttablaðið kannaði verð á slíkri þjónustu og komst að því að munað getur umtalsverðum fjárhæðum á kostnaði við slíka þjónustu.

Umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13-15“ dekk á stálfelgum er ódýrust hjá Vöku og dýrust hjá N1. Hjá Vöku kostar slík umfelgun 4.800 krónur en 6.699 krónur hjá N1. Munurinn nemur 1.899 krónum. Svipaða sögu er að segja um verð á umfelgun á jeppa með 29“ dekk á jarnfelgum. Hún er ódýrust hjá Vöku, sléttar 7.000 krónur, en dýrust hjá N1 eða 8.126 krónur. Munurinn á 29“ dekkja umfelgun er ekki eins afgerandi og á 13-15“ dekkja umfelgun, eða 1.126 krónur.

Fréttablaðið kannaði verð á umfelgun á 13-15“ dekkjum hjá sömu sjö stöðunum á landinu annað árið í röð: Vöku, Dekkjaverkstæði Grafarvogs, Pitstop, Bílaáttunni, Bílkó, Gúmmívinnslunni Akureyri og N1. Vaka var einnig ódýrust í fyrra og býður upp á sama verð, kr. 4.800, meðan N1 hefur hækkað verðið um 609 krónur og býður enn upp á hæsta verðið eins og fyrir ári.

Líkt og hjá Vöku stendur verðið hjá Dekkjaverkstæði Grafarvogs í stað síðan í fyrra en mesta hækkunin hefur orðið hjá Gúmmívinnslunni Akureyri, eða 1.273 krónur.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar, segir mikinn misbrest á því að fólk fari eftir settum reglum er varða akstur á nagladekkjum: „Því miður er allt of algengt að fólk sé að keyra á glamrandi nöglum sem grafa ofan í malbikið og gera vegi verri til aksturs. Nagladekk skilja oft eftir sig rásir með vatni og slitin nagladekk geta lengt hemlunarvegalengd og virkað eins og skautar á blautum vegum.“

Lögreglan hefur heimild til að sekta bíleigendur á nagladekkjum um 5.000 krónur á hjólbarða eftir 15. apríl. Það er því vissara að fara að lögum til að vernda vegina, lágmarka hættu á slysum og forðast fjársektir.

VERÐKÖNNUN Á UMFELGUN

Kostnaður við verð á umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13“-15“ dekk á stálfelgum annars vegar og hins vegar jeppa með 29“ dekk á stálfelgum

Verð	13-15“	29“
Vaka	4.800	7.000
Dekkjaverkst. Grafarvogs	5.752	7.551
Pitstop	5.971	8.002
Bílaáttan	6.200	7.500
Bílkó	6.236	7.750
Gúmmívinnslan Akureyri	6.590	7.890
N1	6.699	8.126



TÍMI DEKKJASKIPTA Lögreglan hefur heimild til að sekta ökumenn sem keyra á nagladekkjum eftir 15. þessa mánaðar.

MATUR & NÆRING IÐUNN GEIRSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Notkun gers við brauðgerð fyrr og nú

Ger kemur mjög víða við í matvælaframleiðslu. Það er meðal annars eitt af lykilhráefnum brauðgerðar og hefur það verið notað allt frá tímum Forn-Egypta. Fyrstu brauðin voru flatar og harðar kökur sem voru lagaðar úr mjóli og vatni og bakaðar á heitum steinum. Upphaflega var ger notað á forni súrdeigs en úr því fengust mun léttari og bragðmeiri brauð en áður þekktist. Menn komu sér upp „skemmdu“ deigi og í það var sett malað korn og vatn til þess að laga brauðhleif. Hluta af deiginu var svo alltaf haldið eftir til næstu brauðgerðar. Á þennan hátt gat súrdeigið gengið manna á milli og jafnvel kynslóða á milli. Í súrdeigi eru auk gersveppa svokallaðir mjólkursýrugerlar sem gefa brauðum mjög einkennandi bragð sem margir sækjast eftir.

Það var vísindamaðurinn Louis Pasteur sem uppgötvaði síðar að gersveppir eru lifandi frumur sem mynda lofttegundina kolsýru og vinnandi við að gerja sykrur mjólsins ef þeim eru búin hagstæð lífsskil-



yrði. Til gamans má geta þess að í einu grammi af geri geta verið um 20 milljarðar gerfruma. Gerfrumur dafna best í brauðdeigi við 35°C. Ef vökvinn er of heitur drepast gerfrumurnar (54°C) og þá verður deigið þungt og klesst. Of kaldur vökvinn eða umhverfi lamar mátt þeirra svo það tekur lengri tíma fyrir deig að lyfta sér. Bein snerting við salt hefur einnig hamlandi áhrif á gerfrumur. Hitinn í ofninum veldur því að kolsýran þenst út þannig að deigið lyftir sér enn frekar. Þegar hitinn í brauðinu nær 54°C deyr geríð og verður óvirkt.

Þótt vísindamenn hafi greint yfir 400 mismundandi tegundir af gersveppum er bakaragerið (Sacharomyces Cereviceae) nær allsráðandi við brauðgerð. Bakarager er ýmist notað sem pressuger eða þurrger. Það er lítil munur á þessum tveimur

gersveppum þótt sumum bökum finnst pressuger gefa betra bragð. Þurrgerið er notað í minna magni og er gott viðmið að einn pakki af þurrgeri (um 12 g) komi í stað 50 g af pressuger í uppskrift. Pressuger á að geyma í kæli og hefur það tiltölulega stuttan líftíma (nokkrar vikur). Þurrgerið geymist vel við stofuhita og endist í marga mánuði í loftþéttum umbúðum.

Ger hefur ekki teljandi áhrif á næringargildi brauða þar sem það er ekki notað í miklu magni. Það hefur aftur á móti mikil áhrif á bragðgæði og áferð. Í ljósi þess að geríð er lifandi örvera, sem deyr við bakstur, er ekki möguleiki að gersveppurinn haldi áfram að gerjast í líkamanum eftir neyslu brauða. Það á bæði við um brauð löguð úr bakarageri og súrdeigi.

www.mni.is



Austurlönd

Fleiri möguleikar í flutningum milli Asíu og Íslands



RAUÐA LEIÐIN – með flugi alla leið

Flutningstími: 5–7 dagar

GRÆNA LEIÐIN – með skipi að hluta og flugi að hluta

Flutningstími: 3–4 vikur

Bláa leiðin – með skipi alla leið

Flutningstími: 5–6 vikur

Öryggi alla leið

Við aðstoðum viðskiptavini við að veða og meta hvaða leið hentar best hverju sinni.

Hvaða leið sem þeir kjósa, geta þeir treyst því að varan er í öruggum höndum alla leið. TVG-Zimsen er eingöngu í samstarfi við viðurkennda fagaðila á sviði flutninga um allan heim.

Við sjáum um allt sem viðkemur flutningunum frá upphafi til enda; meðhöndlun tollskjala, farmbréfa og annarra pappíra. Við leggjum sérstakan metnað í góða upplýsingagjöf og þjónustu við viðskiptavini á öllum stigum flutningaferlisins.

TVG-ZIMSEN

SÍÐAN 1894



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
5.451 +0,40%Fjöldi viðskipta: 799
Velta: 8.523 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ SKIPTI
SPRON
EXISTA

MESTA LÆKKUN

+6,21%
+5,45%
↓ ATLANTIC PET. -0,28%
+1,63%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,50 +0,54% ... Bakkavör 45,15 +1,92% ... Eimskipafélagið 24,50 -0,81% ... Exista 12,64 +6,22% ... FL Group 6,95 +2,51% ... Glitnir 18,10 +1,40% ... Icelandair 24,45 -0,20% ... Kaupþing 861,00 +1,41% ... Landsbankinn 30,55 +1,16% ... Marel 91,90 +0,55% ... SPRON 5,45 +9,0% ... Straumur-Burðarás 12,65 +1,61% ... Teymi 4,42 +2,32% ... Össur 92,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Dalir og sent

Frá því í byrjun árs hefur gengi deCODE Genet-ics í Nasdaq OMX kauphöllinni í Bandaríkjunum fallið úr um það bil 3,5 Bandaríkjadóllum í tæplega 1,5 dali. Hér skal ósagt látið hvort þetta sé eðlileg sveifla á verði hlutabréfanna. Áhugamaður um hlutabréfaverð heyrðist nýverið segja að áhyggju-efni væri ef verð bréfanna færi niður fyrir einn dal. Bandaríkjadalurinn stendur um þessar mundir nálægt 72 krónum og má því velta fyrir sér hvort ekki sé þá ástæða til að hafa stórfelldar áhyggjur af þorra félaga sem hér eru skráð í kauphöll, að maður tali nú ekki um þeim ódýrustu, þar sem hlutabréfaverð nemur ekki nema nokkrum sentum. Þá má nefna að gengi jafnstöðugs fyrirtækis og Landsbankans er rétt undir „rapp-aragenginu“ 50 sentum á hlut.

Friðurinn úti

Gárungarnir halda því nú fram að friðurinn sé úti á viðskiptafarrými flugfélaganna í kjölfar þess að Evrópusambandið hefur samþykkt að heimila almenningi að nota farsíma í farþegaflugi síðar á þessu ári. Í samþykkt ESB felst, að flugfarþegar geta nú talað í símann sinn, sent sms-skeyti og tölvupóst í þrjátíu þúsund feta hæð innan evrópskrar lofthelgi. Er gert ráð fyrir að flugfélögin setji upp sérstaka þjónustu í vélum sínum í þessum tilgangi. Á sama tíma og margir hafa brugðið á það ráð í alþjóðlegri lánsfjárræðu að losa sig við dýrar og íburðarmiklar einkaþotur og ferðast þess í stað í almennu farþegaflugi, er vist að þessar fregnir munu koma sér vel. En hvort friðvænlegt verður fyrir aðra farþega í háloftunum skal ósagt látið.



Gullið svarta upp í 112 dali

Heimsmarkaðsverð á hrólú rauk í rúma 112 dali á tunnu á bandarískum fjármálamarkaði í gær. Verðmiðinn á gullinu svarta hefur aldrei sýnt hærra verð.

Ástæðan er samdráttur á olíubirgðum í Bandaríkjunum í síðustu viku, samkvæmt tölum úr skýrslu bandaríska orkumálaráðuneytisins sem birt var í gær. Niðurstaðan er þvert á spár.

Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir Tom Bentz, miðlara hjá franska bankanum BNP Paribas, að spákaupmenn hafi leitað skjóls í auknum mæli á hrávörumarkaði. Sé lítið sem hindri frekari verðhækkun á næstunni.

- jab

Kaupþing stærra en Motorola og Mazda

Kaupþing er stærra fyrirtæki en Motorola, Yahoo, Adidas og Mazda samkvæmt nýjum lista viðskiptatimaritsins Forbes yfir stærstu félög heims. Kaupþing hoppar upp um 202 sæti frá því í fyrra og endar í sæti númer 593. Alls eru tvö þúsund fyrirtæki á listanum og er þetta í annað sinn sem bankinn nær þar inn. Stærð fyrirtækjanna er metin út frá veltu, hagnaði, eignum og markaðsvirði.

STÆRSTU FYRIRTÆKI

Samkvæmt lista Forbes

1. HSBC bankinn
 2. General Electric
 3. Bank of America
 4. JP Morgan Chase
 5. Exxon Mobil
-
593. Kaupþing banki
 618. Motorola
 648. Yahoo
 700. Mazda

Fjármálafyrirtæki og olíufélög eru áberandi í efstu sætum Forbes-listans.

HSBC-bankinn er stærsta fyrirtæki heims, General Electric í öðru sæti, Bank of America í þriðja, JP Morgan-bankinn í fjórða og olíufélagið Exxon Mobil í því fimmta. Á topp tíu listanum eru sex fyrirtæki bandarísk, tvö frá Hollandi, eitt japanskt og eitt breskt.

- bg



ÁKVEÐA STYRIVEXTI Í DAG Ingimundur Friðriksson og Davíð Oddsson munu tilkynna í dag hvort Seðlabankinn telji ástæðu til að hækka styrivexti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fáránlegar vangaveltur

„Vangaveltur um að íslenska ríkið geti lent í greiðsluþroti eru fáránlegar,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra í samtali við fréttaveituna Bloomberg. Hann segir að útflutningur héðan fari vaxandi, viðskiptahallinn minnkandi og staða bankanna sé sterk.

Matsfyrirtækið Moody's birti í gær skýrslu um Ísland þar sem segir meðal annars að Ísland komi betur út en önnur ríki sem hafa lánsþæfiseinkunnina Aaa, en slík ríki geti auðveldlega hrist af sér erfiðleika í öllum geirum

efnahagslífsins. En efnahagskerfið gæti stefnt í harða lendingu sem gæti leitt til neikvæðs hagvaxtar í nokkra ársfjórðunga. Þá segir skýrsluhöfundur áhyggjuefni að skuldbindingar íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum geti reynt á getu stjórnvalda sem lánveitanda til þrautarvara, þannig að það samræmist ekki svo góðri lánsþæfiseinkunn. Því hafi horfum Íslands fyrir einkunnina verið breytt úr stöðugum í neikvæðar í síðasta mánuði.

- ikh

Álagið ætti að lækka

Fjárfestar laðast að þeim aðstæðum sem einkennt hafa íslenskt fjármálakerfi að undanförunni eins og mý á mykjuskán og taka skortstöðu í gjaldmiðlinum, hlutfélögum sem starfa í gjaldmiðlinum, skuldabréfum þessara félaga og öðrum þeim stærðum sem unnt er að taka stöðu í og hagnast á að illa fari. Þetta segir í afkomuspá Greiningar Glitnis, sem dreift var til stærstu fjárfesta og viðskiptavina bankans í lok síðustu viku.

Þar segir enn fremur að afar erfitt sé að geta sér til um í hvaða mæli slíkar stöður séu þar sem veðjað er á að illa fari fyrir íslensku bönkunum og íslenskum efnahag, en eflaust hafi slíkar stöður þó ýkt allar neikvæðar hreyfingar á íslenskum hagstærðum.

Eins og kunnugt er hefur skuldtryggingaálag á íslensku bankana hækkað upp í hæstu

hæðir að undanförunni, enda þótt það hafi lækkað nokkuð allra síðustu daga. Vitnar Greining Glitnis til þess að heyrst hafi að ýmsir erlendir bankar og vognunarsjóðir kaupi skuldtryggingar á banka á Íslandi, Írlandi og Spáni, sem og öðrum löndum þar sem líkur þykja á efnahagslegum skelli í náinni framtíð, beinlínis í þeim tilgangi að hagnast þannig á fjármálaóstöðugleika í þessum löndum.

„Eins og við höfum áður bent á eru hins vegar litlar líkur á því að sú verði raunin hér á landi og búast má við að ýmsa þeirra sem keypt hafa skuldtryggingar í þessum tilgangi þrjúti örendið, í kjölfarið ætti skuldtryggingaálag íslensku bankanna að færast nær því sem raunveruleg greiðslufallsáhætta þeirra gefur til kynna,“ segir enn fremur í afkomuspá Glitnis.

- bih

Forsætisráðherra ætla að auka gjaldeyrisforðann

Seðlabankinn á hvorki í viðræðum við evrópska seðlabankann um gjaldmiðlaskipti né norræna seðlabanka um aðgerðir til að styðja við íslenska banka. Forsætisráðherra fullyrðir að gjaldeyrisforðinn verði aukinn.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að í undirbúningi sé að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans, svo að hann geti mætt auknum erlendum eignum bankanna. Þetta er haft eftir honum á vef fréttaveitunnar Bloomberg. Þar segist ráðherrann ekki geta gefið upp nákvæma tölu í þessu sambandi.

Haft er eftir Geir í Financial Times að ríkisstjórnin geti auðveldlega gefið út skuldabréf til að styrkja gjaldeyrisvaraförðann.

Erlendar eignir bankanna nema yfir þúsund milljörðum króna en gjaldeyrisforðinn er nú um 220 milljarðar króna. Því er ljóst, að til þess að þetta gangi eftir, þarf að tryggja Seðlabankanum mörg hundruð milljarða króna til viðbótar við núverandi forða.

„Svo mér sé kunnugt um erum við ekki í neinum viðræðum við evrópska seðlabankann um gjaldmiðlaskipti,“ segir Sturla Pálsson, yfirmaður alþjóðasviðs Seðlabankans. Hann kannast heldur ekki við að nú standi yfir viðræður við seðlabanka annars staðar á Norðurlöndum um sameiginlegan stuðning við banka. Mattias Persson, einn yfirmanna sænska seðlabankans, neitaði því einnig á dögunum að slíkar viðræður stæðu yfir. Yfirmaður í danska seðlabankanum neitaði að tjá sig um málið.

„Við eigum í látlausu samtali við norræna seðlabanka og fleiri seðlabanka, en það eru engar formlegar viðræður í gangi við norrænu bankana.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að verðugt sé að kanna „hvort Seðlabankinn geti tekið upp samstarf við seðlabanka í þeim ríkjum þar sem íslensku bankarnir eru umsvifamiklir“. Bankarnir eru til að mynda með nokkur umsvif á evrusvæðinu og stunda viðskipti sín mjög í evrum. Ráðherrann bætti því við í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans að þetta væri til skoðunar í bankanum og hnykkti á því í viðtali við fréttastofu Sjónvarpsins á dögunum.

Bankastjórn Seðlabankans ræddi við Jurgen Stark, einn bankastjóra evrópska seðlabankans, í febrúar.



GEIR H. HAARDE Forsætisráðherra tilkynnti á ársfundi Seðlabankans að til skoðunar væri að bankinn tæki upp samstarf við seðlabanka í þeim ríkjum þar sem umsvif bankanna væru mikil.

Ekkert hefur verið gefið upp um hvað rætt var á fundinum.

Fram kemur í Financial Times í gær að víða sé búist við því að fljótlega verði tilkynnt um einhvers konar samstarf norrænu seðlabankanna í þessum efnunum.

Tilkynnt verður um vaxtaákvörðun Seðlabankans í dag. Ýmsir vænta þess að þá nýti bankastjórnin tækifærið til að lýsa aðgerðum sínum til að tryggja íslensku bönkunum aðgang að lausafé í erlendri mynt.

Geir H. Haarde kom frá Svíþjóð með einkaflugvél í gærkvöldi. Hann heldur vestur um haf seinnipartinn, en verður við störf hér heima þangað til.

ingimar@frettabladid.is

Ásökunum stjórnarformanns Kaupþings vísað á bug

„Ásakanir þess efnis að við höfum reynt að tala niður hlutabréfaverð eru alvarlegar. Við vísum þeim á bug,“ segir Andrew Honner, upplýsingafulltrúi breska vognunarsjóðsins Lansdowne Partners.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, sagði í Markaðnum í gær að Lansdowne og þrjár aðrir sjóðir, Trafalgar Fund, Ako Capital og Cheney Capital hafi tekið skortstöður í íslenskum hlutabréfum og skuldtryggingum. Þá hafi þeir og fleiri kerfisbundið haft samband við breska fjölmiðla og greiningardeildir þarrendra banka til að keyra skuldtryggingaálagið upp og fella hlutabréf bankanna.

Fulltrúar þriggja sjóða sem Sigurður nefnir sögðu reglur þeirra meina þeim að tjá sig um einstök viðskipti með hlutabréf og skuldtryggingar. Cheney Capital er hins vegar skráður fyrir litlum hlut í Kaupþingi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Allir vísuðu þeir ásökunum Sigurðar á bug.

„Þetta þarf að skoða mjög rækilega. Markaðsmisnotkun af því tagi sem virðist hafa verið viðhöfð er bæði siðlaus og sakhæf samkvæmt lögum. Ef þetta reynist rétt er ástæða til að taka málið föstum tökum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann segir erfitt að sannreyna málið en Fjármálaeftirlitið hafi ýmis ráð til þess.

- jab



KAUPHALLARFORSTJÓRNIN Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir markaðsmisnotkun siðlausu og sakhæfa samkvæmt lögum en Fjármálaeftirlitið hafi ráð að sannreyna málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus



Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. **MERKT VERÐ 399 KR./KG.**



Holta kjúklingasteik á álbakka
515 kr./kg. **MERKT VERÐ 859 KR./KG.**



Holta hálf-úrbeinuð kjúkingalæri
642 kr./kg. **MERKT VERÐ 1069 KR./KG.**



Steiktir kjúklingastrimlar
1189 kr./kg. **MERKT VERÐ 1699 KR./KG.**



KS frosinn lambabógur
489 kr./kg. **MERKT VERÐ 699 KR./KG.**



KS frosin lambasvið
199 kr./kg. **MERKT VERÐ 399 KR.**



NAUTAAT ferskt íslenskt
ungnautahakk **798 kr./kg.**



Heill steiktur kjúklingur ca 1100g
Aðeins 598 kr.stk.



Nautaát íslenskir ungnautaborgarar
4 stk. m/brauði **489 kr pakkinn.**



Bónus síld 600g krukka **198 kr.**



Bónus spelt pizzadeig **400G 198 kr.**



Óðals beikon
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Mesta skógareyðing frá upphafi skógræktar:

Vald og hjartalag

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Föstudaginn 18. janúar 1957 lauk í Los Angeles í Bandaríkjunum fyrsta fluginu umhverfis jörðina sem farið var í einum óslitnum áfanga. Þann sama dag skrifuðu eldri hjón, eins og þau kölluðu sig, til heimilis að Fossvogsbletti 45 við Sléttuveg í Reykjavík sendibréf er síðar var birt og heyrir nú til íslenskra bókmennta.

Þetta voru hjónin Steinn Steinarr og Ásthildur Björnsdóttir. Bréf þeirra var stílað til Gunnars Thoroddsen borgarstjóra. Erindið við borgarstjórn þennan janúardag snerist um ásjá fyrir gamla mórauða hundtík sem þau höfðu haldið um nokkurn tíma á móti þágildandi lögum og rétti í borginni.

Í bréfi þeirra hjóna sagði: „Þess vegna spyrjum við yður, herra borgarstjóri, hvort þér getið í krafti embættis yðar og þó einkum af yðar snotra hjartalagi veitt okkur nokkra slíka undanþágu frá laganna bókstaf, að við megum herbergja skepnu þessa, svo lengi henni endist aldur og heilsa.“

Einmitt þarna í Fossvoginum þar sem skáldið og kona hans bjuggu hafði starf hugsjónamanna um skógrækt fengið að skjóta rótum. Í fyrsta tölublaði ársins 2008 af Laufblaðinu, fréttabréfi Skógræktarfélag Íslands, birtist ný áskorun til borgaryfirvalda. Hún snýst um að þyrma vaxandi trjágróðri á austurheiðum Reykjavíkur. Þar vex nú skógur af mannavöldum á móti gildandi lögum og rétti um skipulag í borgarlandinu.

Í fréttabréfið skrifar Einar Gunnarsson: „Ef hugmyndir Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á austurheiðum ganga eftir stefnir í einhverja umfangsmestu skógareyðingu á Íslandi frá upphafi skógræktar.“ Hér er kveðið fast að Ögerningur er að láta slík orð líða hjá án þess að gefa þeim gaum.

Skógrækt við Rauðavatn byrjaði á fyrsta ári síðustu aldar. Einar Gunnarsson bendir í grein sinni á að svo virðist sem fallið hafi í gleymsku og dá að árið 1975 hófst svo fyrir alvöru saga ræktunar á Hólmsheiði. Það verkefni var strax í upphafi styrkt myndarlega með fjármunum frá Þjóðargjöfni sem svo var nefnd. Hún var metnaðarfull gjöf þjóðarinnar til landsins í tilefni ellefu hundruð ára byggðar. Henni fylgdu háleiti fyrirheit í mörgum hátíðarræðum.

Með þjóðargjöfni átti að hefja nýtt átak til uppgræðslu í landinu. Markmiðið var að endurgjalda aldagamla skuld upplásturs og gróðureyðingar. Hólmsheiðin þótti verðug þess að fá spón úr þessum hátíðaraski. Síðar hófst skipulagt skógræktarstarf á þessum slóðum með þátttöku mörg þúsund ungmenna ár eftir ár. Greinarhöfundur segir að árangurinn megi sjá í víðáttumiklum ungskógi sem farinn sé að gegna margþættri vistþjónustu.

Hvað veldur því að borgaryfirvöld virða þetta mikla ræktunarstarf að vettugi og vinna nú að því að gera að veruleika skipulagsreglur þar sem skógræktin vikur fyrir malbikuðum götum, húsum og væntanlega flugvelli? Hvaða þörf er á því í landi þar sem enginn skortur er á landrými? Hvað kallar á slíka árekstra milli steinsteypu og ræktunarstarfs?

Á sínum tíma þótti skáldinu og konu hans sem þá bjuggu í grennd við skógræktina í Fossvoginum fullt tilefni til að höfða ekki aðeins til krafta embættisvalds borgarstjórnar í Reykjavík heldur einnig til hans snotra hjartalags í þeim tilgangi að lengja lífdaga hundtíkur nokkurrar. Fimmtíu árum síðar og einu betur sýnist vera árin ástæða til þess að kalla aftur fram, ef þess er nokkur kostur, það besta í embættisvaldi og hjartalagi borgarstjórnar. Nú til að lengja lífdaga vaxandi skógarsvæðis.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ABSTÖÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hringdu í síma

5125060

ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Neytendur

Þriðjungur neytenda telur mótmæli bílstjóra ekki í þágu neytenda, að sögn talsmanns neytenda á blogg-síðu sinni, www.neytendatalsmadur.blog.is. „Samkvæmt óvísindalegri könnun minni hér á blogginu í gær og fyrradag, þar sem um 330 greiddu atkvæði, er réttur þriðjungur neytenda á því að nóg sé komið af mótmælum bílstjóra gegn háu bensínverði – enda hafi þau ekki verið í þágu neytenda,“ skrifar talsmaður neytenda. Það er gott að talsmaður neytenda vinnur óvísindalegar kannanir í þágu neytenda á neytendabloggi sínu. Því er ekki að neita. Og hvað eru margir neytendur í því?



Helgari Hjörvari

Höskuldur Þór Þórhallssyni, þingmanni Framsóknarflokks, var mikið niðri fyrir í utandagskrárumæðu um loftslagsmál á Alþingi í gær. Sérstaklega var hann óánægður þegar Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, sagði Framsóknarflokkinn hafa gleymst á síðustu öld í umhverfismálum. „Það var holur mállutningur sem kom frá háttvirtum þingmanni, Helgari Hjörvari,“ mismælti Höskuldur sig. Og þá hló þingheimur.

Gegnsær ráðherra

Bandalag háskólanna sættir sig víst ekki við svör Kristján L. Möller

Samgönguráðherra vegna auglýsingar á embætti vegamálastjóra. Hefur bandalagið ítrekað kröfu sína um að ráðherra dragi auglýsinguna til baka og að staðan verði auglýst aftur þannig að gegnsæi sé tryggt. Ráðherra segist einmitt hafa verið að tryggja gegnsæi með því að krefjast háskólamenntunar í verkfræði eða sambærilegar menntunar. Þar hafi hann átt við háskólamenntun á öðrum sviðum en verkfræði, þó þannig að umsækjandi hafi lokið meistaraþrófi eða kandiðsþrófi samkvæmt eldri skipulagi háskólans. Er þetta ekki alveg gegnsætt? steindor@frettabladid.is / olav@frettabladid.is



Glæpagengiskenningin

Gengi gjaldmiðla sveiflast upp og niður á gjaldeyrismörkuðum. Til þess liggja tvær höfuðástæður. Önnur ástæðan er sú, að menn braska gjarnan með gjaldeyri líkt og þeir braska með góðmálma og verðbréf, en ekki með ferskan fisk. Munurinn er sá, að gjaldeyri, góðmálmar og verðbréf hafa geymsluþol langt umfram fisk. Menn geta keypt gjaldeyri, þegar þeir halda, að hann sé ódyr, og geymt hann til að selja hann aftur síðar, þegar hann hefur hækkað í verði. Menn greinir jafnan á um, hvort gjaldmiðill er þessa stundina of hátt metinn eða of lágt. Það er eðlilegt. Ágreiningur um gengi er aflvaki spákaupmennskunnar: þeir selja, sem eiga von á lækkun, hinir kaupa. Spákaupmenn fylgja stundum hverjir öðrum líkt og í blindni. Hjarðhegðun þeirra ýtir undir gengissveiflur. Verðbréf, gull og silfur lúta sama lögmáli, en ekki nýveiddur fiskur, því hann geymist ekki nema í nokkra daga.

Hin höfuðástæðan til gengissveiflna er sú, að gengi orkar á útflutning og innflutning og áhrifin láta stundum bíða eftir sér. Tafirnar geta leitt til þess, að fljóttandi gengi sveiflast ýmist upp eða niður í kringum einhvers konar langtímajafnvægi, sem erfitt getur reynt að staðsetja einmitt vegna öldugangsins. Þess vegna auk annars fást yfirleitt hvorki bankamenn né varkárir hagfræðingar utan bankanna til að slá neinu föstu um það, hvert gengi gjaldmiðla eigi að réttu lagi að vera. Þetta á við um gengi krónunnar nú ekki síður en um gengi annarra flotmynta á ýmsum tímum.

Lággengislönd og hággengislönd

Sumum þjóðum tekst langtímum saman að halda gengi gjaldmiðla sinna ýmist undir eða yfir eðlilegu marki. Sum lönd eru lággengislönd, til dæmis Kína. Kínverjar festa gengi júansins (ásjóna Maós



PORVALDUR GYLFASON Í DAG | Sviptingar í efnahagslífinu

þrýðir alla peningaseðla þar austur frá) undir réttu marki, svo að útflutningur eykst hratt frá ári til árs. Í krafti lágs gengis búa Kínverjar við umtalsverðan afgang á viðskiptum við útlönd, og viðskiptaþjóðir þeirra, svo sem Bandaríkjamenn, búa við samsvarandi viðskiptahalla. Þegar bandarískir stjórnarindrekar biðja kínversk yfirvöld að hækka gengi júansins til að örva útflutning á bandarískum varningi til Kína, svara Kínverjar að bragði: Lækkið þið heldur gengi dollarans. Þetta er ein skýringin á lágu gengi dollarans undangengin ár.

Önnur lönd eru hággengislönd. Sum þeirra búa við hátt gengi vegna þess, að þau búa svo í haginn handa útflutningsvinnuvegum, að innstreymi gjaldeyris tekna í skiptum fyrir útflutning á vörum og þjónustu viðheldur háu gengi. Önnur lönd eru hággengislönd vegna þess, að þau laða til sín erlent fé til framkvæmda og annarra fjárfestinga. Enn önnur lönd búa við hátt gengi af því, að þeim hefur mistekizt að halda verðbólgu í skefjum, og verðbólga heima fyrir umfram verðbólgu í helztu viðskiptalöndum hækkar raungengið með tímanum. Aðrar skýringar á landlægru hággengisþjögun eru innflutningshöft og útflutningsstyrkir, eins og ég hef oft áður lýst á þessum stað og víðar. Allar þessar skýringar liggja að baki háu gengi íslensku krónunnar aftur í tímann. Hátt

gengi fellur að endingu. Gengisfall krónunnar var óhjákvæmilegt og æskilegt, þar eð of hátt gengi kallar á of mikla skuldasöfnun í erlendri mynt og bitnar á útflutningi og varanlegum hagvexti. Skuldur íslenskra fyrirtækja, heimila og banka eru of miklar og kalla á leiðréttingu, sem getur reynt sársaukafull. Gengisfallið dregur úr skuldasöfnuninni, en það þvingir jafnframt greiðslubyrðina af eldri skuldum.

Samsæri? Nei, varla

Ég varaði við því strax vorið 1999 (sjá Framtíðin er annað land, bls. 113-118) og oft eftir það, að gjaldeyrisforði Seðlabankans væri of rýr, en því kalli var ekki sinnt fyrr en 2006 og aftur nú. Digur forði sendir spákaupmönnum og öðrum skýr skilaboð um festu í gengismálum, þótt gengið fljóti. Gjaldyrisforðann á þó ekki að nota til að halda gengi krónunnar of háu. Forðann á að nota til að draga úr óeðlilegum gengissveiflum. Gengisfall krónunnar að undanförun verður ekki helzt rakið til erlendra samsærismanna, svo sem Seðlabankinn gefur í skyn. Samsæriskenningin hljómar ekki vel úr munni seðlabankastjóra, sem reyndi fyrir fáeinum árum sem forsætisráðherra að hrinda af stað áhlaupi á Kaupþing með því að taka þaðan út sparifé sitt í beinni útsendingu (til að mótmæla sjálfteknum launum bankastjóranna!). Takist ekki að ráða raunhæfa bót á lausafjarkreppu bankanna, getur farið svo, að gengið lækki um tíma niður fyrir eðlilegt mark. Slíkt hefur gerzt í öðrum löndum. Þá þyrfti að vera hægt að grípa til gjaldyrisforðans, sem Seðlabankinn vanrækti að byggja upp og leitar nú leiða til að efla. Og þá kæmi sér vel að hafa sýnt árvekni einnig í ríkisfjármálum og reka ríkisbúskapinn með miklum afgangi í uppsveiflunni. Þá þyrfti ríkið ekki að taka lán nú til að efla gjaldyrisforðann.

Sameiginleg lífeyrisréttindi

UMRÆÐAN

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisréttindi alþingismanna hafa verið lítsvert til umfjöllunar síðan ný lög um réttindi forseta Íslands, ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara tóku gildi í desember 2003. Upphaflega lagafrumvarpið var lagt fram af fulltrúum allra flokka. Var í því kveðið á um breytingar á lífeyrisréttindunum og voru þau í sumum tilfellum skert en í öðrum tilfellum aukin, einkum hjá þeim sem gegnt höfðu ráðherraembættum. Þá var greiðslubyrði þingmanna í eftirlaunasjóð aukin samhliða þessu.

Ekki var fellt á brott gamalt ákvæði þess efnis að ef einstaklingar úr fyrrgreindum hópum hyrfu til annarra starfa gætu þeir jafnframt, í einhverjum tilfellum, þegið greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þetta ákvæði er þó líklega það umdeildasta við eftirlaunarétt umræddra hópa.

Í forsætisráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar leitaði hann til formanna þáverandi stjórnarandstöðuflokka um samstarf við að fella þennan rétt



HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

niður. Lítil áhugi var fyrir slíku samstarfi. Lögunum var ekki því breytt á þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Halldórs.

Nýlega leitaði fréttastofa Stöðvar 2 eftir viðbrögðum þingmanna við frumvarpi Valgerðar Bjarnadóttur um breytingar á þessum lögum. Þótt mér finnst óeðlilegt að fréttamenn ætlist til þess að þingmenn „greiði atkvæði“ um þingmál utan Alþingis vil ég þó geta þess að í umræðum um frumvarpið sagði varaformaður Framsóknarflokksins vel geta stutt frumvarp í þessum anda. Undir það tek ég og vek jafnframt athygli á því að á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins samþykktum við ályktun þess efnis að afnema ætti sérréttindi alþingismanna og tryggja að allir landsmenn búi við sambærileg lífeyrisréttindi. Hitt er svo annað mál að það er sérkennilegt að annar stjórnarflokkurinn kjósi að taka út ákvæði í stjórnarsáttmálanum og flytja um það mál í eigin nafni, án samstarfs við samstarfsflokkinn. Það eru nýjungar í stjórnarsamstarfi en segir meira en mörg orð um stöðuna þar á bæ.

þingi Framsóknarflokksins samþykktum við ályktun þess efnis að afnema ætti sérréttindi alþingismanna og tryggja að allir landsmenn búi við sambærileg lífeyrisréttindi. Hitt er svo annað mál að það er sérkennilegt að annar stjórnarflokkurinn kjósi að taka út ákvæði í stjórnarsáttmálanum og flytja um það mál í eigin nafni, án samstarfs við samstarfsflokkinn. Það eru nýjungar í stjórnarsamstarfi en segir meira en mörg orð um stöðuna þar á bæ.

Höfundur er alþingismaður.



HEILIR STURTU KLEFFAR

Óbreytt
verð!

Engar
hækkanir!

MEÐ ÖLLU

80x80 kanntaður
90x90 rúnaður

ÖRYGGISGLER



Sturtuhús



Handsturta



Hitastýrð
blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

VERÐ FRÁ 88.900,-

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Skólaskylda og annað nám

UMRÆÐAN

Menntamálið

Tölurverð umræða hefur verið um heimanám barna undanfarið og sitt sýnt hverjum. Efni lokaverkefnis okkar við KHÍ vorið 2005 sneri einmitt að heimanámi og hvort skólinn hefði yfir höfuð nægan tíma til að mennta börn í því sem honum er ætlað.

Í þessari umræðu teljum við að kennurum beri að líta til þess vinnutíma sem barninu er ætlað að vinna og sinna skyldum sínum. Lenging skólaskyldu á síðustu áratugum hefur orðið til þess að skólinn tekur orðið meiri tíma í lífi hvers einstaklings en áður. Íslenskir kennarar hafa nú yfir stórum hluta vökutíma barnsins að ráða til að koma því kennsluefni til skila sem þeim er ætlað samkvæmt námskrá. Jafnvel er svo komið að þeir foreldrar sem myndu kjósa lengri tíma til samvasta með börnum sínum eru settar skorður vegna þess ramma sem löggin setja þeim. Þeir fá því oft þreytt börn heim sem hafa eytt löngum tíma við nám og störf og hafa jafn-



PURÍÐUR LILJA
RÓSENBERGSDÓTTIR

BJARKEY
GUNNARSDÓTTIR

vel þurft að takast á við ýmiss konar áreiti eins og fylgir því að vera á stórum vinnustað.

Efasemdir um ágæti heimanáms

Af þessum sökum er vaxandi efasemda farið að gæta um ágæti heimanáms, ekki síst þar sem ekki virðist draga úr því að neinu marki þrátt fyrir stöðugt lengri skóladag. Er það heimanám þegar bætt er við kennslustund í skólanum og nemendur aðstoðaðir þar við námið? Okkur er ljóst að heimanám í formi lesturs er nauðsynlegt.

Efla þarf lestrarhæfni barna og auka leskilning og ættu flestir að komast yfir það án mikilla erfiðleika – hver með sínum hætti.

En við hljótum líka að þurfa að rýna í kennsluhætti og umhverfi. Kennarar geta ekki bara tekið til sín þann tíma sem þeir telja sig þurfa til kennslu, ráðstafað honum til áframhaldandi náms heima og þannig gengið, stundum ótæpilega, á tíma barna og fjölskyldna þeirra eftir að skóladegi lýkur. Hver er réttur barna og fjölskyldna til að njóta samvasta á þann hátt sem þau vilja og til að sinna annarri menntun en þeirri sem skólinn einn ákveður? Við teljum að nú þurfi að staldra við og ígrunda vel það sem skólanum er ætlað að kenna, því ljóst er að það er aldrei hægt að gera allt, né komast yfir allt, þótt við gjarnan vildum. Við verðum því að átta okkur á hvenær nám hættir að vera nám og verður þess í stað ítrodsla fáum til gagns né gamans!

Áhrif langs skóladags

Ljóst er að kanna þarf enn frekar hvaða áhrif langur skóladagur hefur á líðan barna og hvort heimanám, í því formi sem það

virðist algengast, sé í raun nauðsynlegt og hvort ekki sé eðlilegt að vinnudegi grunn-skólakennara sé að öllu jöfnu lokið þegar skóladegi/skyldu lýkur. Rétt eins og full-orðna fólk geta börn fengið nóg af löngum og ströngum vinnudegi á stórum vinnustað þar sem áreitið er mikið. Þetta finna kennarar stundum vel á eigin skinni að afloknum vinnudegi. Börn hafa hins vegar mun minna úthald hvað þetta varðar og því má gera ráð fyrir því að þau séu fyrir löngu búin að fá nóg þegar við fullorðna fólk finnum fyrir slíku. Í ljósi þessa má segja að það sé ósanngjarnt þegar er komið að mesta álagstíma fjölskyldunnar við lok vinnudags foreldra að gerð sé krafa til barna um að þau eigi þá eftir að skila hluta af námi sínu þegar ætti að vera komið að þeirra hvíldartíma.

Við þurfum að hafa að leiðarljósi velferð barnanna og hvernig börn við viljum sjá vaxa úr grasi. Börn fá á sig mikla gagnrýni um að þau kunni ekki orðið að leika sér! Hvað veldur?

Höfundar eru
grunnskólakennarar.

Hinn sjálfsagði réttur til andmæla

UMRÆÐAN

Dómaraskipan

Ísl. mánuði birti Morgunblaðið svarbréf Arna Mathiesen, við 11 spurningum umboðsmanns Alþingis, vegna skipunar Þorsteins Davíðssonar í stöðu dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra.

Af 5 umsækjendum kvörtuðu 2 til umboðsmanns Alþingis, sem óskaði eftir að ráðherra svaraði fyrir dómaraskipunina. Umræða um svarbréf ráðherra hófst aldrei. Hún féll í skuggann af gömlu pólitísku bragði, að ráðast á þann sem síst skyldi, í þessu tilviki umboðsmann, segja hann hafa brotið stjórnsýslulög, valda hneykslun almennings og dreifa þannig athyglinni frá því er mestu skiptir, vönduðum spurningum umboðsmanns og svörum ráðherra við þeim.

Yfirburðir Guðmundar

Umboðsmaður spurði m.a. á hverju niðurstaða ráðherra byggðist að Þorsteinn hefði verið hæf-astur, að teknu tilliti til starfsreynslu, menntunar og fræðiskrifa allra umsækjenda. Af umsækjendum 5 hafði Þorsteinn m.a. þriðju stystu starfsreynsluna, enga framhaldsmenntun á sviði lögfræði og lagði ekki fram nein fræðiskrif, sem þó skyldu fylgja umsókn um stöðuna. Ráðherra rökstyður ekki á neinn hátt né minnst einu orði á hvornig 34 ára starfsreynsla Guðmundar Kristjánssonar, sem kvartaði til umboðsmanns, og 12 ára starfsreynsla greinarhöfundar geti verið talin minni en 8 ára starfsreynsla Þorsteins. Hvernig getur Þorsteinn með 3½ árs reynslu, sem aðstoðarmaður dómara, verið metinn hæfari en Guðmundur, sem fengist hefir við dómstörf, sem dómari í 12 ár, m.a. verið skipaður setu- dómari og setið í Dómarafélagi Íslands? Og hvornig er með nokkru móti hægt að jafna 20 ára reynslu Guðmundar af málflutningsstörfum, við 4 ára reynslu Þorsteins, sem aðstoðarmanns ráðherra, pólitískt starf, sem



RAGNHEIÐUR
JÓNSDÓTTIR

hverki krefst lögfræðimenntunar né reynslu af lögfræðistörfum? Eða nokkurra mánaða reynslu Þorsteins hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, við 12 ára reynslu Guðmundar hjá sýslumanninum í Keflavík? Nú er tilgangurinn ekki að gera lítið úr starfsreynslu Þorsteins

Davíðssonar, yngsta umsækjandans um héraðsdómarastöðuna (36 ára), en staðreyndin er sú að hann var rétt farinn að stíga sín fyrstu skref sem smábarn, þegar Guðmundur Kristjánsson var að öðlast sína fyrstu reynslu sem lögfræðingur.

Verðlaust nám í Evrópurétti

Framhaldsnám í lögfræði er einskis metið af ráðherra, m.a. nám í Evrópurétti, sem þó fyrir skemmstu var talið Ólafi Berki Þorvaldssyni til framdráttar umfram aðra umsækjendur um stöðu dómara í Hæstarétti. Greinarhöfundur vill andmæla því mati dómsmálaráðherra að framhaldsnám í lögfræði, hvers eðlis sem það er, nýtist ekki við dómstörf. Allt framhaldsnám í lögfræði kemur að göðum notum og á skv. verklagsreglum við mat á umsókn um umboðsmann héraðsdómara skv. 3. mgr. 1. gr. dómstólalaga að gefa umsóknnum umsækjenda um stöðu dómara aukði vægi. Eða víkja allar reglur, jafnt sem álit lögskipaðrar nefndar, fyrir mati ráðherra? Því svarar ráðherra í bréfi sínu til umboðsmanns. Þar virðist sem hann telji starfsreynslu, framhaldsnám og framlagningu fræðiritu einu gilda. Hann ráði hvorn hann skipi, dómnefnd sé eingöngu til álitsgjafar að gættum stjórnsýslureglum, einkum jafnræðis- og réttmætisreglu.

Jafnræðisregla

Á einum stað í svarbréfi sínu til umboðsmanns telur ráðherra alla karlumsækjendurna um héraðsdómarastöðuna mjög vel hafa en ekki greinarhöfund, þ.e. eina kvenumsækjandann. Óréttmætt er auðvitað að ráða konu þegar

menntun hennar og starfsreynsla er minni en karlsins. Hins vegar er kynjajafnrétti á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og er þar að auki lögfest í stjórnarskrá. Því skyldi ætla að velja ætti konu umfram karl í starf hjá ríkinu, þegar menntun og starfsreynsla hennar er áþekkt eða meiri en karlsins.

Við samanburð á greinarhöfundum og karlumsækjendum kemur eftirfarandi í ljós: Þorsteinn og greinarhöfundur voru bæði metin hæf af dómnefnd til að gegna dómarastöðunni. Greinarhöfundur hefir lengri og fjölbreyttari 12 ára starfsreynslu sem lögfræðingur, en Þorsteinn, með 8 ára starfsreynslu, og tveir aðrir karlumsækjendur, sem metnir voru mjög vel hæfir, báðið með 7 ára starfsreynslu. Hún hefir framhaldsmenntun á sviði lögfræði, sem Þorsteinn og tvo aðra karlumsækjendur, sem metnir voru mjög vel hæfir, skortir. Hún á að baki starfsnám erlendis, sem alla karlumsækjendurna skortir og hún lagði fram fræðirit til starfsumsókn, sem Þorsteinn gerði ekki.

Hinn sjálfsagði réttur til andmæla

Lágu mati dómnefndar á hæfni hennar til að gegna stöðu dómara hefði greinarhöfundur viljað andmæla.

Í svarbréfi sínu til umboðsmanns segir ráðherra hinn sjálfsagða andmælarétt sinn fyrir borð borinn, þar sem umboðsmaður kunnir að hafa tekið afstöðu í málinu fyrirfram. Upp úr stendur að ráðherra telur andmælaréttinn sjálfsagðan og mikilvægan þegar hann á í hlut.

Þegar greinarhöfundur óskaði eftir því við dómsmálaráðherra að fá að nýta andmælarétt sinn, við skipun í dómarastöðuna, fékk hún það ekki. Henni barst mat nefndarinnar, sem legði hafði í dómsmálaráðuneytinu í 2 vikur, 2 dögum eftir að skammur frestur, sem ráðherra ætlaði henni til andmæla, rann út. Hinn sjálfsagði réttur til andmæla er því ekki svo sjálfsagður eftir allt saman þegar almenningur á í hlut.

Höfundur er lögfræðingur. Lengri útgáfa greinarinnar birtist á Vísu.

Landslög og stjórnarskrá III

UMRÆÐAN

Dómsmál

Í fyrri greinum hef ég írakið setningu skattmats á jarðir og dóm Héraðsdóms Suðurlands, E-723/2006 um eignarrétt á Sólheimatorfu. Sá dómur er hlöðstæður við eftirfarandi dæmisögu:

Tveir menn, Ari og Orri, eiga til helminga 100 hektara af óskiptu sameignarlandi. Þeir verða ásáttir um að skipta út einum hektara lands til hvors þeirra. Þannig að hvor fyrir sig á þá 49 hektara í óskiptu og 1 hektara af úrskiptu landi, samtals 50 hektara. Ari fékk sinn hektara á skjólsælum stað og ræktaði þetta úrskipta land sitt í aldingarö. Úrskipt spilda Orra er hins vegar á berangri og gerir hann engar landbætur á spildunni.

Þegar hér er komið sögu er land þeirra félagi metið til fasteignaskattmats og hækkar heildarfasteignamat lands Ara mikið vegna landbótanna á úrskipta landinu.

Þá eru sett lög í landinu sem kveða á um að eignarhlutföll á sameignarlandi skuli fara eftir hinu nýja fasteignamati. Á grundvelli þessara nýju laga krefst Ari þess að hlutur hans í landinu sé skráður 70 hektarar og telur að svo sé samkvæmt hinum nýju lögum.

Orri er ósáttur við að eignarhlutur hans á óskipta landinu hafi minnkað, úr 50% í 30%, fyrir þá sök að nágranni hans, Ari, ræktaði úrskipt land sitt!

Orri höfðar mál og krefst þess að honum verði dæmdur 50% eignarhlutur á óskipta landinu á þeirri forsendu að engir löggæringar hafi farið fram sem minnkað geti eignarhlut hans á óskipta landinu. Dómstóllinn hafnar dómkröfu Orra og kveður Ara eiga skýlausan rétt, lögum samkvæmt, á að eignarhluti hans verði reiknaður samkvæmt hinum nýju lögum.

Stefnendur í héraðsdómsmálinu E-723/2006 gerðu þá einu dómkröfu að þeim væri dæmdur 25% eignarhlutur í óskiptri sameign Sólheimatorfu.

Rót þessa deilumáls er að í meira en 60 ár hafa forráðamenn Sólheimahjáleigu gert kröfu til að hjáleigan sem er 7,33% af Sólheimatorfu að fornu mati fengi 15,4% eignarhlut í óskiptri sameign Sólheimatorfu og á árunum kringum 1960 krafðist hjáleigufólk 23,4% eignarhlutar í samræmi við fasteignaskattmátið frá 1861.

Helstu sannanir um eignarhlut hjáleigunnar í Sólheimatorfu eru eftirfarandi:

- Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,42% í afsali árið 1784.
- Eignarhluti hjáleigunnar í óskiptri sameign er skráður 7% í



TÓMAS ÍSLEIFSSON

jarðabók árið 1804.

• Eignarhluti hjáleigunnar í óskiptri sameign er skráður 7,33% í yfirmati árið 1850.

• Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,58% við uppboð á Sólheimatorfu 20. okt. 1869.

• Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,33% í erfðafjárskýrslu 2. jan. 1885.

• Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,5% í dómi 6. ágúst 1901.

• Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,33% í dómi 20. nóv. 1901.

• Eignarhluti hjáleigunnar er skráður 7,33% í veðmalabækur árin 1896 og 1908.

• Hjáleigan var skráð fyrir 7,8% af prestsmötu Sólheimajarða.

• Hjáleigan nýtir 7,1% daga á Sólheimafjöru.

Dómari hafnaði dómkröfu stefnenda um 25% eignarhlut og vísaði til þess að eitthvert af fasteignaskattmötum tuttugustu aldar verði notað til að ákvarða eignahlutföll. Í þeim fasteignaskattmötum sveiflast hlutur hjáleigunnar frá 15,4% til 20,2%. Dómari leggur því til að hlutdeild hjáleigunnar í óskiptri sameign Sólheimatorfu meira en tvöfaldist á kostnað sameignenda án þess að gjald komi fyrir. Slík eignaupptaka er brot á Stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Sem betur fer þarf aðeins lítill hluti þegna þessa lands að reka sín mál fyrir dómstólum. Engu að síður finnst flestum miklu varða að dómur séu bæði skynsamlegir og réttlátir. Að sjálfsögðu ræði ég þetta dómsmál við samferðamenn. Margir minna viðmælenda virðast ekki bera virðingu fyrir dómstólum landsins. Ef það er almennt er illa komið fyrir þessari þjóð. Nokkrir hafa sagt eitthvað á þá leið að „það er létt starf að vera dómari, fyrst ákveður hann dómsniðurstöðu, síðan ténir hann til þau máls-skjöl sem henta dómsniðurstöðunni og passar sig á að nefna aldrei þau málskjöl sem mundu leida til annarrar dómsniðurstöðu“. Forðum var sagt: „Ef vér slítum í sundur lögin slítum vér í sundur friðinn.“ Hvar er réttarríkið statt ef þegnarnir missa traust á dómstólum?

Er þessi dómur einsdæmi eða er fjöldi slíkra þar sem framlögð sönnunargögn eru ekki virt viðlits í dómsniðurstöðu svo halda mætti að dómari hefði misst bæði sjón og heyrn og þannig hvorki séd framlögð sönnunargögn eða heyrnt þeirra getið í málflutningi? eru slíkir dómur lögbrot eða verður löggjafinn að setja ný lög sem þvinga dómara til að taka öll sönnunargögn til efnislegrar umfjöllunar?

Höfundur er líffræðingur.

STUBBASMÍÐJAN

HOLTAGÖRÐUM

12

APRÍL



ATH
839 KR/KG

Frábært
verð

839 kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - frosið



40%
afsláttur

Þú sparar 670 kr/kg

999 kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goða grísahnakkasneiðar bahamas



30%
afsláttur

398 kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar



45%
afsláttur

Þú sparar 1.205 kr/kg

1.499 kr/kg. áður 2.704 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur - ferskar



40%
afsláttur

Þú sparar 735 kr/kg

1.099 kr/kg. áður 1.834 kr/kg.
Goða grísagúllas



50%
afsláttur

netto

99 kr/pk. áður 197 kr/pk.
Nettó samlokubrauð

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 10. apríl til 13. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Traust á dómssvaldi í skoðanakönnunum I

UMRÆÐAN

Dómstólar

Fréttablaðið skýrir frá því 12. mars sl. að samkvæmt könnun fyrirtækisins Capacent hafi traust til dómstólanna ekki mælst yfir 50% frá því árið 2002. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari, Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður og alþingismennirnir Lúðvík Bergvinsson og Sigurður Kári Kristjánsson hafa af því tilefni gerst talsmenn þess að hæstaréttardómarar tjá sig meira um dómstörfin. Lúðvík hefur auk þess sagt að meginsjónarmið dómara varðandi viðhorf til laga og lagaframkvæmdar ættu að vera opinber. Féllu þau ummæli af því tilefni að Jón Steinar hafði ritað grein í Morgunblaðið og lýst þeirri skoðun sinni að einungis ætti að dæma mál eftir skýringu á orðum lagagreinar.

Orð Lúðvíks koma nokkuð á óvart þar sem alþingismönnum sem öðrum á að vera ljóst að dómara eiga samkvæmt stjórnarskrá einungis að fara eftir lögnum. Í stórum dráttum hefur það verið



HRAFN BRAGASON

skilið svo að þeir fari að lögum skýrðum á þann hátt sem tíðkast hefur, kennt hafi verið í Háskóla Íslands og í heiðri haft af íslenskum dómstólum. Við samningu lagafrumvarpa eru þessir skýringarhættir einnig hafðir í huga. Þessir skýringarhættir eru í samræmi við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu a.m.k.

Í Fréttablaðinu þennan sama dag kvartar leiðarhöfundur undan því að ekki séu allir dómara Hæstaréttar Íslands þjóðþekktir. Frá sjónarmiði fjölmiðlanna og alþingismanna má vera að þetta sé ljóður á ráði dómara en ekki trú í eg því að venjulegur Íslendingur hafi nokkurn áhuga á því að dómara séu daglega að keppa við skemmtikrafta og stjórnmálamenn um rými í fjölmiðlum.

Traust byggist á dómum

Það er hins vegar ljóst að eigi að taka mark á framangreindum skoðanakönnunum virðist álit Íslendinga á dómssvaldinu mega vera betra. Þá verður ekki annað séð en að þetta sé einnig sú skoð-

un sem haldið er fram af mörgum fjölmiðlum og álitsgjöfum. Þótt það læðist líklega að einhverjum að menn mættu ef til vill kynna sér málin betur.

Íslendingar telja sig vera vel upplýsta þjóð og ekkert á að vera því til fyrirstöðu að þeir kynni sér störf dómstóla vilji þeir svo vera láta. Dómsmál eru rekin fyrir opnum tjöldum og allir dómara eru birtir hratt og örugglega strax eftir uppkvaðningu þeirra. Aðgangur að íslenskum dómstólum er greiður og aðilar geta venjulega fengið mál sín afgreidd tiltölulega fljótt eftir málshöfðun. Fylgi málflytjendur réttarfarreglum er á mál þeirra hlustað og dómara eru venjulega greinilega rökstuddir. Dómara eiga að vera það skýrir að aðilar dómsmáls velkist ekki í vafa um niðurstöðu og rökstuðning. Þeir eiga með aðstoð lögmanns síns að geta gert sér ljósa grein fyrir þýðingu dómsins. Dómara munu flestir þeirrar skoðunar að dómur eigi að segja það sem segja þarf og eigi ekki að kalla á frekari útskýringar af hálfu dómara.

Traust dómsvaldsins ætti að fara eftir dómum. Opinber umræða í fjölmiðlum með þátttöku dómara um niðurstöðu einstaks dómsmáls á því að vera



HÆSTIRÉTTUR Ekkert á að vera því til fyrirstöðu að almenningur kynni sér störf dómstóla. Dómsmál eru rekin fyrir opnum tjöldum og allir dómara eru birtir hratt og örugglega, segir meðal annars í greininni.

óþörf. Jafnvel hafa ýmsir fræðimenn gengið svo langt að telja það hluta kerfisins að útskýring dómara á niðurstöðu sinni sé útilokuð, því dómur eigi að vera endir allrar þrætu. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að forstöðumenn dómstóla eða jafnvel einstakir dómara skýri almenna dómaframkvæmd og lýsi almenningum viðhorfum dómstóla. Það verður þó að huga að því að einstakir dómara við fjölskipaða dómstóla geta ekki lýst nema sínum eigin skoðunum.

Verra er hins vegar þegar dómara eru gerðir að fjölmiðlafári og leikurinn berst jafnvel inn á Alþingi. Efni þeirra er þá oft túlkað með slíkum hætti að dómarnir sem sömdu dóminn kannast ekkert við hugarsmið sína.

Hvað er átt við?

Ég er þá kominn að því sem skoðanakönnunarfyrirtækið kallar traust á dómssvaldinu. Nú veit ég ekki á hvaða hátt spurning fyrirtækisins var borin fram, en það skiptir eðlilega miklu máli. Er verið að leita eftir skoðun almennings á niðurstöðum dómstóla eða því hvort dómskerfið sé svo vaxið að menn fái náð rétti sínum með málsókn fyrir dómstólunum? Á þessu er munur því að um dómskerfið gilda réttarfaralög sem sett eru af Alþingi og það eru venjulega málfærslumenn eða saksóknarar sem höfða mál fyrir dómstólum. Eigi skoðanafyrirtækið við réttarkerfið með könnunum sínum er við fleiri að saka en dómara hafi almenningur ekki traust á dómstólum.

Hér er þetta nefnt því nokkur viðamikill mál sem hafa komið til kasta dómstóla á síðari árum hafa ekki fengið þar efnisúrlausn því á skorti að þau yrðu svo lögd fyrir dómstóla að á þeim yrði tekið og því óhjákvæmilegt að vísa þeim frá dómi. Hefur þetta stafað af gallaðri rannsókn lögreglu, óskýrleika í kröfugerð saksóknara, mistökum lögmannna við að leggja grunn að máli og síðast en ekki síst af óskýrleika við samningu löggjafar á því sviði sem um var að ræða. Þá tefst lögreglurannsókn oft úr hófi fram.

Ég treysti lesendum alveg til að finna þessum orðum mínum stað. Þetta virðist þó ekki rokka við trausti á þessum aðilum samkvæmt mælingum. Lögreglan hefur til dæmis í raun traust flestra.

Ójafnvægi í frásögn

Gefi ég mér að það sé efni dóma, sem hefur ekki meira traust en skoðanakannanir gefa til kynna, má velta fyrir sér ýmsum ástæðum fyrir þeirri útkomu. Það eru fjölmiðlarnir sem kynna efni dóma fyrir hlustendum sínum og lesendum og túlka þá.

Þessi kynning er frómt frá sagt misjöfn. Sjálft efni dómsins kemst að mínu viti oftast til skila enda dómarnir yfirleitt svo skýrir að þeir eiga auðveldlega að skila sér og margir fréttamenn

fjölmiðlanna hafa tamið sér að skila þeim óbrengruðum.

Túlkun dóma í þeim málum, sem helst fá fjölmiðlaumfjöllun, misferst hins vegar oftar en ekki. Það stafar af ýmsum ástæðum. Algengt er að niðurstaða máls sé reifuð fyrst í fjölmiðli en síðar er lögmaður annars aðila eða verjandi fenginn til að bregðast við dómnum, sjaldan aðilar beggja eða saksóknari, hvað þá hlutlaus álitsgefandi. Ójafnvægi kemst þannig strax í frásögnina.

Það virðist orðin útbreidd skoðun lögmannna að þeir selji ekki aðeins málflutning fyrir dómi heldur felist í þjónustu þeirra að halda einnig fram málstað umbjóðanda síns opinberlega og þá einnig eftir að dómur fellur.

Nýlegt dæmi má taka af frásögn sjónvarps af hæstaréttardómi í máli erfingja Halldórs Laxness gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsoni. Fyrst var sagt frá dómnum en síðan tók lögmaður Hannesar við og gerði sem mest úr því sem ekki var tekið til greina. Ekkert samband virtist haft við lögmann erfingjanna svo séð yrði. Dómurinn féll þeim að vísu að mestu í vil en það sem frá dómstólunum kom var úrskurður hlutlauss aðila og væru menn því ekki vanir frá íslenskum fjölmiðlum þætti það undarlegt að stilla hlutlægi frásögn og niðurstöðu upp gegn hlutdrægi frásögn annars aðilanna. Dómstóllinn er enginn persónulegur andstæðingur Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar frekar en nokkurs annars. Aðeins er verið að dæma um gerðir hans í þessu ákveðna máli. Slík frásögn er því miður frekar orðin regla en undantekning.

Þetta dæmi er auðvitað frekar saklaust og ég geri ráð fyrir því að upplýstur áhorfandi fréttatíma sjónvarpsins hafi aðeins yppt öxlum og pirrast litlilega yfir óvandaðri fréttamennsku.

Snúid út úr dómum

Verra er hins vegar þegar dómara eru gerðir að fjölmiðlafári og leikurinn berst jafnvel inn á Alþingi. Efni þeirra er þá oft túlkað með slíkum hætti að dómarnir sem sömdu dóminn kannast ekkert við hugarsmið sína. Má nefna ýmis fræg dæmi um þetta.

Fyrstu frásagnir fjölmiðla af dómi í öryrkjamálinu voru til dæmis vel skiljanlegar og menn fótuðu sig vel á niðurstöðunni. Valdamikill stjórnmálamaður gat hins vegar ekki sætt sig við niðurstöðuna og taldi dóminn óskiljanlegan. Umræðan um málið varð eftir það lítt skiljanleg og hafði ekki mikið með dómnum að gera og var dómurinn framandi. Þær smávægilegu athugasemdir og skýringar sem þeir gerðu við umræðuna varð eingöngu olía á eldinn.

Hér verður ekki frekar um þetta fjallað, en dæmið sýnir að tépast hefði það verið dómssvaldinu til framdráttar ef dómara hefðu farið að blanda sér í umræðuna.

Höfundur er fyrrverandi hæstaréttardómari. Seinni grein Hrafns birtist í Fréttablaðinu á morgun.

Félags- og mannvísindadeild Félagsráðgjafardeild Stjórnmálafræðideild

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

www.felags.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meistaránám og diplómanám

Félags- og mannvísindadeild

Blaða- og fréttamennska
Bókasafns- og upplýsingafræði
Félagsfræði
Fötlunarfræði
Hagnýt þjóðfræði
Kennslufræði
Kynjafræði

Mannfræði
Náms- og starfsráðgjöf
Norræn trú (kennt á ensku)
Uppeldis- og menntunarfræði
Þjóðfræði
Þróunarfræði

Félagsráðgjafardeild

Félagsráðgjöf
Félagsráðgjöf til starfsréttinda
Öldrunarfræði
Norrænt nám í öldrunarfræðum

Stjórnmálafræðideild

Alþjóðasamskipti
Opinber stjórnsýsla
Stjórnmálafræði

Doktorsnám í öllum greinum

Umsóknarfrestur í meistaránám og diplómanám í kennslufræði og náms- og starfsráðgjöf er til og með 15. apríl nk. Umsóknarfrestur um annað diplómanám er til og með 5. júní nk.

Fjölbreyni - Auknir starfsmöguleikar - Starfstengt rannsóknarnám

DRESSAÐIR UPP

Feðgarnir Björn Ingi Hilmarsson og Arnmundur Ernst Backman fóru nýlega í búðir og völdu fót hvor á annan.

TÍSKA 4



NÁTTÚRAN.IS

Listakonan Guðrún Tryggvadóttir heldur úti vefsíðu þar sem hún fjallar um náttúruvernd í sem viðustum skilningi.

HEILSA 6



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSGAGNA

LAGERSALA

Engar Verðhækkningar!

Allar vörur á gamla **genginu**

Valdar vörur á vaxtalausum raðgreiðslum

Sófasett 1+1+3 119000	9.916 kr á mán*
Hornsófar 144.000	12.000 kr á mán*
Tungusófar 107.000	8.916 kr á mán*
Borðstofustóll 11.900	991 kr á mán*

* 12 mánaða raðgreiðslusamning stimpil/seðil og lántökugjald ekki innifalið

FRAMLEIÐUM

Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl. **ATH** . verðið kemur á óvart

Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar **09 - 18**
Laugardaga **11 - 16**

Erla Dögg á gallabuxur í stöflum en þessar, sem eru drappplitaðar, með snúnum saumum og tvöföldum rassvösum, eru ólíkar þeim sem hún á fyrir.



MYND/ELLERT GRÉTARSSON

Öðruvísi gallabuxur

Sundkonan Erla Dögg Haraldsdóttir, sem náði ólympíulágmarkinu í tveimur greinum á Meistararamóti Íslands í sundi, þarf á stórum fataskáp að halda. Hún er veik fyrir fötum og þá sérstaklega gallabuxum.

Þrátt fyrir að sundkonan Erla Dögg Haraldsdóttir verji miklum tíma ofan í laug gefur hún sér tíma til að kíkja í búðir og hefur gaman af því að kaupa sér fót.

„Ég er mest fyrir gallabuxur og boli og á Levi's- og Diesel-gallabuxur í stöflum. Um daginn var ég að rölta niðri í miðbæ Reykjavíkur og kíkti inn í verslunina Munthe plus Simonsen á Vatnsstíg. Þar fann ég rosalega flottar drappplitaðar gallabuxur sem

ég féll strax fyrir enda eru þær ólíkar þeim sem ég á fyrir,“ segir Erla Dögg.

Buxurnar, sem eru með snúnum saumum og tvöföldum rassvösum, eru þröngar að neðan og notar hún þær annað hvort við stígvél eða opna skó.

Erla, sem sigraði sexfalt á Meistararamóti Íslands í sundi um helgina og setti fjögur Íslandsmet, náði lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Peking í 200 metra fjórsundi og 100 metra bringusundi. Fyrir fjórum árum var hún einungis 0,14 hundruðustu úr sekúndu frá því að ná lágmarkinu og var takmarkið að ná því næst.

„Ég fór á Ólympíuleikana í Aþenu fyrir fjórum árum og þá varð ég enn ákveðnari í því að komast núna,“ segir Erla Dögg. Leikarnir í ár leggjast vel í hana og hún neitar því ekki að hún muni nota lausan tíma til að kíkja á markaði í Peking. vera@frettabladid.is



Eplaedik m/krómi

Eykur brennslu

Jafnar blóðsykur

Dregur úr hungurtilfinningu

Örvar losun úrgangsefna

Öflug hjálpi í baráttunni við aukakílóin

Fæst í apótekum



strigaprentun

20% afsláttur í apríl

Verðdæmi á mynd tilbúin á blíndramma

20x30	4.320kr.
30x45	5.120kr.
40x60	7.200kr.
60x90	10.720kr.
70x105	15.280kr.
40x40	5.280kr.
50x50	7.360kr.

myndval

Hönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is



Tímaritahirslan í miðju borðinu nýtist einnig sem skál.

MYND/ÚNAL&BÖLER

Blöðin raðast eins og blóm í borðið

Tímarit og dagblöð er oft erfitt að hemja á borði.

Á hringlaga borðum sem standa ekki uppi við vegg er erfitt að koma fyrir möppum eða rekkum undir tímaritin. Tyrknesku hönnuðirnir á hönnunarstofunni Únal&Böler hönnuðu sniðugt borð með innbyggðum tímaritarekka.

Í miðju borðinu er skál í mörgum lögum sem hægt er að stinga tímaritunum ofan í. Blöð-

in raðast í hring eins og blóm á miðju borðinu sem hönnuðirnir nefna „Kase“ sem þýðir skál á tyrknesku.

Alper Böler & Ömer Únal stofnuðu hönnunarstofuna árið 2000 og hafa verk þeirra hlotið fjölda verðlauna. Nánar má lesa um verk þeirra á vefsíðunni www.ub-studio.com

heida@frettabladid.is



Tímaritin raðast eins og blóm á miðju borði.

Rjúkandi Ottósopi

FÁTT KEMUR DEGINUM Á EINS GOTT RÓL OG NYLAGAÐUR ESPRESSO Á HELLUNNI HEIMA.

Margir eiga í eldhúsinu gamaldags espresso-kaffikönnu til uppáhellinga á eldavélinni, en sú hönnun er í senn sígild, gamaldags og fögur. Nú hefur hún hins vegar eignast keppinaut í ástralskri stallsystur sinni, sem reyndar heitir Ottó, en Ottó hefur þann kost líka að búa yfir kröftugum gufustút til að flóa mjólk svo hægt sé að útbúa ilmandi cappuccino, latté eða aðrar útfærslur af ljúffengum kaffidrykkjum heimsins um leið og rötsterkur espressóinn rennur í gegn.

Ottó-espressokaffikönnuna verður fyrst hægt að kaupa þegar máisól tindrar hæst á www.ottoespresso.com.

-þlg



allt atvinna

Alla sunnudaga

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
TILBOÐSDAGAR - VAXTALAUS LÁN Í 6 MÁNUÐI

Frí legugreining og fagleg ráðgjöf um val á heilsudýnum.

GEL/ETHANOL ARINELDSTÆÐI Í SUMARBÚSTAÐINN EÐA HEIMILIÐ. REYKLAUS OG LYKTARLAUS

20-50% AFSLÁTTUR

Rúm Gott

55 ÁRA

Hönnunarsvinnstofa B&E

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvogi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121. Opíó virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

Stigahúsateppi

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800

STRÖND

www.strond.is

TOYO TIRES SUMARDEKK

PROXES **T1R** SPORT

PROXES **CF1** ÞÆGINDI

TOYO **350** HAGKVÆMNI

TOYO TIRES VELDU JAPÖNSK GÆÐI

NESDEKK

Fiskislóð 30
561 4110

Bilabúð **Benna**

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

Bróðera stálið í eldhúsin

Innréttingar úr stáli njóta vinsælda inni á heimilum jafnt sem á veitingastöðum og í mótuneytum.

Íslensk eldhús eru meira og minna stálklædd og Brynjar Haraldsson, eigandi fyrirtækisins Frostverks, segir verkefnið næg. Frostverk smíðar stálinnréttingar bæði fyrir heimili og fyrirtæki og sá meðal annars um alla stálsmiði á veitingastöðunum í Leifstöð, Perlunni og Ráðhúsinu.

„Upphafið að okkar innréttingasmíði var í raun verkefnið í Ráðhúsinu,“ segir Brynjar. „Arkitektastofan Stúdíó Grandi teiknaði þar allt inn en vegna tímaleysis var ekki hægt að fá innréttingar að utan svo þá var talað við okkur. Eftir það höfum við smíðað mest allt sem þau teikna.“

Frostverk er eina fyrirtækið hér á landi sem smíðar kæli- og hitatæki og sérsmíðar kæli- og frystiskúffur í eldhúsinnréttingar. Skúffurnar geta litið eins út svo enginn útlitsmunur er þá á hnifaparaskúffunni og kælinum við hliðina.

„Við höfum smíðað eyjur og borð þar sem öll tæki eru í einni heild. Þá er komið fyrir ofni og vaski og til dæmis tveimur kæli-skúffum og einni með frosti. Svo eru venjulegar skúffur fyrir áhöld og við smíðum þetta allt nema ofninn.“



Brynjar Haraldsson, eigandi Frostverks, kvartar ekki undan verkefnaskorti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brynjar segir allan gang á verkefnum og fólk komi bæði beint til þeirra með óskir um sérsmíði en fyrirtækið vinni líka fyrir arkitekta. Í gömlum húsum þurfi oft að tilsníða stálið því mun að getur þó nokkrum sentimetrum á borðum og bekkjum í upprunalegum innréttingum en nú er vinsælt að klæða innréttingar með stáli.

„Á síðustu tveimur árum höfum við smíðað gífurlega mikið af stálborðum í eldhús sem eru bróðeruð sem ég kalla, en það er þegar sníða þarf stálið kringum glugga-syllur og kanta og skakka veggi.“

Við höfum líka sérsmíðað vaska sem geta orðið ansi ævintýralegir sumir.“ Brynjar kvartar ekki yfir verkefnaskorti og segir stóru verkefni skemmtileg. Þau séu ögrandi og erfið því oft er um frumgerðir að ræða, til dæmis í kælitækjum, sem ekki gefist tími til að prófa áður.

„Venjulega þegar framleiðendur erlendis smíða nýtt tæki er það prófað í eitt ár. Við hérna á Íslandi smíðum tæki sem fara strax í notkun og verða bara að standa sig. Þetta geta verið erfið verkefni en líka ögrandi og skemmtileg.“ heida@frettabladid.is

STIGAR OG HANDRÍÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S: 533 3700

Fyrir líkama og sál

FALLEGT TESETT GETUR GERT TETÍMANN AÐ HÁTÍÐARSTUNDU.

Það getur verið róandi fyrir hugann að dreypa á bolla af jurtatei, auk þess sem margar tegundir af tei gera líkamanum mjög gott. Þá er ekki verra að eiga fallegt tesett til þess að bera fram í en þetta hérna fæst í Gallerí Kína og kostar 5.900 krónur. - eð

Sykursæt hönnun

FYRIR ÞÁ SEM VILJA GERA KAFFIÐ SITT SÆTT ÁN ÞESS AÐ NOTA SYKUR ER ÁGÆTT AÐ NOTA ÞETTA SÆTA BOX.

Þetta skemmtilega myndskreytta box er úr línunni Sweety, frá Ritzenhoff, en eins og heitið gefur til kynna er því ætlað að geyma sætuefni. Hægt er að velja sér box með ýmsum myndum, svo sem af konu að drekka kaffi, annarri að fá sér köku og fleiru sem gefur vísbendingu um hlutverk boxsins. Fæst í Casa á 1.000 krónur. - nve

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL

- Toppflaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni

ARININN ELDHÚSIÐ VINNUSTAÐURINN

SteinTeppi.is
Sími 864 6600 | www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20-40 ára

39,3% Allt - Atvinna
24,5% Atvinna - Morgunblaðið

Atvinna í boði... ...alla daga

- ekki bara grill!

weber

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is



Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!

TRIND
Alltaf no. 1

Útsölastaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!

Nýtt á Íslandi! **NO STRESS**

Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. **S. Gunnbjörnsson ehf.**

Láttu taka eftir þér!

Min heitasta búðin í dag!

20% afsláttur fram á laugardag

skunkfunk Respekt
firði · hafnarfirði · sími 533 3931 · www.respekt.is

Nýjar vörur

- Sportjakkar
- Stuttkápur
- Vattkápur
- Ullarkápur
- Silkislæður

TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518



Svona myndi Björn Ingi vilja sjá Arnmund til fara og var Arnmundur mjög sáttur við hið nýja útlit. Skórnir, buxurnar, skyrtan, peysan, trefillinn og hatturinn eru úr Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.



Arnmundur Ernst valdi gallabuxur, skyrtu, peysu og svarta strigaskó úr Bask á þabba sinn og voru báðir ánægðir með útkomuna. FRETTABLAÐIÐ/VALLI

„Svona er hann pabbinn sem ég eignaðist aldrei“

Feðgarnir Björn Ingi Hilmarsson og Arnmundur Ernst Backman brugðu nýverið á leik og völdu fót hvor á annan.

Arnmundur, sem er nemi á þriðja ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð og einn liðsmanna Morfís-liðs MH, valdi fót á föður sinn í versluninni Bask á Laugavegi.

Fyrir valinu urðu gallabuxur, skyrtu, svört peysa og svartir stiga-skór og þegar Björn Ingi var kominn í fötin komst sonur hans svo að orði: „Þarna er kominn pabbinn sem ég eignaðist aldrei,“ en Arnmundur hvíslaði því að blaðamanni að hann hefði oft furðað sig á fatasmekk föður síns. Eftir að Björn Ingi hafði fengið leiðbeiningar frá afreiðslustúlkunni um hvar buxna-strengurinn, sem hann hafði helst til of hátt uppi, ætti að vera sagðist hann bara nokkuð ánægður með útkomuna. „Ég gæti jafnvel hugsað mér að vera svona til fara.“

Björn Ingi, sem leikur um þessar mundir í Jesus Christ Superstar ásamt því að vera í fæðingarorlofi, langaði mikið til að sjá son sinn í fötum úr Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. „Hann er reyndar yfirleitt mjög snyrtilega klæddur og ég get ekki kvartað yfir



Birni Inga líður yfirleitt best í íþróttabuxum en það hefur stundum farið fyrir brjóstið á syni hans.



Arnmundur gengur yfirleitt í gallabuxum og hettupeysu.

fatasmekk hans ef frá er talinn sá tími sem hann virtist ekki geta hysjað upp um sig buxurnar,“ segir hann og hlær. „Hann spár að minnsta kosti mun meira í fót en ég gerði á hans aldri. Mér leið yfirleitt bara best í íþróttabuxum,“ bætir hann við.

Arnmundur leyfði föður sínum

að ráða ferðinni hjá Kormáki og Skildi og var ekki síður ánægður með útkomuna. Þeir feðgar samældust um að þarna væri jafnvel útskriftadressið komið. Arnmundur, sem venjulega gengur í gallabuxum og hettupeysu, lifði sig inn í hið nýja tennis-lúkk og pósaði af stakri snilld. vera@frettabladid.is

Uppáhald þeirra ungu

HEKLAÐAR FLÍKUR ERU FLOTTAR, AUK ÞESS SEM FLJÓTLEGT ER AÐ BÚA ÞÆR TIL FYRIR ÞÆR SEM KUNNA AÐ MUNDA HEKLUNÁL.

Í mörgum þrjónablöðum er að finna uppskriftir að hekludum fatnaði, svo sem peysum og jafnvel pilsum. Þó að heklmynstur séu fjölbreytileg í útliti er grunnurinn alltaf sá sami og mynstrin yfirleitt einföld og auðveld við að eiga.

Guðrún Hannele, verslunarstjóri í Storkinum á Laugavegi 59, segir ungar stúlkur spenntar fyrir hekli og býður hún öðru hvoru upp á námskeið í því. Kennir einu sinni í viku, alls fjögur skipti frá klukkan 18 til 21.

Jakkapeysa í Storkinum gefur hugmynd um hvað hægt er að gera með hekli og útsaum.





Úr háborg tískunnar
BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Bleikt skraut úr plasti og viði

Í töskum og skóm er ekki um að ræða neinar byltingar sumarið 2008. Fylgihlutir fylgja þeirri þróun sem hefur verið í gangi síðustu árstíðir. Töskur eru enn í ofurstærð og sandalar fyrir þetta sumar eru með þykkum botni hvort sem um er að ræða fyllta hæla, svokallaða platform-hæla eða venjulega hæla. Oft eru sandalarnir úr strigaefni. Sólarinnir eru áfram þykkir að framan, jafnvel tveggja til þriggja sentimetra þykkir en það er mun þægilegra þegar hælur eru háir. Það er sömuleiðis staðreynd, hælur eru ekkert að lækka. Reyndar má aðeins sjá skó og sandala sem eru fínlegri og með mjórrri hælum en síðustu misseri en skórnir endurspeglja þá tískulínur sem eru stílhreinni. Oft eru hælarnir þykku úr viði og passa þá vel við klæðnaðinn í anda áttunda áratugarins eins og hjá Soniu Rykiel. Í sumar verða sömuleiðis áberandi mjög nýstárlegir hælur með mismunandi lagi, til dæmis þríhyrdir (Sergio Rossi, Fendi) eða ferkantaðir eins og finna má hjá Marc Jacobs. Í einni útgáfu hans er hællinn aðeins á framhlutanum, líkt og enginn hæll sé á afturhluta skónna. Minna er af lökkuðu leðri en áður bæði í skóm og töskum þótt það sé ekki alveg horfið.

Töskurnar eru eins og síðustu misseri stórar og ekki er verra ef þær eru úr dýrum skinnum til dæmis krókóðil eins og í hvítu og svörtu töskunum hjá Dior. Guess veðjar á strút en Gucci og Tod's á snák. Yves Saint Laurent heldur sig enn við metsölutösku sína Muse en hún hefur verið á toppnum í nokkur misseri. Eins og skórnir endurspeglja handtöskurnar sterka liti sumarsins. Til dæmis sólgult eins og sést í striga Louis Vuitton þetta sumarið. Skærgrænt er ríkjandi sem og blátt og rautt. Fúshíableikt er einn aðalliturinn í sumar en einnig má sjá margar útgáfur af bleiku, allt frá fölbleiku yfir í sterkan bleikan lit. Allir fylgihlutirnir eru til í bleiku, skór, töskur, belti, hálsfestar og svo mætti áfram telja. Málmlitir eru á útleið þótt enn megi finna gyllt hjá YSL og fleirum.

Skartgripir eru áberandi og í yfirstærð. Ekki fer milli mála að andi sjöunda og áttunda áratugarins svifur yfir vötnum. Skartgripir eru ekki lengur úr eðalmálum eða dýrum steinum heldur plexi-harðplasti sem er aðalefnið. YSL býður upp á margar mismunandi hálsfestar úr plexi og gylltum málmum eða risastórar stjórnur, sömuleiðis úr plexi. Það þýðir þó ekki að þessir skartgripir séu á spottprís. Til dæmis er ein stjórnuhálsfesti YSL á 2.560 evrum. Plexíð er einnig í aðalhlutverki hjá Christian Lacroix sem hannar stór armbönd með semeljusteinum í mismunandi litum. Fylgihlutir sem og fatnaður lofa því litríku og lifandi sumri.

bergb75@free.fr



Kvenleg höfuðföt og aðskornir jakkar sáust í sumarlínu Frans Molenaar.

Sumarlína Molenaar

Hollenski fatahönnuðurinn Frans Molenaar sýndi á dögnum sumarlinuna fyrir árið 2008.

Sýningin fór fram á Amstel-hótelinu í Amsterdam og þótti einkennandi fyrir hönnuðinn. Fágúð, falleg og dömuleg.

Barðastórir hattar og aðskornir jakkar í anda sjötta og sjöunda áratugarins voru áberandi.

Molenaar er þekktur fyrir einfaldan stíl og glæsileika og gæði í efnisvali. Eftir að hafa unnið hjá stórum tískuhúsum í París eins og Guy Laroche og Nina Ricci stofnaði hann sitt eigið tískufyrirtæki í Hollandi árið 1967. Hann segir fatahönnun einungis áhugamál en kynnir þó tvær línur á hverju ári og stefnir á hundrað línur á 75 ára afmælisdaginn sinn en hann er 68 ára.

Fallegur sumarfatnaður

La Guetruin
Tískuhúsið
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

Verlaðu þar sem úrvalið er www.vefta.is

Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Léttar yfirhafnir stærðir 42-58

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

OUTLET SKÓZ

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK
opnar eftir breytingar

Herma VERD 4.300.-KR. st. 40-47,5

Sesler VERD 3.500.-KR. st. 27-35

Herma & Dönnu VERD 4.000.-KR. st. 37-47,5

Dönnu VERD 4.500.-KR. st. 35-41

Herma VERD 4.500.-KR. st. 41-46

Sesler VERD 2.500.-KR. st. 21-35

LEIÐIN LIGGUR Á GRANDANN
ÞAR SEM FINNA MÁ LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SKÓM

Dönnu-SKÓN Herma-SKÓN Sesler-SKÓN



Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

eða 7.660 á mán. í 3 mán.

Erum hluti af umhverfinu

Hvernig spörum við orku og hvernig verjumst við eitrefnum? Þessum spurningum og ótal öðrum verður svarað framvegis í litlum klausum á síðum Alltsins. Listakonan Guðrún Tryggvadóttir stendur þar á bak við.

„Þetta verða vistvæn húsráð sem eiga að hjálpa fólki í innkaupum á hlutum og notkun á þeim,“ byrjar Guðrún þegar hún er beðin að útskýra tilgang greinanna sem birtast munu frá henni í Fréttablaðinu. „Þetta eru upplýsingar af vefnum www.natturan.is og þær eru komnar þar inn fyrir atbeina starfsfólk vefsins. Til dæmis fróðleikur um hvernig ýmsir hlutir á heimilinu voru gerðir, hvernig á að spara orku á notkunartíma þeirra og hvernig þeim verður fargað á sem bestan hátt.“ Guðrún segir allar vörur hafa möguleika á því að vera vottaðar og viðurkenndar og útskýrir það nánar. „Það eru til borð sem eru úr viði úr sjálfbærum skógum og það er til vottun fyrir því.“

Guðrún, sem er myndlistarkona, bjó og starfaði við list og hönnun erlendis um átján ára skeið, fyrst í París og síðan í München. „Þegar ég kom heim þótti mér svo vænt um þetta land en fannst vera farið illa með það. Við gætum gert svo miklu betur og nýtt okkur þá forgjöf sem við höfum. Ég hugsaði hvernig ég gæti lagt mitt af mörkum til þjóðfélagsins, til náttúrunnar og til að búa til betri framtíð fyrir þennan heim.“

Afsprengið af þessum hugleiðingum Guðrúnar er vefurinn www.natturan.is. Hann fór í loftið á degi umhverfisins 25. apríl fyrir ári og veitir margs konar upplýsingar sem fólk á að geta nýtt sér í dagsins önn, því eins og Guðrún orðar það: „Fólk á ekki að þurfa að vera umhverfisfræðingar til að kaupa þvottaefni sem ekki drepur fiskinn í sjónum.“

Guðrún kveðst njóta sérfræðipækkingar fjölda fólks við vinnslu vefsins. „Við höfum viðað að okkur gróðarlegum upplýsingum, púslað saman og unnið úr þeim. Fengum styrk af fjárlögum í ár, sem er viðurkenning á því að við séum að uppfylla þörf sem var



Guðrún er gegnheill umhverfissinni og leggur sitt af mörkum með því að miðla fróðleik til almennings á www.natturan.is og líka í Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐ/ARNÞÓR

fyrir hendi og miðla upplýsingum sem ríkinu ber í raun skylda til að koma til neytenda. Þetta er samt unnið af áhuga til að geta byggt upp vistvænni heim. Við getum það ekki ef allir halda áfram að kaupa það sem er framleitt á neikvæðan hátt,“ segir Guðrún og bætir við: „Ég vil koma samvisku fólks í gang því við erum öll hluti af umhverfinu.“

gun@frettabladid.is

Betri heilsa
Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi?
svæðanudd gæti hjálpað þér

Ásta svæðanuddari
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367

Dr. Fischer

Frískandi og mildir hreinsikflútar fyrir augn- og andlitsfarða.

Fást í verslunum um land allt.

heilsa
MÚLTÍ-VÍT
Náttúruleg fjölvitamin með steinefnum
180 töflur

Inniheldur 22 valin bætiefni, 12 vitamin og 10 steinefni.

heilsa

RAFMAGNSHITARAR
VERÐ FRÁ 1.990

ís-húsið
S: 566 6000

netverslun
ishusid.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

allt
matur
Alla föstudaga

DÖNSUM INN Í SUMARIÐ Ný námskeið hefjast 14. apríl!

Afró
Tangó
Kúban Salsa
Salsa Karabí
Magadans
Flamenco
HipHop
Krúmp
Break
Contemporary Dans
Jass

Opið kort í Músikleikfimi og Yoga

KRAM HÚSIÐ

www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860

25 ÁRA STOFNAD 1983

ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

AÐEINS Í DAG!
25% afsláttur af öllum kortum
10 fyrstu fá 2 fría tíma í hljóðbylgjumedferð

Reynslusögur:

Við þeim að vera með höndverki í viki vegna vöðvabólgu. Ég í einu tínu í ULTRATONE og vöðvabólgu hefur nær minnkað og höndverkinu að sjálfbærni hefur.
-Ágúst

Heið gætt með 3 börn. Þetta hefur verið ég þekki til að stunda og slita megin á óvænlega stórum tínu. Ég er rosalega ánægð, þetta viki!
-Eva

opið mánudag-föstudag 7-19
laugardag 11-16

• Líkamsmedferð • Andlitsmedferð • Hljóðbylgjumedferð • Nudd

www.ultra.is

FERMINGARTILBOÐ

sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa



Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233

suðurland

FIMMTUDAGUR 10. APRÍL 2008



Hótel Laki

Ný heilsulind í haust

BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÓTEL HVOLSVÖLLUR

Árshátíðir

Gisting í tveggja manna herbergi.
4 rétta hátíðarmatseðill.

Dinnertónlist og dansleikur.
Brunch.

Föstudag til laugardags. **kr. 8.400.-**
Laugardag til sunnudags. **kr. 9.400.-**
Þjóðum upp á fordrykk í
Sögusestrinu. **kr. 950.-**

Verð án gistingar **kr. 4.900.-**

Golf og hótél

Frá 15/04 til 15/06 2008

Heill dagur á Strandarvelli.

Gisting í tveggja manna herbergi.
3 rétta kvöldverður.
Morgunverður.

Á leiðini heim: Komið við á
Strandarvelli og tekinn einn hringur.

Verð **kr. 11.000.-**



Við tökum vel á móti þér



Frábær aðstaða



Góður matur

Allt hitt

**Fundir og ráðstefnur
frá 2- 200 manns**

Árshátíðir.
Brúðkaupsveislur.
Afmælisveislur.
Fermingaveislur.

Gerum tilboð í veislur og veitingar.
*Pinnamatur/brauðterturl/snitturl/
hlaðborð/la carte/kökuhlaðborð/
hádegisverður/kvöldverður og fleira.
Salur fyrir allt að 240 manns.*

*Óvissuferðir/Jeppaferðir/Njáluferðir/
strandferð með hertrukk/fjór hjóla-
ferðir/hestaferðir*

Ath: Öll verð miðast við gistingu í tveggja manna herbergi á mann. Auka fyrir einsmanns herbergi kr. 3.500.-

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 fax: 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

Heimsfræga Hekla

Hún hefur verið kölluð inngangur helvítis og jafnvel helvíti sjálft, en einnig drottning íslenskra fjalla, og er vel að þeim titli komin.

Hekla hefur spúð eldi yfir Ísland og Íslendinga allt frá árinu 1104 svo vitað sé og gaus síðast í febrúar árið 2000. Heklugos gera sjaldan boð á undan sér, en síðast var hægt að spá fyrir um eldgosið korteri áður en það hófst. Enn er búist við að Hekla fari að gjósa hvað úr hverju, enda með eindæmum duglegt og virkt eldfjall sem borið hefur hróður Íslands um víðan völlum og er langþekktasta fjall Íslendinga á heimsvísu.

Hekla er í Rangárvallasýslu og sést víða að, enda auðþekkjaleg fyrir hávaxinn þokka (1.488 m) og gífurlega formfegurð. Í jarðfræðilegu tilliti er Hekla ung, en meginhluti hennar er talinn vera yngri en 2.500 til 7.000 ára gamall. Hekla stendur á mjög virkri jarðskorpu þar sem Suðurlandsbrotabeltið og Suðurlands-gosbeltið mætast, en fjallið sker sig frá öðrum íslenskum eldfjöllum að því leyti að kvikuhólf hennar er mun dýpra en í öðrum fjöllum landsins, eða á ellefu kílómetra dýpi í jarðskorpunni.

Mikil hjátrú tengdist Heklu á aldanna rás, eins og tenging hennar við djöful þess neðra, en náttúrufræðingarnir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson vildu afsanna að Hekla væri anddyri helvítis og gengu fyrstir manna á fjallið árið 1790.

- þlg



Vinsælt er að ganga á Heklu. Þótt snjóalög séu oft mikil og þung á fjallinu er toppurinn jafnan snjólaus vegna jarðhita á milli eldgosa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Djásn í kórónu Þórs

Suðurland er líkt og demöntum skreytt kóróna þegar kemur að fögru og fjölbreyttu landslagi, en víða má samtímis sjá merlandi haf, ískalda jökla, tignarleg fjöll og fegurstu fossa.

Einn tilkomumesti gimsteinn kórónunnar er útivistarparadísin Þórsmörk, sem afmarkast af Mýrdalsjökli í austri, Krossá í suðri og Markarfljóti í norðri.

Þórsmörk dregur nafn sitt af guðinum Þór. Þar er veðurfar bæði gott og hlýtt vegna hárra fjalla sem umkringja svæðið og vernda það fyrir úrkomuskýjum. Gróðursæld er með eindæmum í Þórsmörk þar sem svæðið er náttúrulega varið fyrir búfengi vegna torfærra áa og jökla, en þar vaxa blaðmosar, burknar og birkitré.

Þórsmörk hefur ævinlega verið eftirlæti útivistarfólks og er þar fjöldi gönguleiða, eins og á jökulinn, um Laugaveg, Fimmvörðuháls og fleiri fallegar náttúruperlur. Mesti farartálmi Þórsmörkurfara er Krossá, sem er köld og ströng jökulá sem breytir sér oft. Nokkur banaslys hafa orðið í ánni, en brú hefur verið gerð fyrir fótgangandi vegfarendur.

- þlg



Gönguleiðir í Þórsmörk eru heillandi og víða skemmtilegir göngustígar sem öllum henta. Hér má sjá ferðalanga njóta slökunar, göngu og klifurs á göngu-leiðinni milli Húsadals og Langadals.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Baðhúsið er opið alla daga frá hálf átta á morgnana til níu á kvöldin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heilsan eflid í Hveragerði

Á heilsustofnun Náttúruvæðingafélagsins í Hveragerði sækir fólk sér heilsubót og vellíðan fyrir líkama og sál.

Heilsustofnun NLFÍ stendur í gróðri vöfðum Hveragerðisbæ miðjum. Pláss er fyrir 140 dvalargesti og staldra flestir við í fjórar vikur. Boðið er upp á leirböð, gufu og líkamsrækt og þjónustu lækna, sjúkraþjálfara og íþróttifræðinga. Lengri og styttri gönguferðir eru fastur liður á degi hverjum og hollt fæði er einn af undirstöðuþáttum þeirrar heilsueflingar sem unnið er að. Friðsælt umhverfi er líka vel fallið til útivistar og náttúruskoðunar.

Heilsustofnun NLFÍ tók til starfa í júlí árið 1955. Fyrir utan bygginguna er brjóstmynd af Jónasi Kristjánssyni lækni sem kom henni á fót. Hann var einn af brautrygjendum náttúruvæðingastofnunar á Íslandi.

Að sögn Guðrúnar Friðriksdóttur þjónustustjóra, sem starf að hefur hátt í þrjátíu ár á stofnuninni, er aðsóknin þangað stöðug en þó aldrei mjög löng bið þannig að allir komist að sem vilji. Hún segir marga leita þangað eftir veikindi og aðgerðir og til að ráða bót á lífsstíls- og heilsufarsvandamálum. „Fólk getur komið inn af götunni“, segir hún. „En flestir hafa tilvísun frá lækni því þá tekur ríkið þátt í kostnaði.“

- gun



Heitu pottarnir eru sannkallaðar heilsulindir.



Hér er tekið á því í líkamsræktaraðstöðunni sem er opin frá sjö á morgnana til ellefu á kvöldin. Guðrún þjónustustjóri lítur yfir sviðið.



Í setustofnunni lætur fólk fara vel um sig. Þar eru bækur, blöð, töfl, spil og tölur.

Stefnumót við íslenska hestinn

Íslenski hesturinn er af einu merkasta hestakyni heims og hefur í gegnum aldir verið samofinn menningu og þjóð.

Hinn 1. ágúst næstkomandi hefst á Friðheimum í Bláskógabyggð fagleg sögu- og gangtegundasýning sem hugsuð er til fróðleiks og skemmtunar fyrir ferðamenn. Sýningin, sem kallast „Stefnumót við íslenska hestinn“, er í senn fræðandi og skemmtileg upplifun, en á henni er leikin tónlist og kynningar-texti, sem til er á nokkrum tungumálum.

Eftir sýninguna er ferðafólki boðið inn í hesthús þar sem heitt er á könnunni og hægt að komast í návígi við hross, taka myndir og spjalla við knapa.

Friðheimar eru níutíu kílómetra frá Reykjavík, í Reykholti við þjóðveg 35 á leið til Gullfoss og Geysi.

- þlg



Íslenski hesturinn er dýrgripur og vinsæll um allan heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Takmarkað magn

Geggjuð

LAGERÚTSALA

Allt á gamla verðinu
Allt að 50% afsláttur

Sófar

Hægindastólar

Borðstofustólar

Borðstofuborð

Gjafavörur

Kerti

Luktir

Skápar

og fleira

Nýjar vörur

20-50 %
afsláttur af Cilek



Barbie koja
kr. 27.450,-



Inngangur



Klettháls 13

mán.-fös. 10-18 lau. 12-16

Sími lagerútsölnnar
er 660 0035

HÚSGÖGNIN
HEIM

Heilsulind á Hótel Laka

Á bænum Efri-Vík við Kirkjubæjarklaustur er rekið heilsuhótel Laki, þar sem verið er að byggja heilsulind.

Hjónin Hörður Davíðsson og Salóme Ragnarsdóttir höfðu rekið bændagistingu í þrjátíu ár áður en þau réðust í byggingu Hótel Laka. Þau reka nú hótelið í samstarfi við Evu Björk Harðardóttur og Þorstein M. Kristinsson.

Á hótelinu er lögð áhersla á heilsu og boðið upp á hollan mat og hreyfingu. Annar áfangi hótelsins af þremur er nú í byggingu en þegar er búið að taka í gagnið sextán gistiherbergi, matsal, bar og nýtt eldhús. Arkitektastofan Yrki hf. teiknaði húsið.

„Við erum að byggja upp heljarinnar heilsulind hérna í Efri-Vík,“ segir Eva Björk, sem er stafgönguþjálfari. „Áætlað er að taka þá álmu í notkun í haust, svo að næsta vetur getum við boðið upp á ýmiss konar heilsu meðferðir, meðal annars leirböð. Núna erum við með hefðbundna starfsemi en hér eru heitur pottur og sauna. Hjá okkur starfar nuddari og við bjóðum upp á heilsunudd. Svo eru á skrá hjá okkur meðferðaraðilar sem biða



Fyrsta áfangi í hótélbyggingunni er þegar búið að taka í notkun.

bara eftir nýju aðstöðunni.“

Að sögn Evu er margt annað í boði á hótelinu. „Við tökum á móti hópum og hér eru haldnar árshátíðir. Þá bjóðum við upp á sælkera matseðil og fundaraðstöðu líka. Svo höfum farið með hópna okkar í stafgöngu hér í kring.“

Eva telur að Íslendingar gætu markaðssett heilsulindina Ísland betur og þeir ættu því ekki að þurfa að leita á heilsuhótel erlendis. „Við eigum þetta allt hér heima, heita vatnið, hreina loftið og náttúruna.



Hönnunin á Hótel Laka var í höndum arkitektastofunnar Yrki hf.

Þannig að við ættum að líta okkur nær og beina okkar ferðabjónustu meira í þessa átt. Þetta er okkar fyrsta skref hér á Hótel Laka.“ -rat

Náttúrufegurð í Þjórsárdal

Á Suðurlandi eru fjölmargir ferðamöguleikar og getur verið gaman að fara í stuttar dagsferðir á mismunandi staði. Í Þjórsárdal er til að mynda ýmislegt áhugavert að sjá og margt hægt að gera sér til skemmtunar.

Skammt frá Búrfellsvirkjun er Hjálparfoss og Þjóðveldisbærinn, sem er eftirlíking af Þjóðveldisbæ og var gerður í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar.

Skammt frá er sundlaug í Reykholti eða svokölluð Þjórsárdalslaug. Upphaf hennar má rekja til þess að menn fundu og nýttu sér heitt vatn staðarins á virkjunartímabili Búrfells og grófu laug. Landsvirkjun lét síðan stækka hana og hafa miklar endurbætur verið gerðar á vatnskerfi hennar síðastliðið ár. Þá hefur búningaástaða verið endurnýjuð. Vatnið í lauginni er afar súrefnisríkt og þykir gott fyrir viðkvæma húð. Laugin er höfð opin miðvikudaga til sunnudaga á sumrin.

Eftir heilnæman sundsprett er hægt að fara upp að Stöng sem eru Rústirnar voru notaðar sem fyrirmynd við gerð Þjóðveldisbæjarins.

Frá Stöng er stuttur göngutúr inn að Gjá sem er sérstætt og fallegt gljúfur. Gjáfoss sem rennur niður gljúfrið er einstök náttúruperla. Þar í kring eru einnig spennandi hellar þar sem fjalla- og ferðamenn höfðu náttstað á árum áður.

Þá er hægt að aka inn að Háafossi sem er aðeins innar í landinu og fara í Hólaskóg þar sem boðið er upp á fjórhjólafærðir.

- ve



Hjálparfoss er skammt frá Búrfellsvirkjun.

MYND/JKBS



LEITAÐU EKKI LANGT
YFIR SKAMMT



Hótel Örk er í aðeins um hálf tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík og býður upp á afslappandi andrúmsloft og fyrsta flokks þjónustu.

Á hótelinu er frábær aðstaða til afþreyingar auk þess sem náttúruperlur eru í næsta nágrenni.

Slakaðu á fjarri skarkala borgarinnar

Breiðumörk 1.C | 810 Hveragerði | www.hotel-ork.is
info@hotel-ork.is | tel: +354 483 4700

HÓTEL ÖRK

Íslensk kjötsúpa á Gullfossi

Gullfoss er ein af vinsælli náttúruperlum Íslands. En auk þess að njóta einstakrar náttúrufegurðar er einnig hægt að verða sér úti um hefðbundinn íslenskan mat á kaffihúsinu Gullfosskaffi, sem er þekkt fyrir ljúffenga kjötsúpu.

„Við bjóðum upp á ekta íslenska kjötsúpu sem allir eru ánægðir með. Við erum einnig með súpu dagsins, sem er alltaf grænmetissúpa, og ýmis brauð, til dæmis beyglur, samlokur og tertur. Allur matur og brauð sem við bjóðum upp á er búið til á staðnum og því er allt nýtt og ferskt hjá okkur,“ segir Elfa Björk Magnúsdóttir.

Staðurinn hefur verið í eigu og rekinn af Elfu og Svavari Njarðarsyni frá árinu 1994. Frá þeim tíma hefur staðurinn tekið ýmsum breytingum. „Í fyrstu vorum við í tjaldi og gerðum okkar besta til að veita þá þjónustu sem við gátum og var þá um árstíðarbundinn rekstur að ræða yfir sumartímann,“ rifjar Elfa upp. Hundrað og fimmtíu fermetra veitingaskáli var síðan byggður árið 2000. Þremur árum síðar varð skálinn orðinn þrjú hundruð og tíu fermetrar sem tekur tvö hundruð og fimmtíu manns í sæti.

Þess má einnig geta að í húsnæðinu er rekin minjagripaverslun, með hvers kyns minjagripum og hlífðarfatnaði.

Gullfosskaffi er opið allt árið alla daga og því er tilvalið að kíkja við eftir að hafa skoðað Gullfoss sjálfan.

- mnr



Hjá Gullfosskaffi geta allt að tvö hundruð og fimmtíu manns setið og borðað

COMFORT
solutions®

By King Koil®



RÝMINGARSALA!

Vegna nýrrar vörlínu frá King Koil Comfort solution verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

á gamla genginu með allt að 30% afslætti.



AVERY
Spine support
(Full XL 135x203)
kr. 84.800

AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 89.900

AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 129.800

AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 68.900

AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.800




Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.



AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýrnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstjöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóðak.

rekkjan

HEILSURÚM



Auk bústarfa sinnir Sigursveinn fólksflutningur á lítilli rútu. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Sex lömb á Lyngum

Vorið kvaddi dyra á Lyngum í Meðallandi á páskadag með fæðingu þriggja lamba. Sigursveinn Guðjónsson er sauðfjárbóndi þar.

Sigursveinn er í daglegu tali kallaður Svenni á Lyngum. Þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans var hann nýkominn úr reisu vestur í Árnessýslu á vörubílnum sínum að ná í steinbita og áburð fyrir nýja nágranna sem eru að hefja kúabúskap í Langholti í Meðallandi.

Inntur fréttu af eigin búskap kveðst hann búinn að fá sex lömb á þessu vori. „Fyrst fæddust hér þrjú lembingar á páskunum, nokkrum dögum síðar komu tvílembingar og síðan einlembingur. Þannig að þetta fer hratt niður á við,“ segir hann hlæjandi en býst þó við að upp úr 20. apríl fari að fjölga í fjárstofninum. „Þetta fer rólega af stað, gamsarnir bera fyrst,“ segir hann. „Svo fer allt á fullt um mánaðamótin.“

-gun

Kyrrð í guðdómlegu umhverfi

Fjölbreytt starf er rekið í Skálholtsskóla og meðal annars boðið upp á kyrrðardaga þar sem áhersla er lögð á kyrrð og heilsu.

Skálholtsskóli, í Skálholti í Biskupstungum, hefur verið starfræktur síðan 1056 með breyttum áherslum en þar er nú rekið fræðslu- og menntasetur kirkjunnar. Starf skólans er skipulagt til að mæta þörfum samfélagsins, og meðal þess sem fólgið er í vetrarstarfinu eru kyrrðardagar. Að sögn Kristins Ólasonar, rektors Skálholtsskóla, hafa kyrrðardagar verið haldnir í Skálholti í meira en tvo áratugi.

„Á kyrrðardögum er fólki gefinn kostur á að fara í hvarf, taka sér hlé frá daglegri önn. Hver þátttakandi er einstaklingur á kyrrðardögum enda þótt hann komi í litlum hópi vina eða vandamanna. Dagskráin er tilboð til þátttakenda, en þeir ráða hvernig þeir verja tíma sínum, hvað þeir sækja af dagskrárliðum,“ segir Kristinn.

„Á kyrrðardögum sem haldnir eru undir yfirskriftinni Heilsudagar er lögð áhersla á kyrrð og heilsu,“ heldur Kristinn áfram. „Fjallað er um jafnvægi, sátt og lífsgæði og heilsusamleg gildi. Dagskráin felst í hugleiðingum, kyrrðarsamveru með slökunaræfingum, tónlistarhugum, útivist



Fræðslu- og menntasetur er rekið í Skálholtsskóla. Þar hafa verið haldnir kyrrðardagar í meira en tvo áratugi. Myndina tók Gunnar Einar Steingrímsson en hún er úr safni Skálholtsskóla.

og hreyfingu. Umsjón með kyrrðardögum hefur hópur sérfræðinga.“

Að sögn Kristins verður fjölbreytt dagskrá komandi helgi leidd af Bergþóru Baldursdóttur sjúkraþjálfara, Helgu Hróbjartsdóttur kennara og Hróbjarti Darra Karlssyni hjartalækni ásamt Kristni Ólasyni. Á þessum dögum er boðið upp á heilsufæði

og uppbyggjandi samfélag á helgum stað.

Skeifunni 11 Svavar Geir Svavarsson
löggiltur fasteignasali

GULLSMÁRI 6, ÍBÚÐ 0103
OPIÐ HÚS Í KVÖLD Á MILLI 19:00 – 20:00

Fróm

Falleg og vel frágengin 3ja herbergja 80 fm íbúð á góðum stað við Gullsmára í Kópavogi. Um er að ræða fallega íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin er snyrtileg og vel skipulögð og húsið allt til fyrirmyndar. Stutt er í leikskóla og skóla. Góður þjónustukjarni er í hverfinu. Ásett verð 22,9 millj.

TIL SÖLU

Glæsileg skóverslun

Til sölu ein besta og glæsilegasta skóverslun landsins sem er með eigin innflutning og sérstakt vörumerki. Vörumerkið er þekkt fyrir einstaka hönnun, vandaða og „spes“ skó. Hér er mjög gott tækifæri til að koma sér upp sjálfstæðum rekstri, rekstur sem býður uppá ýmsa möguleika. Verslunin er í vel staðsettu leiguhúsnæði í miðbæ Reykjavíkur.

Bergsteinn Gunnarsson
lögg. fasteignasali
bergsteinn@remax.is
s. 520 9550 gsm 897 5090



Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

ATVINNA

Debenhams er langstærsta verslun með hágæða tískuvöru á Íslandi, á fjórða þúsund fermetrar á tveimur hæðum í Smáralind.

Meginmarkmið fyrirtækisins er að bjóða allt í HINN FULLKOMNA FATASKÁP, auk snyrtivöru og fylgihluta.

Í Debenhams fást nú öll helstu merki tískuvöru í heiminum í dag. Um helmingur varanna eru merki Debenhams, s.s. Red Herring, Maine, J.Taylor, Babbleboom, Ted Baker, Ticket to Heaven, Tigerlilly, Collection, Collection Petite og Casual Club.

Auk þess vinna þekktir fatahönnuðir undir merkinu Designers at Debenhams. Þeir eru John Rocha, Jasper Conran, Julian McDonald og Betty Jackson.

Meðal annarra þekkra alþjóðlegra merkja í Debenhams má nefna: Mexx, Esprit Collection, Esprit Casual, Esprit EDC, Cottonfield, 66 N, Jackpot, Pilgrim, Part Two, Gerry Weber, Turnover, Solid, 66°N, Bruuns Bazaar, Tamaris, Imperial, InWear, Deca, BZR, IKKS, Matinique, Gardeur, Finucci, Polo frá Ralph Lauren, Boss, Sand, Oasis, Jane Norman, Sisley, Wallis, Warehouse, Park, Friis & Company, Femilet, Triumph, Mac, Estee Lauder, Clinique, Shiseido, Lancome, Helena Rubenstein, Biotherm, Origins, Kanebo, Clarins.

Viltu vinna í Debenhams?

Okkur vantar:

- Förfunar- eða snyrtifræðing í snyrtivörudeild
- Starfsmann í dömudeild/ barnadeild/ herradeild

Vinnutími: Fjórir virkir dagar í viku frá kl. 11 til 19 og önnur hver helgi. Umsækjendur verða að vera orðnir 25 ára. Umsóknarfrestur til 21. apríl.

Umóknir berist til Svans Valgeirssonar rekstrarstjóra (svanur@debenhams.is) eða í verslunina í Smáralind. Umsóknareyðublöð fást á kassavæðum í versluninni.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarflýsingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lífandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergadóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is

Umsóknarfrestur er til 11. apríl. Öllum umsóknum verður svarað

Háskólafrumvarp verði endurskoðað

UMRÆÐAN

Menntamáli

Nú nýlega var lagt fram frumvarp til laga um opinbera háskóla frá menntamálaráðuneytinu. Meginmarkmið frumvarpsins er að „einfalda þau lagaskilyrði sem gilda um starfsemi háskóla með það fyrir augum að veita háskólum sem mest sjálfstæði í innri málefnum“. Við nánari athugun á frumvarpinu er ljóst að um er að ræða mun víðara og áhrifameira frumvarp en lýsing þess gefur til kynna. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, setti af stað starfshóp um frumvarpið og setur nú fram sitt álit.

Í fyrsta lagi er litið til 6. greinar frumvarpsins, en þar er lagt til að fækka fulltrúum innan háskólaráðs Háskóla Íslands. Í háskólaráði sátu fyrir tíu fulltrúar, þar af sex frá kennurum (meðtalinn rektor), tveir frá nemendum og tveir sem skipaðir voru af menntamálaráðherra. Samkvæmt nýja fyrirkomulaginu er gert ráð fyrir að fulltrúum fækki niður í sjö fulltrúa – á kostnað fulltrúa nemenda og kennara. Með nýja fyrirkomulaginu verða tveir fulltrúar frá



KRISTJÁN FREYR KRISTJÁNSSON

kennurum (rektor meðtalinn), einn fulltrúi frá nemendum, tveir frá menntamálaráðuneytinu og tveir sem verða skipaðir af fráfari háskólaráði. Fulltrúum innan ráðsins mun því fækka á sama tíma og nemendum Háskólans fjölga um 3.000 manns með sameiningu Kennaraháskóla Íslands.

Í öðru lagi mun frumvarpið breyta setutíma fulltrúa innan háskólaráðs úr tveimur árum yfir í þrjú. Þetta skapar mikið vandamál fyrir nemendum innan Háskólans. Í flestum greinum er BA- og BS-nám skilgreint sem þriggja ára nám. Af þeim sökum er ljóst að einungis

nemendur sem stefna á lengra nám eiga möguleika á að sitja sem fulltrúi nemenda á háskólaráðsfundum.

Í þriðja lagi má reikna með því að frumvarpið opni möguleika Háskólans á að taka upp skólagjöld, þrátt fyrir að allir fulltrúar stjórnmalaflokkanna hafi sagt að ekki yrði stefnt að upptöku skólagjalda í síðustu kosningum. Í 24. gr. frumvarpsins kemur fram að Háskólanum sé heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög með ýmsum hætti. Þar má helst nefna skrásetningargjöldum sem geti verið allt að 45.000 kr. á ársgrundvelli. Í sömu grein kemur þó fram skýr heimild um að háskólaráð geti gert tillögu til ráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð

skrásetningargjalda. Skrásetningargjöld við Háskólann eru ekkert annað en skólagjöld, enda augljóst að í nútímavæddu samfélagi kostar þjónustan við skráningu nemanda ekki 45.000 krónur.

Í fjórða lagi er óljóst hvernig útfærsla á frumvarpinu fer fram. Síðastliðinn febrúar voru haldnar kosningar til Stúdentaráðs og voru þar tveir fulltrúar sem voru kosnir af hálfu nemenda til tveggja ára. Ef frumvarpið verður samþykkt er ljóst að staða háskólaráðsfulltrúa er önnur en áður var. Slíkt gæti kallað á nýjar kosningar um embættið. Í kjölfar frumvarpsins þarf einnig að endurskoða lög Stúdentaráðs innan Háskólans en fulltrúar háskólaráðs hafa báðir seturétt í Stúdentaráði.

Til að tryggja hagsmuni allra aðila innan Háskólans er mikilvægt að veikja ekki stöðu stúdenta í ákvarðanatöku. Eftir nána athugun á frumvarpinu óskar Vaka því eftir eftirfarandi breytingum:

1. Fjöldi fulltrúa nemenda innan háskólaráðs haldist tveir.
2. Fulltrúar skulu áfram kjörnir til tveggja ára en ekki þriggja.
3. Nánar sé skýrt frá því hvernig útfærsla laganna fari fram. Með sérstakri áherslu á háskólaráðsfulltrúa.
4. Fallið sé frá þeirri tillögu að háskólaráð geti hækkað skráningargjöld.

Höfundur er oddviti Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Hlutlaus vísindi?

Jón Þór Ólafsson skrifar um loftslagsmál:

Þegar einhver afstaða, vísindaleg eður ei, hefur mikla pólitíska hagsmuni að baki sér er hollt að spyrja sig hvort afstaðan og rökin á bak við hana séu algerlega hlutlaus, eða hvort þau séu keyrð áfram af hlutdrægum pólitískum hagsmunum. Fyrir nokkrum áratugum átti sér stað kólnunartímabil á jörðinni og, eins og margir muna, talaði vísindasamfélagið um hugsanlegt upphaf nýrrar ísaldar. Vísindamenn sem á þeim tíma töluðu um möguleika á hitnun jarðar var ýtt út í kuldann. Þessir vísindamenn héldu samt áfram að gagnrýna viðtekinn „sannleika“ þess dags um nýja ísöld og rökhyggja hinnar vísindalegu aðferðar fór að kæla niður tilfinningahita hræðsluraddanna. Þessum mönnum getum við þakkað að í dag sjáum við möguleika á hitnun jarðar vegna útblásturs manna á gróðurhúsalofttegundum. Þetta er hinn nýi „sannleikur“.

Kenningin um að hitnun jarðar sé af mannavöldum kveikir eðlilega mikinn tilfinningahita og hana ber að taka alvarlega, því ef rétt reynist gætum við orsakað gríðarlegar hamfarir, en í dag eru vísindamenn sem segja að gögnin styðji ekki þá kenningu, og þeim er ýtt út í kuldann. Það er gott að vera inni í hitanum með öllum hinum, en verum ekki hrædd að hlusta á vísindamenn sem ýtt hefur verið út í kuldann fyrir að fylgja hinni vísindalegu aðferð og gagnrýna hinn viðtekna „sannleika“.

Íþróttakonum mismunað

Darri Freyr Atlason, 13 ára Vesturbæingur, skrifar:

Ég hef verið að velta fyrir mér hversu mikið konum er mismunað þegar til íþróttuútsendinga kemur. Á meðan við fáum að horfa á alls kyns íþróttaviðburði hjá körlum og dagskrám er breytt hægrí vinstri til að koma fyrir beinum útsendingum frá karlaíþróttaviðburðum fá áhorfendur ekki einu sinni að sjá úrslitaleik í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta. Þessu bréfi er aðallega beint að forsvarsmönnum Stöðvar 2 sport vegna þess að ég hef ekki tekið eftir einum einasta kvennaíþróttaviðburði í útsendingu á Stöð 2 sport. Mér finnst ríkissjónvarpið standa sig heldur betur en þó ekki nægilega vel. Á meðan Alþingi og stéttarfélagin ásamt auðvitað feministunum ræða og gagnrýna „kúgun“ kvenmannsins fram og aftur er konum algjörlega mismunað þegar kemur að útsendingum frá íþróttaviðburðum.

ALLAR VÖRUR Á 30% AFSLÆTTI AÐEINS Í DAG FIMMTUDAG

OPIÐ TIL KL. 21:00 Í ÖLLUM DRESSMANN VERSLUNUM

**DRESS
MANN**

Laugavegur · Kringlan · Smáralind · Akureyri

5629730

5680800

5659730

4627800

STEVEN SEGAL LEIKARI 57 ÁRA
„Ég vona einn daginn að ég verði meira þekktur sem rithöfundur og leikari en kyntákn.“

Þekktustu myndirnar sem Segal hefur leikið í eru hasarmyndirnar Under Siege eitt og tvö.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 10. APRÍL 1912

Titanic heldur í jómfrúarferð sína

Skipið Titanic var gufuknúið farþegaskip og stærsta skip sem byggt hafði verið fram að því. Um 17.000 verkamenn unnu að byggingu skipsins á árunum 1909-1911. Skipið var yfir tvö hundruð og fimmtíu metra langt og þyngd þess var 46.328 þúsund tonn. Skipið var talið vera ósökkanlegt en svo varð raunin ekki. Titanic sigldi úr höfn í Southampton í Englandi og var áfangastaðurinn New York, þó með viðkomu í Frakklandi. Þegar skipið var búið að



sigla í fjóra daga, eða 14. apríl, var það stutt sex hundruð kílómetra frá Nýfundnalandi og sigldi þá á ísjaka. Þrátt fyrir að áhöfn skipsins hefði reynt allt til þess að forða árekstri rakst skipið utan í ísjakann og við það rifnaði skrokkur skipsins og vatn flæddi inn. Sjö hundruð manns komust lífs af en um fimmtán hundruð létust. Jómfrúarferð Titanic er eitt þekktasta og mannskæðasta sjóslys allra tíma.

MERKISATBURÐIR

- 1790 Einkaleyfikerfið er tekið í notkun í Bandaríkjunum.
- 1815 Eldfjallið Tambora í Indónesíu byrjar að gjósa.
- 1847 Joseph Pulitzer blaðamaður fæðist.
- 1886 Magnús Stephensen skipaður landshöfðingi.
- 1940 Ríkisstjórninni falið konungsvald frá Alþingi eftir að Þjóðverjar hernámu Danmörku.
- 1956 Konungur Danmerkur, Friðrik IX, og drottning hans koma til Íslands í fjögurra daga opinbera heimsókn.
- 1970 Paul McCartney gefur út yfirlýsingu þess efnis að Bitlarnir séu hættir.
- 1998 Belfast-sáttmálinn er undirritaður.

FYRIRTÆKIÐ LÝSI HF: FAGNAR 70 ÁRA AFMÆLI SÍNU

Byggja mest á útflutningi

Lýsi hf. hefur fylgt íslensku þjóðinni í sjötu ár. Í dag starfar fyrirtækið á sviði rannsókna, vöruþróunar, framleiðslu og sölu á fiskiolíu um allan heim. „Vinnan hjá Lýsi er gefandi og skemmtileg. Að mæta í vinnuna á hverjum morgni til þess að selja og koma á framfæri hollustu Lýsis og auka þannig lífsgæði fólks er frábært“, segir Katrín Pétursdóttir, sem hefur starfað frá árinu 2000 sem framkvæmdastjóri Lýsis.

Lýsi hóf starfsemi sína árið 1938 og var stofnað af bræðrunum Tryggva og Þórði Ólafssonum. Bræðurnir stofnuðu Lýsi vegna þess að skortur var á A- og D-vítamínum.

Eftirspurn eftir þorskalýsi skapadist þegar þörfin á A- og D-vítamínum jókst og vitað var að þorskalýsið hafði áhrif á náttblindu og beinþynningu. Tölv árnum seinna, eða árið 1950, dró mikið úr eftirspurn eftir þorskalýsi og verðið féll. Næstu þrjátíu ár voru erfið lýsisiðnaðinum í heiminum en þrátt fyrir það skilaði Lýsi hagnaði á tímabilinu. Hjá Lýsi starfa nú hundruð manns. Framleiðslan fer fram í Reykjavík og í Þorlákshöfn.

„Lýsi hefur alla tíð lagt mikla áherslu á gæðamál. Með nýrri verksmiðju fyrirtækisins jókst framleiðslugetan til muna. Nýja verksmiðjan er sú tækni-legasta í heimi á sínu sviði. Með komu nýju verksmiðjunnar gekk Lýsi í endurnýjun lífdaga“, útskýrir Katrín. Nútíu prósent af framleiðslu Lýsis fer í útflutning.

„Við byggjum hvað mest á útflutningi þó að innanlandsmarkaður sé okkur mikilvægur. Við höfum verið í mikilli sókn á erlendum mörkuðum og fengið góðar viðtökur. Ástæðan er sú að almenn vitneskja fólks á þeim mörkuðum sem við vinnum á hefur eflst og aukist og fólk er meira upplýst um ágæti vörunnar“, segir Katrín.



BYGGJA MEST Á ÚTFLUTNINGI Almenn vitneskja um ágæti fiskiolíu fyrir líkamann er hluti af velgengi á erlendum mörkuðum.

Þorskalýsi, Omega 3 lýsi, Túnalýsi og Hákarlalýsi hafa verið sterkustu útflutningsvörurnar frá Lýsi. Lýsi flytur út vörur á sextíu og sjö markaði víðs vegar um heiminn, þeir helstu eru

Bandaríkin, Bretland, Indland og lönd í Austur-Evrópu.

„Markmið Lýsis er að bjóða upp á hágæða vöru í því formi sem fólk á auðvelt með að neyta hennar. Á Íslandi er mikil aukning sem og annars staðar“, segir Katrín og bætir við:

„Fram undan hjá Lýsi er sífellt þróun í vöru og framleiðslu. Við erum mjög ánægð með stöðuna eins og hún er nú og framhaldið er áframhaldandi sókn á öllum mörkuðum.“

kimael@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



50 ára afmæli

Jón Eidur Jónsson

Markaðsfulltrúi Europro er fimmtugur í dag. Hann verður að heiman.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Sigurðsson

Dvalarheimilinu Hlíð,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 5. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 11. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

Sigríður Egilsdóttir

Sigþór Bjarnason

Ingibjörg Bjarnadóttir

Egill Bjarnason

Þórdís Bjarnadóttir

Sigurður Bjarnason

barnabörn og barnabarnabörn.



Guðríður Bergvinsdóttir

Sveinn Eðvaldsson

Erna Jóhannsdóttir

Hreiðar Hreiðarsson

Friðrika Árnadóttir



Þökkum auðsýnda samúð og vinarþug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurbjargar

Sigurjónsdóttir

frá Flatey á Skjalfanda, Garðarsbraut 55, Húsavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík.

Vigdís Helga Guðmundsdóttir

Sigurjón Guðmundsson

Jóhanna Guðmundsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Pálmi Sigfússon

Ása Grímsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Gunnarsson,

áður til heimilis að Bárustíg 4, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks þriðjudaginn 1. apríl. Jarðarförin fer fram frá Sauðárkróskirkju laugardaginn 12. apríl kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Sigríður Gísladóttir

Sveinn Gíslason

Pálmey Gísladóttir

Haraldur Gíslason

barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Ottósson

Jónína Þorvaldsdóttir

Rúnar Ingólfsson

Björg Guðmundsdóttir



Þökkum af alþug öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Unnar Þorgeirsdóttir

Bogahlíð 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans, Landakoti.

Þorgeir Sigurðsson

Sigurður Ingi Sigurðsson

Rósa Karlsdóttir Fenger

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórunn J. Gunnarsdóttir

Guðfinna Thordarson

John Fenger



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga Hjartardóttir

Gnoðarvogi 22,

sem lést þann 2. apríl sl. verður jarðsungen frá Langholtskirkju í dag, fimmtudaginn 10. apríl, kl. 13.00.

Jens Gíslason

Ingvaldur Gísladóttir

Ragna B. Gísladóttir

tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Systir okkar,

María Indriðadóttir

Dvalarheimilinu Dalbraut, áður til heimilis að Hátúni 8, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 8. apríl á Landspítalanum Fossvogi. Jarðarförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.00.

Sigurlaug Indriðadóttir

Páll Indriðason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Gunnar Ragnar

Sveinbjörnsson

frá Kothúsum, Garði, Eyrarholti 20, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Ágústa Sigríður Gunnarsdóttir

Valdís Þóra Gunnarsdóttir

Sara Lind Gunnarsdóttir

barnabörn og systkini.

Halldór A. Þórarinnsson

Vignir Már Guðjónsson

Páll Þórir Jónsson


Afslátt eða gott verð?

Stærri flísadeild – gólf- og veggflísar á Múrbúðarverði



Gólf/veggflís 30x30 sm (2 litir)

kr: **690** pr.m²



Gólflís 40x40 sm (3 litir)

kr: **890** pr.m²



Gólf/veggflís silkimatt 30x30 sm, hvít

kr: **890** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 og 60x60 sm, grá

kr: **1.990** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 sm, kr:

kr: **990** pr.m²



Gólflís, metal 60x60 sm, kr:

kr: **1.990** pr.m²



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Öll verkfæri til flísa-
lagna á góðu verði



Nú einnig á Suðurnesjum

Klettháls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16
Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 Rvk - Fuglavík 18 Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Frægir frændur

MIKAEL MARINÓ RIVERA GÆTI ÁTT TVO FRÆGA FRÆNDUR



Í þessu upplýsinga-þjóðfélagi sem við búum í hérna á Íslandi er alltaf hægt að komast að einhverju nýju. Ég hef alla tíð verið hálfur Spánverji og tel mig verða það áfram um ókomna tíð. Faðir minn er frá Spáni, nánar tiltekið frá Galisíu, og er því Galisíubúi. Ég hef hingað til kallað hann sveitalubba. Faðir minn kemur úr sveit eins og sveit gerist best. Hægt er að líkja henni við íslenska sveit um aldamótin þarsíðustu. Amma og afi ganga um í tréklossum og nota orf og ljá við slátt. Rafmagn er takmarkað og símar eru enn nýjung fyrir

fólkið í sveitinni. Það er alltaf svaka fjör að sjá þegar síminn hringir því það er barist um að svara. Enda svo mikið tækniundur að geta spjallað við fólk á öðrum bæjum, hvað þá í öðru landi. En eins og í hverju öðru krummaskuði á Spáni má finna þarna bar sem uppfyllir allt sem þarf á góðum bar. En nóg um sveitina, hún er fögur og flott og alltaf gaman að koma þangað.

Sveitin fékk hins vegar nýja vídd hjá mér þegar ég komst að því að einræðisherrarnir Fidel Castro og Francisco Franco eiga báðir rætur að rekja þangað. Það er skemmtilegt að hugsa til þess að þeir eru að öllum líkindum skyldir mér að einhverju leyti.

Hugsanlega gæti það útskýrt hina frábæru einræðisherrataktu sem faðir minn hefur sýnt í gegnum tíðina. Faðir minn hefur klárlega sama blóð og þeir Castro og Franco. Hann hefur sínar skoðanir og segir allt sem hann vill segja og er ekki mikið fyrir að hlusta á skoðanir sem eru andstæðar hans.

Nú er mál að skella Kára Stefáns ofan í tösku og fljúga með hann til Kúbu, fá þar blóð úr Castro. Frá Kúbu skal halda til Spánar og grafa upp þein Francos og taka úr þeim sýni. Með þessu ætti ég að geta gengið úr skugga um að þessir tveir einræðisherrar séu skyldir mér. Ef svo er þá get ég fyrst montað mig af því að eiga tvo fræga frændur.

myndasögur



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR

08.00-13.00 ALLA VIRKA DAGA
Hvar sem þú ert – hvenær sem er

www.lettbylgjan.is

LÉTT
BYLGJAN
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

RÝMINGARSALA

VIÐ HÆKKUM AFSLÁTTINN

ALLT Á AÐ KLÁRARAST

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

Í VERSLUNUM OKKAR
Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



Leikþæer

DÓTABÚÐIN

**Kl. 20**

Gunnhildur Þórðardóttir verður með leiðsögn um hátíðarsýningu í tilefni af 100 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar í lista- og menningar-miðstöðinni Hafnarborg, Strandgötu 34, í kvöld kl. 20. Á sýningunni má sjá verk 50 myndlistarmanna sem allir tengjast Hafnarfirði á einhvern hátt, eru ýmist fæddir þar eða búsettir, eða hafa vinnustofur sínar þar.

menning

menning@frettabladid.is

Ashkenazy stjórnar í kvöld

Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Hvarvetna á byggðu bóli bera menn óblanda virðingu fyrir umfangsmiklu starfi hans og djúphugulu viðhorfi til tónlistarinnar. Ashkenazy er bæði einn af fremstu hljóðfæraleikum heims og virtur og eftirsóttur hljómsveitarstjórnandi, en hann hefur stjórnað flestum frægustu hljómsveitum heims.

Hér á landi er Vladimir Ashkenazy ekki síst í miklum metum fyrir óeigingjart og ómetanlegt framlag til íslensks tónlistarlífs og listalífs almennt. Þá var hann einn helsti hvata-maður að stofnun Listahátíðar í Reykjavík og aðalhvatamaður að byggingu tónlistarhúss um áratugabil.

Árið 2002 þáði hann boð Sinfóníuhljómsveitar Íslands um að gerast heiðursstjórnandi hennar og hefur síðan stjórnað tónleikum á hverju



VLADIMIR ASHKENAZY

starfsári sem teljast einatt einn hápunkta tónleikaársins.

Að þessu sinni stjórnar Vladimir Ashkenazy flutningi hljómsveitarinnar, Íslenska óperukórsins og einvaliðs einsöngvara á Missa Solemnis eftir Ludwig Van Beethoven. Verkið er mikið að vöxtum, tekur á annan tíma í flutningi og gerir miklar kröfur til flytjenda. Tónlistin er víðfeðm og einkennist af sterkum andstæðum þar sem nýstárleg og byltingarkennd tónhugsun Beethovens kallast á

við tónlist barokks og endurreisnar. Útkoman er um margt einstakt verk í sköpunarverki Beethovens og þar með tónlistarsögu Vesturlanda.

Einsöngvararnir sem koma fram eru í fremstu röð, en þeir eru Joan Rodgers, Mark Tucker, Sesselja Kristjánsdóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson. Það er því boðið til mikillar veislu í Háskólabíói í kvöld, og þarf engan að undra að uppselt sé á tónleikana.

- vþ

> Ekki missa af...

Fyrirlestri Örn Schram um mynd mannsins í fjölmiðlum. Arna, sem er stjórnmalafraeðingur og formaður Blámannafélags Íslands, fjallar um hvort og hvernig sú mynd sem fjölmiðlar setja fram af mannum endurspeglir raunveruleikann. Fyrirlesturinn hefst kl. 17 í dag og fer fram á Amtsbókasafninu á Akureyri.

Minningar um líf og æsku

Í anddyri Ljósmyndasafns Reykjavíkur er sýningarrými sem kallast Skotið. Í Skotinu eru settar upp sex sýningar á ári hverju sem allar eiga það sameiginlegt að miða að kynningu þeirrar fjölbreyttu starfsemi sem iðkuð er undir formerkjum ljósmyndunar. Skotinu er ætlað að kynna fyrir almenningi ljósmyndun sem hefur fjölbreytileika og sköpunarkraft í hávegum.

Sýning tékkneska ljósmyndarans Jirka Ernest opnaði í skotinu í gær. Jirka sleit barnskónum í Mæri í Tékklólvakú en býr í dag í Prag og hefur að baki nám í FAMU – kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni í Prag þar sem hann lagði stund á ljósmyndun. Myndirnar á sýningunni eru teknar á heimaslóðum hans í Tékklandi og eru hugleiðingar um líf hans og æsku í Mæri og þær breytingar



LÍFIÐ Í TÉKKLANDI Ein af ljósmyndum Jirka Ernest.

sem átt hafa sér stað frá þeim tíma; hugleiðingar sem eru óhjálkvæmilega litaðar af hrúni kommúnismans. Jirka hefur sýnt víða í Evrópu en þetta er fyrsta sýning hans á Íslandi.

- vþ

Sungið um horfinn bróður

Þær Hörn Hrafnadóttir mezzosópransöngkona og Antónía Hevesi píanóleikari koma fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld þar sem þær flytja ljóðaflokk eftir Gunnar Reyni Sveinsson við ljóð eftir Hrafn Andrés Harðarson, föður Harnar. Ljóðaflokkurinn nefnist Hlér og er unninn upp úr samnefndri ljóðabók Hrafnas sem er tileinkuð Leifi, syni Hrafnas og bróður Harnar, sem lést barnungur.

„Mig hefur lengi langað til þess að flytja ljóðabálkana sem Gunnar Reynir vann upp úr ljóðum föður míns opinberlega,“ segir Hörn. „Ljóðaflokkarnir eru í allt tveir, Hlér og Tónmyndaljóð, og upphaflega stóð til að flytja þá báða á einum tónleikum. Vegna anna við önnur verkefni hefur sú áætlun aðeins breyst og nú flyt ég þá hvorn fyrir sig, en ég tek þá báða upp og gef út á hljómdisk á þessu ári.“ Ljóðaflokkurinn Hlér samanstendur af átta lögum í allt, en aðeins fimm þeirra hafa verið flutt áður á tónleikum.

Sem gefur að skilja er viðfangsefni ljóðaflokksins afar persónulegt fyrir Hörn og því er upplifun hennar af flutningi tónlistarinnar tilfinningaþrungin. „Það er erfitt að lýsa því hvernig það er fyrir mig að flytja þessi ljóð. Mér líður dálítið eins og ég sé nakin á sviðinu þar sem ég er að hleypa áhorfendum inn í hjarta mitt. Í þessum



HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTÓNÍA HEVESI Koma fram á tónleikum í salnum í kvöld þar sem flutt verður bæði íslensk og erlend tónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ljóðum koma svo skýrt fram tilfinningar og átök sem þeir standa mér næst hafa gengið í gegnum og því skiptir það mig miklu máli að þau komist til skila. Þannig kem ég til dæmis til með að halda á ljóðabókinni á tónleikum og syngja upp úr henni eins og á hefðbundnum ljóðaupplestri, til þess að leggja áherslu á ljóðin og innihald þeirra.“

Seinni hluta tónleikanna skipta þær Antónía og Hörn um gír og flytja aríur eftir tónskáld á borð við Bizet og Verdi. „Já, þá tekur við allt önnur stemning. Ég tók

nýverið þátt í söngkeppni í Carnegie Hall í New York og söng þar tvær af aríunum sem ég flyt í Salnum. Mér hefur svo verið boðið út að syngja aftur í Carnegie Hall og því fá gestir Salarins líka að heyra aríuna sem ég ætla að flytja úti. Það má því segja að þessir tónleikar nái að spanna fortíð mína og nútíð,“ útskýrir Hörn.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld. Miðaverð er 2.000 kr., en eldri borgarar, námsmenn og öryrkjar fá miðann á 1.600 kr.

vigdis@frettabladid.is

Til heiðurs Steinari

Heildarútgáfa á verkum Steinars Sigurjónssonar (1928–1992) fyrir fáum vikum hefur dregið athygli að höfundarverki hans. Næstu þrjú fimmtudagskvöld verða helguð skáldinu Steinari Sigurjónssyni í Útvarpsleikhúsinu á Rás 1. Ungir listamenn, nemendur úr leiklistardeild og tónlistardeild Listaháskóla Íslands, gera tilraun með texta hans og hugarheim. Þau grafast fyrir um hver maðurinn var sem hét Steinar Sigurjónsson og stundum Steinar á Sandi, eða Sjóni Sands og jafnvel Bugði Beygluson. Þau fá ýmsa þá sem urðu á vegi skáldsins til að segja frá Steinari. Einnig verður flutt hið óvenjulega útvarpsleikrit Strandferð eftir Steinar Sigurjónsson.

Í kvöld kl. 22.15 hefst þessi Steinarssýrpa: Fluttur verður heimildabátturinn Svipleiftur um skáldið eins og hann birtist í minningu samferðamanna hans. Dag-skrárgerð er í höndum nemenda leiklistardeildar Listaháskólans og tónlistin í þættinum er samin af nemendum í tónlistardeild skólans. Verkstjóri er hinn kunnir útvarpsmaður Jón Hallur Stefánsson.

Næsta fimmtudag verður svo flutt leikverkið Strandferð eftir Steinar í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar en upptakan er frá 1992. Eftir tvær vikur er á dagskrá fléttubátturinn Raddir úr djúpinu um verk og hugarheim Steinars Sigurjónssonar og eru aðstandendur hinir sömu og í þættinum í kvöld en leikstjóri er Jón Hallur Stefánsson.

Steinar Sigurjónsson er í hópi merkustu rithöfundna Íslands á síðari helmingi tuttugustu aldar. Í fyrstu verkum hans var sleginn tónn sem ekki hafði áður heyrst í íslenskum bókmenntum. Yrkisefnin voru ný – grámygla sjávarþorpssins sem kæfir niður þrá mannsins eftir feegurð – og aðferðirnar sömuleiðis: Steinar var á



BÓKMENNTIR Steinar Sigurjónsson skáld.

MYND/KALDAL

vissan hátt frumkvöðull móðernískrar sagnagerðar á Íslandi, en hann var líka athyglisvert ljóðskáld. Fyrsta bók Steinars, Hér erum við, kom út árið 1955. Af helstu verkum hans má nefna Ástarsögu, Blandað í svartan dauðann, Farðu burt skuggi og Kjallarrann. Steinar skrifaði einnig fjölmörg leikrit og einþáttinga og hafa sumir þeirra verið fluttir í útvarpi.

Steinar Sigurjónsson fæddist hinn 9. mars árið 1928 á Hellissandi. Hann fluttist ungur til Akraness og ólst þar upp. Steinar lærði prentið við Hrapseyjarprent og Prentverk Akraness og lauk prófi sem prentari frá Iðnskólanum á Akranesi árið 1950. Hann starfaði alfarið við iðn sína í nokkur ár en sneri sér síðan að ritstörfum, stundum samhliða prentverki. Steinar Sigurjónsson andaðist í Hollandi 2. október árið 1992. Staða Steinars í íslensku bókmenntasögu hefur ekki verið sem skyldi, þótt ljóst megi vera að hann sé tíðindamaður í þeim ennum. pbb@frettabladid.is

Pulitzer-verðlaunahafar í flokki bókmennta kynntir

Tilkynnt var um þá lukkunnar pamfíla sem urðu þess heiðurs aðnjótandi að hljóta hin eftirsóttu Pulitzer-verðlaun í flokkunum bókmenntir, leikrit og ljóðlist nú á mánudag.

Daniel Walker Howe hlaut sagnfræðibókmenntaverðlaunin fyrir bók sína „What Hath God Wrought: the Transformation of America, 1815–1848.“ Howe þessi er próffessor í sagnfræði við Oxford-háskóla, en honum þykir hafa tekist afar vel til með bók sinni um mótunarskeið í sögu bandarísku þjóðarinnar.

Verðlaunin fyrir ævisögur fékk John Matteson fyrir bók sína „Eden's Outcasts: The Story of Louisa May Alcott and Her Father.“ Í bókinni rekur Matteson ævi skáldkonunnar Louisa May Alcott, sem þekktust er fyrir sögu sína um Yngismeyjar, en hann fer einnig í saumana á ævi föður hennar sem var afar merkur og áhugaverður maður.

Skáldsagan sem hlaut Pulitzer-verðlaunin að þessu sinni nefnist „The Brief Wondrous Life of Oscar Wao“ og er eftir Junot Diaz. Bókin segir sögu fjölskyldu sem flyst frá Dóminíska lýðveldinu til Bandaríkjanna og hvernig hún tekst á við lífið nýju umhverfi. Diaz hefur nokkra reynslu af millilandaflutningum sjálfur þar sem hann fluttist með fjölskyldu sinni frá Dóminíska lýðveldinu til Bandaríkjanna á áttunda áratug síðustu aldar.

Saul Friedlander fékk verðlaun í undirflokknum almennar bókmenntir. Bók hans heitir „The Years of Extermination: Nazi Germany and the Jews, 1939–1945“ en í henni hefur Friedlander tekið saman brot úr dagbókum gyðinga sem upplifðu helförina og dregið þannig upp mynd af lífinu í útrýmingarbygðum.

Verðlaunahafarnir fyrir ljóðlist voru tveir talsins; Robert Hass fékk verðlaun fyrir ljóðabók sína „Time and Materials“ og Philip Schultz fékk



BOB DYLAN Hlaut sérleg Pulitzer-heiðursverðlaun.

verðlaun fyrir bók sem ber hinn átakanlega titil „Failure“. Tracy Letts fékk verðlaunin fyrir leikrit sitt „August: Osage County“. Veitt voru verðlaun fyrir tónlist, en þau fékk David Lang fyrir verk sitt „The Little Match Girl Passion“. Verkið er fyrir sönghóp og texti þess er samruni sögu H.C. Andersens um Litlu stúlkuna með eldspýturnar og texta Matteusarpassiú J.S. Bach.

Að lokum ber þess að geta að söngvaskáldið og Íslandsvinurinn Bob Dylan hlaut sérlega heiðursútnefningu Pulitzer-dómnefndarinnar fyrir menningarframlag sitt til Bandaríkjanna.

- vþ

 **SALTFÉLAGIÐ**

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT



hellti niður kakómalti í morgun en það er allt í lagi,
bletturinn er líka rosaflouttur, hann er í laginu eins og Ísland

þótt mamma liggi kyrr með skrýtna barnið
hjá brjóstinu er hún samt alltaf að njósna:
„í-hundraðasta-skipti, Jakob, ekki-rispa-
skáphurðina-með-sverðinu!“

en ég verð, þetta er draugaskápur

ég má ekki pissa aftur í vasann, mamma segir það

Í samstarfi við Vesturport

ÁST

10 - 11 - 17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ALLAR SÍÐUSTU
SÝNINGAR


Miðasala 568 8000
www.borgarfeikhus.is




Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30-20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. mið 9/4 uppselt, fös 11/4 sun. 13/4 örfá sæti laus

Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 10/4 örfá sæti laus, fös. 11/4 örfá sæti laus

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. lau 12/4 næst síðasta sýning

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau 12/4 örfá sæti laus

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
Tvær sýningar lau. 12/4 örfá sæti laus, sýn 13/4 uppselt

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 13/4 uppselt

Öll eru þau til prýði

Óperusmiðjan frumsýndi í húsi Íslensku Óperunnar á sunnudagskvöld Cosi fan tutte eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Hljómsveit, kór og burðarhlutverkin sex voru skipuð ungu listafólki sem komið er að þröskuldi framhaldsnámsins, sumt stigið yfir hann og hefur tekið upp búsetu í erlendum borgum til að fullframa sig áður en lagt er á hina þyrnum stráðu braut atvinnumennskunnar. Óperusmiðjan er sett á stofn til þess að veita því tækifæri og nýtur til þess stuðnings Glitnis.

Frumssýningin á sunnudag var um margt ánægjuleg kvöldstund. Óperustúdíóið réð Ágústu Skúladóttur til að leikstýra verkinu. Hún er von að vinna með áhugafólki og atvinnuöðum og skilar hér afbragðsvinnu með listamönnum ungu. Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri átti við ramman reip að draga: hljómsveitin náði engan veginn þeim kröfurka hljómi sem tónlist Mozarts útheimtir.

Sýningin var falleg í öllum útbúnaði, búningar smart í stílisingu sinni, lýsing fjölbreytileg eftir efninu, leikmyndin ekki of rúmfrek og bauð upp á snör atriðaskipti. Katrín Þorvaldsdóttir, Páll Ragnarsson og Guðrún Öyahals eru smekkvísir atvinnuöðum. Það var enginn fátæktarbragur á neinu, einfaldleiki skilaði sýningunni fullkomlega verðugri umgerð sem var ekki ofþrengd og lýsti fágæðri smekkvísi.

Systurnar tvær og strákarnir þeirra hafa mér reyndar alltaf þótt óttalega leiðinlegar persónur, einkum þær tvær og þröngt um vik að gera úr þeim eitthvað lífandi á sviði. Þau sem skipuleggja gabbíð sem er plottíð í verkinu, Herra Alfonso og Þjónustan Despina, eru skemmtilegra fólk.

Gripið er til þess ráðs að deila sýningum milli söngvara: þannig



LEIKLIST

Cosi fan tutte

Wolfgang Amadeus Mozart og Lorenzo da Ponte.

Leikmynd: Guðrún Öyahals.

Búningar: Katrín Þorvaldsdóttir.

Lýsing: Páll Ragnarsson.

Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason.

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.

★★★

Glæsileg nemendasýning með efnilegum leikurum með góðar raddir sem munu eflast í reynslunnar eldi.

... eru tvær söngkonur í hlutverki Fiordigli, og aðrar tvær í hlutverki Despinu á þessum sýningarkvöldum sem eftir eru: 11. og 13. apríl.

Þorvaldur Þorvaldsson bassi fer með hlutverk Alfonsos á öllum sýningunum, vörpulegur maður með fína rödd sem enn skortir þroska til að ná hinu fínu blæbrigðum slægðar og undirferlis en með sterka nærveru og öruggan leikstíl. Falleg frammistaða. Hlutverk Despinu var á frumsýningunni sungið og leikið af Unni Helgu Möller sópran en Tinna Árnadóttir mun einnig fara með það. Unnur Helga er konfektmoli þótt rödd hennar sé ekki fullþroskuð og hana vanti styrk. Framburður hennar eins og Þorvaldar var til sóma en mestu skipti þó frábær skilningur hennar í öllum hreyfingum og fasi sem

gladdi áhorfendur sinn eftir sinn á frumsýningarkvöldinu. Vonir eru að hún nái öruggari tökum á rödd sinni og þá eru henni margar leiðir færar.

Piltarnir tvær sem láta tilleiðast að reyna á trygglyndi þeirra systra eru sungnir af Sveini Dúa Hjörleifssyni tenór og Jóni Svavari Jósefssyni barítón sem báðir eru orðnir þýr söngvarar og liprir leikarar. Misvel fórst þeim í erfðustu einsöngsatriðum en æskubokki þeirra og lífandi nærvera bætti það upp. Jón er vaskur í framgöngu og sýndi hörku af öryggi, en Sveinn hefur sýnilega tilbúnað til að verða söngvari með snert af gamanleikara.

Systurnar tvær, þessar stilltu dúkkur, sungu þær Sólveig Samúelsdóttir mezzo og Steinunn Skjennstad sópran sem deilir hlutverkinu með Hönnu Þóru Guðbrandsdóttur. Þær voru leiklega séð í veikastríðu í sviðsetningu Ágústu en komu fallega fram og sungu víða ljómánda. Sólveig er styrkari í söng sínum en Steinunn.

Allir eru þessir krakkar mislangt komnir í raddþroska. Frammistaða þeirra sýnir að hér er að vaxa upp mannvænlegur hópur söngvara. Þá er ónefndur kór sem söng fallega og sinni sínu vel, meðal annars hópatriðum í leik sem Ágústa hefur lagt af mikilli smekkvísi. Hæfileikum Ágústu til að ná vel hinu besta úr viðvöngum er hér ekki brugðið. Stíll hennar hefur löngum tekið mið af mímunni og stílfærslunni fremur en hinum sálfræðilega leikmáta naturalismans. Það tekst hér víða afar vel og sýnir enn hvar styrkur hennar liggur sem leikstjóra. Vilji menn nota hann.

Áhorfendur skemmtu sér vel á frumsýningunni. Hún er öllum til sóma sem að henni standa.

Páll Baldvín Baldvínsson

MIDASALA Í SÍMA 568 8000 OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHUSID

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

"Undursamlegt... Vesturport hefur skorað einu sinni enn og með allt allt öðruvísi sýningu en leikhópurinn hefur fram að þessu verið þekktur fyrir."
SA Timarit Máls og Menningar.

"Ómótstæðileg sýning... Kristbjörg Kjeld er framúrskarandi... Theódór Júlíusson er frábær... Sá sem verður ósnortinn af töfrum þessarar sýningar ætti frekar að leita skýringanna á því í sjálfum sér en í henni."
ÞT Mbl.



THEÓDÓR JÚLÍUSSON PÉTUR EINARSSON SKAPTÍ ÓLAFSSON



FIMMTUDAGUR 10. APRÍL KL. 20
TIL FLUGS – SÖNGTÓNLEIKAR.
HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.
LÖG GUNNAR REYNIR OG LÍÐ HRAFN HARÐARSSON.

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL KL. 16
FIÐLUTÓNLEIKAR – LHÍ.
GUÐNÝ ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

LAUGARDAGUR 12. APRÍL KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
IVAN KLÁNSKÝ.
TUNGLSKINSSÓNATAN, NÆTURLÍÐ CHOPINS O.FL. SLAGHÖRPUSSILLID!

SUNNUDAGUR 13. APRÍL KL. 16
KLARINETTUTÓNLEIKAR - LHÍ
KRISTJÁN RÚNARSSON
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

BYR SPARRÍÐJÓUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Bókmenntir og „Hinn“

Lucyna Aleksandrowicz-Pedich, prófessor í bókmenntum og fjölmenningsarsamskiptum við Sálfræðiháskólann í Varsjá, heldur opinn fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri í dag kl. 15.20. Fyrirlesturinn ber titilinn Bókmenntir og fjölmenningsvitund fyrir „mestu bókmenntaþjóð í heimi“.

Í fyrirlesturinum verður skýrt hvernig bókmenntir geta stuðlað að betri skilningi á „Hinum“ og auðveldað samskipti í heimi sem einkennist af æ fjölbreyttari menningartengslum.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Háskólanum á Akureyri, stofu L103 á Sólborg.

- vþ

HVERS VIRÐI ER ÉG?

NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellsbúinn, síðan Pabbinn og nú er það HVERS VIRÐI ER ÉG? Óborganlega myndin sýning Bjarna Hauks Þórsosnar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR

Þri	15/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Mið	16/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Fös	18/4	Frumssýning - uppselt	kl. 21
Lau	19/4	Uppselt	kl. 19
Lau	19/4		kl. 21
Fös	2/5		kl. 19
Fös	2/5		kl. 21
Lau	3/5		kl. 20
Lau	3/5		kl. 22
Fös	16/5		kl. 19
Fös	16/5		kl. 21
Lau	17/5		kl. 19
Lau	17/5		kl. 21



Sýnt í Salnum Kópavogi

Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavinum Byrs (hámark 5 miðar) ef keypt er í miðasölu í Salnum. **ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS

BYR SPARRÍÐJÓUR

Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl
Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.
Allt að 90% fjármögnun.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan

Nýr notaður

Allt að 90% fjármögnun
á betri bíl frá Brimborg

Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldrslunni í verð.

Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldrslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrslu upp í hvern betri bíl. **Allt að 90% fjármögnun.**

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Druslan
öðlast
nýtt líf
í dag

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drusluna


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldrslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.



Öruggur staður til að vera á

> CRUISE Í BOBBA

Ekki á af Tom Cruise að ganga. Nú hefur kvikmyndinni hans Valkyrie verið frestað til byrjun árs 2009. Upphaflega stóð til að hún yrði frumsýnd nú í sumar en framleiðendurnir eru hræddir um að hinn þýski hreimur Cruise eigi eftir að verða vatn á myllu andstæðinga hans.



bío

bio@frettabladid.is



Skjaldborg um heimildarmyndir

Heimildarmyndahöfundurinn Albert Maysles verður sérstakur gestur heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborgar sem haldin verður á Patreksfirði dagana 9.-12. maí. Maysles er af mörgum talinn vera einn fremsti heimildarkvikmyndagerðarmaður samtímans og hann og bróðir hans, David Maysles, sagðir vera merkisberar „cinéma vérité“-stefnunnar. En þá er heimildarmyndagerðarmaðurinn hálfgerð fluga á vegg og hefur engin afskipti af viðfangsefni sínu. Þrjár þekktustu heimildarmyndir Maysles-bræðra verða sýndar á hátíðinni en meðal þeirra er Gimme Shelter sem gerð var árið 1970 og sýnir líf og störf The Rolling Stones.

Fjöldi íslenskra heimildarmynda

verður frumsýndur á Skjaldborg og þar ber óneitanlega hæst The Great Northern Documentary eftir Heimi Sverrisson en Heimir fylgdist með rokkhljómsveitinni Mínus taka upp plötu í Los Angeles. Þá mun útvarpskonan Ragnhildur Magnúsdóttir frumsýna kvikmynd sína From Oakland to Iceland en hún hefur um árabíl fest bróður sinn, Illuga, á mynd við leik og störf sem plötusnúður í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á vefsvæði hennar, www.skjaldborgfilmfestival.com.

HEIMILDARMYND UM MÍNUS
Heimildargerðarmaðurinn Heimir Sverrisson fylgdist með Mínus þegar þeir gerðu plötuna Great Northern Whale Kill.



Las Vegas felt á eigin bragði

Í rúm tuttugu ár þurfti Las Vegas að þola að hópur nemenda úr úrvallsskólum Bandaríkjanna lék sér að því að vinna stórar og miklar fjárhæðir í 21 með sérstakri talningaraðferð. Umsvifin voru gríðarleg og þegar best lét spiluðu yfir áttatíu nemendur í spilavítum Nevada og víðar.

Kvikmyndin 21, sem frumsýnd verður um helgina, fjallar um einn glæsilegasta kaflann í sögu þessa umsvifamikla fjárhættuspilafyrirtækis en um leið hrun þess. Spilavítin í Las Vegas hafa nú sett alla nemendurna á sérstakan bannlista auk þess sem gjafara-aðferðum var breytt til að koma í veg fyrir þessa aðferð. Enda spilavítunum meinilla við að tapa.

Námskeið upphafið að ævintýrinu

Upphafið að þessu magnaða ævintýri má rekja til námskeiðs í MIT sem bar það skemmtilega nafn „Hvernig á að leggja undir ef þú þarft?“ Hópur nemenda sem hafði spilað póker sín á milli drakk í sig fræðin á námskeiðinu og ákvað að skella sér til Atlantic City og freista gæfunnar undir forystu hins efnilega J.P. Massar. Peningarnir hurfu hins vegar eins og döggi fyrir sólu og flestir nemendurnir ákváðu að fjárhættuspil væru ekki fyrir þá. Nema J.P. Massar. Hann fór sjálfur að standa fyrir námskeiðum í spilafæðum við MIT, rannsakaði þau í þá og veturinn 1979 var settur saman sérstakur úrvallshópur til að láta reyna á fræðin. Massar fór til New Jersey með 5



STÍFAR ÆFINGAR Stjórnendur hópsins gerðu miklar kröfur um að nemendurnir væru vel undirbúnir og þurftu þeir meðal annars að ganga í gegnum „eldraunina“, próf sem aðeins þeir færustu gátu staðist.

þúsund dali og ekki var að sökum að spyrja, hópurinn tvöfaldaði upphæðina á einni helgi.

Nemendurnir héldu áfram að freista gæfunnar og leigðu meðal annars íbúð í Atlantic City til að geta verið nær peningalyktinni. Gróðinn varð aftur á móti ekkert stórkostlegur, Massar til mikilla vonbrigða.

Netið verður til

Og það var ekki fyrir en tæpu ári seinna að boltinn fór að rúlla. Massar komst þá í kynni við Bill Kaplan sem undanfarin þrjú ár hafði stjórnað hópi atvinnuspilara í Las Vegas með góðum árangri. Massar óskaði eftir því að Kaplan fylgdist með sínum hópi og reyndi að finna út hvað væri eiginlega að. Kaplan var

ekki lengi að koma auga á það enda eyddi Massar-hópurinn meiri tíma í að rökkræða mismunandi stærðfræðiformúlur en í spilið sjálf.

Massar og Kaplan ákváðu að taka höndum saman og gerðu drög að inntökuþrófum og æfingaáætlunum. Í framhaldinu var stofnaður banki sem fjárfestar frá Kaplan lögðu fjármagn í. Hópurinn sameinaði aðferðir sínar og réðst síðan til atlögu gegn Las Vegas.

Svo vel virkaði þetta kerfi Massars og Kaplans að á innan við tíu vikum hafði stofnfjármagn bankans tvöfaldað. Fjárfestarnir fengu auðvitað mest í sinn hlut en spilararnir gátu greitt fyrir skólagjöldin og

átt nokkra smáaura eftir til að eyða í sjálfan sig.

Margur verður af aurum api

Massar og Kaplan stjórnðu hópnunum með harðri hendi og auglýstu eftir hentugum spilurum með bréfnisfum. Umsækjendur urðu síðan að ganga í gegnum eldraunina; æfingabúðir sem Massar og Kaplan stjórnðu. Árið 1984 fór hins vegar að bera á þreytu bæði hjá spilurum og ekki síst Kaplan. Andlit hans var orðið það alræmt í Las Vegas að öryggisverðir fylgdu honum hvert fótmál ef hann lét sjá sig.

Árið 1992 stökkuð Massar og Kaplan upp á nýtt og fengu til liðs við sig fjárhættuspilarann John Chang sem hafði verið í liðinu síðan 1982. Hin heilaga þrenning endurskipulagði allt fyrirtækið og fékk til sín spilara frá öllum helstu háskólum Bandaríkjanna. Og upp úr því hófst gullöld liðsins í Las Vegas og úti um allan heim; Kaplan og félagar höfðu skjólstæðinga í Indlandi, Kanada og víðar. Talið er að yfir áttatíu spilarar hafi verið á þeirra snærum þegar best lét og þegar einhver missteig sig var honum skipt strax út.

Fyrirtækið tók hins vegar mjög á taugarnar og aðeins ári seinna var það leyst upp. Fjárfestar og spilarar fengu greiddan út sinn arð og Kaplan og Massar hurfu af sjónarsviði spilavítanna. Hins vegar ákvað hópur ungra nemenda að nýta sér þá þekkingu sem þeir höfðu aflað sér innan fyrirtækisins og beittu henni óspart með glæsilegum hætti. Árið 1994 höfðu þeir grætt tugi milljóna á þessari tveggja áratuga hefð en innanbúðaratök og græðgi felldi þá undir lokin. Hins vegar lifir minningin um skólakrakkana enn góðu lifi í Las Vegas.

- fgg

vorútsala
50%
afsláttur
af völdum vörum

oasis

KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

Stones í stuði

Vafalítið hafa aðeins tvö fyrirbæri haft álíka mikil áhrif á rokksöguna og The Rolling Stones; Bítlarnir og Elvis Presley. Og þegar þessir öldnu rokkhundar taka höndum saman með einum áhrifamesta kvikmyndaleikstjóra sögunnar, Martin Scorsese, hlýtur útkoman að verða nokkuð söguleg. Stónsarar á Íslandi hafa margir beðið eftir því með öndina í hálsinum að fá að berja augum tónlistarmynd Scorseses og um helgina rætist draumur þeirra. Tónleikar Stones sem kvikmyndahúsagestir fá að sjá voru teknir upp í New York og meðal þeirra sem koma fram eru Jack Black og Christina Aguilera.

Leikstjórinn Scorsese hefur aldrei verið feiminn við að nota rokkslagara í kvikmyndum sínum og því var það við hæfi að hann tæki þetta vandasama hlutverk að sér. Fáum líður það úr minni þegar Gimme Shelter hljómaði undir kókaíninnflutningi Ray Liotta í Goodfellas og þá áttu Stones að minnsta kosti þrjú lög í hinni mjög svo vanmetnu Casino þar sem De Niro fór á kostum.



STONES Fara á kostum í tónlistarmyndinni Shine a Light eftir Martin Scorsese.

Shine a Light skyggir óneitanlega á aðrar frumsýningar helgarnar en meðal annarra mynda sem rata í kvikmyndahús borgarinnar um helgina eru spennutryllirinn The Ruins og dellumyndin The Superhero Movie með hinum aldna Leslie Nielsen í aðalhlutverki.



ROKKHUNDUR Martin Scorsese hefur ósjaldan notað tónlist eftir The Rolling Stones í kvikmyndum sínum.

ÚTSÖLU MARKAÐUR SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

Fullt af frábærum titlum á enn betra verði

LOKA-
DAGAR

OPIÐ
ALLA DAGA
11-18



> Mundu...

...að brýna hnífana þína reglulega. Þeir verða bitlausir með tímanum, og því um að gera að fjárfesta í brýni til að renna yfir eggina reglulega. Þannig haldast þeir beittir og mun þægilegri í notkun.



matur & vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN GUÐJÓN ÞORSTEINN PÁLMARSSON LEIKARI

Breytist í aumingja án hafragrauts

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Það er hafragrauturinn. Ég breytist í aumingja ef ég fæ ekki hafragraut í morgunmat.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Einu sinni var ég svo blankur að ég þurfti að borða spagetti með vatni í þrjár vikur. Fyrsta máltíðin eftir það er það besta sem ég hef fengið.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Ferskir tómatar eru mesti viðbjóður í heimi og ég er viss um að þeir eru ræktaðir í bakgarði vítis.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ég á engin leyndarmál, það breytist allt í kjúkling hjá mér. Reyndar er síróp alveg ómissandi í alla matargerð, virkar vel á grænmeti og pasta.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Kjúkling. Ég er snillingur í að elda kjúkling. Ég get búið til dýrindis kjúkling úr nánast hverju sem er.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Gulrætur og engifer sem ég set í safapressuna. Það er fátt betra og hollara, nema kannski kjúklingur.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Safapressuna, gulræturnar, engiferið, hafragrautinn og heila hjörð af kjúklingum.

Hvað er það skrytnasta sem þú hefur borðað?

Flugvélamatur er það exótiskasta sem ég læt inn fyrir mínar varir. Stundum veit maður ekki hvort maður er að borða kjúkling, svin eða fisk og það finnst mér virkilega spennandi.



Ristaðar paprikur

Ristaðar paprikur eru veisla fyrir marga bragðlauka. Þær má nota í forrétti, mauka í sósu eða nota í stað ferskrar papriku til að gefa gömlum uppskriftum nýjan og skemmtilegan blæ. Það er allsends ekki ógerlegt að rista þær heima við.

Olíuberið paprikurnar sem á að rista, helst með pensli, með um 2 teskeiðum af grænmetisolíu á hverja papriku. Hitið grillið í ofninum.

Raðið paprikunum á ofnplötu og komið henni fyrir efst í ofninum.

Fylgist vel með því að paprikurnar brenni ekki um of. Takið plötuna úr ofninum og snúið hverri papriku varlega með tóngum þegar dökkan skellur fara að sjást á þeim. Setjið aftur í ofninn.

Þegar þær fara aftur að dekkjast eru paprikurnar teknar út og settar í skál. Hyljið skálina með plastfilmu og gætið þess að hún sé loftþétt. Þannig losar gufan frá paprikunum um háði þeirra.

Eftir um 15-20 mínútur, þegar



RISTAÐ GÓÐGÆTI Ristaðar paprikur má nota í margt. Þær eru góðar í salöt, samlokur, forrétti og ýmislegt annað.

NORDICPHOTOS/GETTY

paprikurnar hafa kólnað nægilega, er stilkurinn dreginn úr. Afhýðið paprikuna því næst varlega.

Haldið paprikunni með annarri hendi, notið hina til að kresta niður með paprikunni. Þá ætti stærsti hluti fræjanna og kjötsins að detta út um endann.

Skerið hverja papriku á lengdina og opnið þær á borði. Skrapið það sem eftir varð í paprikunni úr, svo einungis kjötið sé eftir.



SALAT Á HLAUPUM Anna Sigríður Helgadóttir söngkona kann vel að meta það þegar hlutirnir ganga hratt og vel fyrir sig í eldhúsinu. Þetta „hraðsoðna“ salat er bæði matarmikið og hollt og í uppáhaldi hjá Önnu Siggu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rétt uppskrift

Þau leiðu mistök urðu hér á matarsíðunni fyrir viku að í uppskrift að gulrótarköku vantaði sykurrinn. Uppskriftin birtist því hér í sínu rétta formi, fyrir þá sem enn vilja gæða sér á gulrótarköku.

Gulrótarkaka

4 egg
1 ¼ bolli grænmetisolíu
2 bollar sykur
2 tsk. vanilludropar
2 bollar hveiti
2 tsk. matarsódi
2 tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
2 tsk. kanill
3 bollar rifnar gulrætur
1 bolli saxaðar pekanhnetur
Krem:
½ bolli mjúkt smjör
225 g mjúkur rjómaostur

4 bollar flórsykur
1 tsk. vanilludropar
1 bolli saxaðar pekanhnetur

Hitið ofninn í 175 °C og smyrjið kökuform. Hrærið saman eggjum, olíu, hvítum sykri, og 2 tsk. af vanilludropum í stórra skál. Blandið hveiti, matarsóda, lyftidufti, salti og kanil saman við. Hrærið gulrótum út í, og blandið pekanhnetum saman við, ef vill. Hellið í formið og bakið í um 40-50 mínútur, þar til tannstöngull sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út. Kælið í forminu í um 10 mínútur, og þar eftir á grind. Blandið saman smjöri, rjómaosti, flórsykri og vanilludropum í skál og hrærið þar til blandan er slétt. Bætið hnetum í, ef vill. Berið á kalda kökuna.



ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða þönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

fiskverslun Gallery fiskur

Verzlun: mán.-fös. 10:00-18:30, Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau. 18:00-22:00

GULL BYLGJAN
909

Naglasúpusalat Önnu Siggu

Anna Sigríður Helgadóttir, söngkona og tónlistarstjóri við Fríkirkjuna í Reykjavík, býður upp á gírnlegt sumarsalat að þessu sinni. Hún er hrifin af því þegar hlutirnir í eldhúsinu ganga hratt og vel fyrir sig.

„Þetta salat er hollt og gott að grípa í. Það er fljótlegt og einfalt þegar maður er búinn að kaupa inn.“ segir Anna Sigga, eins og hún er kölluð. „Svo er það líka matarmikið af því að maður er bæði með kjöt og rækjur og endist manni alveg ágætlega. Ef maður setur til dæmis ekki olíu og edik nema yfir það sem maður ætlar að borða getur þetta alveg enst í svona tvo daga,“ bendir Anna Sigga á. Hún mælir þá með því að skammtur dagsins sé settur í skál, salatdressingunni hellt yfir og diskurinn látinn standa í um korter. „En þetta verður að vera góð ólívulía. Hún á alltaf að vera

extra virgin. Hún er kannski eitt-hvað dýrari, en það er alveg þess virði,“ ítrekar hún.

Salatið býður enn fremur upp á ýmiss konar útfærslur, eins og sjá má. „Þetta er svolítil naglasúpa, og ef eitthvað er ekki til skiptir það ekki máli. Það mætti setja kapers eða ólívur út í þetta og ég nota stundum mais eða ananas,“ segir Anna Sigga. „Það er líka svo fallegt að hafa grænt salat, rauða tómata og gult á móti,“ bætir hún við, en hún leggur mikið upp úr því að maturinn líti vel út. „Mér finnst það ekki síst mikilvægt að maturinn sé fallegur og gírnilegur,“ segir Anna Sigga, sem hefur haft í nógu að snúast síðustu daga við fermingar í Fríkirkjunni og söng í jarðarförum. „Svo vinn ég í því á hverjum degi að vera hamingjusöm, því ég er alveg búin að átta mig á því að það er ákvörðun að vera hamingjusöm,“ segir Anna Sigga.

Hraðsoðið sumarsalat

1 poki af klettasalatlöndu
1 askja af kirsuberjatómötum

½-1 agúrka
1 bakki af kjúklingastrimlum
1 bakki af skinkustrimlum
250-500 g af rækjum
Ólívulía
Balsamik-edik
Gróft salt
Svartur pipar
Hrásykur

Öllu blandað saman í stórra skál. Hellið yfir góðri gusu af góðri ólívulíu, balsamik-ediki, dálitlu af grófu salti, smá svörtum pipar eða sítrónupipar og örlitlum hrásykri, ef vill.

Til að gera salatið enn matarmeira má bæta út í það lítilli dós af mais, rauðlauk eða salatlauk og ristudum furuhnetum. Einnig má bæta ananas út í, en þar sem hann gefur örlítið sætt bragð mælir Anna Sigga með því að sykrunum sé sleppt.

Þeir sem hafa smekk fyrir því geta borið fram gott brauð með salatinu.

sunna@frettabladid.is

Uppskriftasafn MS á netið

Mjólkursamsalan opnaði nýjan vef síðastliðinn mánudag, en á honum er meðal annars að finna stærsta uppskriftasafn landsins, að sögn vefstjórans Aðalheiður E. Ásmundsdóttur. „Þetta eru hátt í tvö þúsund uppskriftir sem við höfum verið að safna í gegnum árin. Þegar Ost- og smjörksalan var keypt bættist verulega í safnið, og við ætlum að bæta reglulega við nýjum uppskriftum,“ útskýrir Aðalheiður. Uppskriftirnar á vef Mjólkursamsölnunar hafa allar verið prófaðar af fagmönnum, en á vefnum er enn fremur að finna myndbönd og matreiðsluþætti, sem Aðalheiður segir ætlað að þróa áfram.



STÓRT UPPSKRIFTASAFN Aðalheiður E. Ásmundsdóttir segir að áfram verði bætt í uppskriftasafn ms.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún efast ekki um að internetið hafi að mörgu leyti komið í staðinn fyrir matreiðslubækur þegar fólk er í uppskriftaleit. „Það hefur sýnt sig að ein aðalástæðan fyrir því að fólk kemur inn á vefinn okkar er leit að uppskriftum. Uppskriftasafnið okkar er bara fyrsti hluti af því sem koma skal. Fólk getur núna skráð sig í klúbb, þar sem það fær sendar uppskriftir reglulega og getur búið til sína eigin matreiðslubók, en við ætlum að auka þjónustuna enn meira þegar fram í sækir,“ segir Aðalheiður.

Vef Mjólkursamsölnunar má finna á slóðinni www.ms.is.

- sun

Við erum

5 ára!

og þér er boðið

Afmælishátíðin stendur frá
fimmtudegi til sunnudags.
Allir 5 ára krakkar fá glaðning!

next

Kringlunni · 551 3200

> BANNAÐUR BÖRNUM

Þættirnir um Simpson-fjölskylduna hafa verið bannaðar í Venesúela, þar sem þeir voru sýndir á sjónvarpsstöðinni Tel-even klukkan ellefu á morgnana. Ríkisstjórninni fannst þættirnir ekki boðlegir börnum, og hefur skorið úr um að þeir verði bannaðir. Í þeirra stað koma gæðaðættirnir Baywatch, sem þykja greinilega hafa meira uppeldis- og fræðslugildi fyrir börn þar á landi.

fólk

folk@frettabladid.is



Pete Doherty í steininn

Babyshambles-rokkarinn Pete Doherty, sem er hvað frægastur fyrir samband sitt við Kate Moss og eiturlyfjaneyslu, hefur verið dæmdur í fjórtán vikna fangelsi fyrir brot á skilorði. Eftir að Doherty játaði að hafa haft krakk, heróín, ketamín og kannabisefni í fórum sínum í október síðastliðnum var honum gert að gangast undir regluleg lyfjapróf í fjóra mánuði. Doherty stóð ekki við þá skilmála. Hann missti af tveimur slíkum tímum, var of seinn og var dónalegur við starfsfólk. Doherty var dreginn fyrir rétt á þriðjudag, þar sem

dómarinn Davinder Lachar fór ófögurum orðum um framkomu hans og úrskurðaði hann í fjórtán vikna fangelsi. „Pete verður niðurbrotinn. Hann á eftir að gráta úr sér augun. Hann er skíthráddur við fangelsi,“ sagði einn vina rokkarans í viðtali við The Sun í gær. Lögmaður Dohertys, Sean Curran, sagði hann hins vegar sætta sig við úrskurðinn, þó að hann vildi auðvitað ekki fara í fangelsi. „Hann er enginn engill. Hann sættir sig við úrskurð dómarsins. Hann mun snúa aftur,“ sagði lögmaðurinn. Doherty gæti verið sleppt eftir sjö vikur, en þó svo fari



mun hann missa af fyrirhuguðum tónleikum sínum í Royal Albert Hall í London 26. apríl næstkomandi. Útgáfufyrirtækið lofar þó að tónleikarnir verði færdir, og keyptir miðar munu gilda á þá. Ef svo fer að Doherty afpláni allar fjórtán vikurnar mun hann hins vegar líka missa af fyrirhuguðum tónleikum á Glastonbury-tónlistarháttíðinni í júní.

ENGINN ENGILL Lögmaður Petes Doherty segir tónlistarmanninn engan engil, en að hann muni sætta sig við fjórtán vikna fangelsisdóm sem hann hlaut á þriðjudag. NORDICPHOTOS/GETTY

Fékk ranga sjúkdómsgreiningu

Kylie Minogue, sem greindist með brjóstakrabbamein árið 2005, hefur greint frá því að hún hafi fengið ranga sjúkdómsgreiningu þegar hún leitaði sér fyrst læknishjálpar. Heilsu söngkonunnar hrakaði á meðan hún var á tónleikaferðalagi um Ástralíu, en eftir að hafa leitað sér læknishjálpar og fengið þann úrskurð að hún væri fullkomlega heilbrigð hélt söngkonan ótraud áfram. Nokkrum vikum síðar fann hún æxli í brjósti sínu sem annar læknir greindi sem brjóstakrabbamein.



SÖGÐ HEILBRIGÐ Þegar Kylie Minogue leitaði sér fyrst læknishjálpar vegna brjóstakrabbameins fékk hún ranga sjúkdómsgreiningu og var sögð heilbrigð.

maður er efins,“ segir söngkonan.

Minogue hefur nú náð sér af sjúkdómnum, en hvetur konur, í ljósi eigin reynslu, til að fá annað álit ef þær grunar að þær séu haldnar krabbameini. „Það að einhver sé í hvítum sloppi og noti stór læknaþaki þarf ekki að þýða að hann hafi rétt fyrir sér. Ég vil ekki hræða fólk, en þetta er staðreynd. Ég var nýbúin í myndatöku þar sem þeir fundu ekkert, og nokkrum vikum síðar fann ég ber. Maður verður að fylgja innsæi sínu, og fara aftur ef

Ástfangin uppfyrir haus

Öllum að óvörum virðist samband Parísar Hilton og rokkarans Benji Madden ætla að endast. Hótelertinginn alræmði er nú á tónleikaferðalagi með hljómsveit Benjis, Good Charlotte. Hún bloggaði um ferðina í fyrradag þar sem hún tjáði sig um ást sína á rokkaranum. „Ég hef aldrei verið svona hamingjusöm og ástfangin. Benji er svo frábær strákur og lífið hefur aldrei verið betra.“

París er meira að segja svo hrifin af Benji að hún lýsir því yfir að tónlist hljómsveitarinnar sé góð. „Það er svo gaman að fara á tónleika þeirra á hverju kvöldi. Ég kann núna öll löggin utan að. Ég elska Good Charlotte.“ Einmitt það, París.



PARÍS HILTON



RITSTÝRIR MÓNITOR Atli Fannar Bjarkason tekur við ritstjórnastarfi á Mónitor um mánaðamótin. Hann ætlar að gera blaðið beittara.

Landsbyggðin fær rödd á Mónitor

Ritstjóraskipti verða á tímaritinu Mónitor um mánaðamótin. Atli Fannar Bjarkason tekur við af Birgi Erni Steinarssyni. Nýi ritstjórinn lofar beittara blaði.

„Nei, ég er ekki að fara í neitt letidjobb þótt ég hætti á dagblaði og fari að vinna á tímariti. Ég stefni að því að fara með vefinn í mikla sókn og hann á að verða fjölbreyttur fréttavefur. Þetta verða ekki bara einhverjar Amy Winehouse-fréttir heldur öflugur dægurfréttavefur,“ segir Atli Fannar Bjarkason, nýráðinn ritstjóri tímaritsins Mónitors. Atli tekur við starfinu af Birgi Erni Steinarssyni sem stýrt hefur blaðinu frá upphafi. Í tilkynningu á heimasíðu Mónitors segir Birgir frá ritstjóraskiptunum og segir þau tilkomin vegna þess að eigendur blaðsins vilji gera viðtækar breytingar á efnistöku þess. Það hafi hann ekki sætt sig við og því skildi leiðir.

Atli Fannar hefur undanfarið starfað sem blaðamaður á 24 stundum. Hann segir það draumi líkast að fá þetta tækifæri: „Ég hef verið að stýra kafla í blaði fyrir ungt fólk og hef alltaf dreymt um að stýra tímariti fyrir ungt fólk. Það er sérstaklega gaman að fá að gera það

meðan maður er enn ungur sjálfur,“ segir Atli, sem verður 24 ára á sunnudaginn. Hann segir Mónitor akkúrat rétta vettvanginn fyrir sig. „Mónitor er ótrúlega flott blað, sérstaklega ljósmyndirnar, umbrotið og graffikin. Ekki það að efnið hafi verið slæmt, ég vil bara hafa það beittara. Mér hefur ekki fundist vera nóg af efni sem fólk getur bæði hneykslast á og hrósað. Ég vil gera blað sem skapar umræðu, að fólk tali um það og finni þörf til að tjá skoðanir sínar á því á bloggi. Það er það sama og ég hef verið að reyna að gera á 24 stundum, að reyna að hreyfa við fólk.“

Það hefur jafnan einkennt blöð eins og Mónitor að umfjöllunarefni þeirra miðast að mestu við það sem gerist í 101 Reykjavík. Því skýtur það nokkuð skökku við að Atli Fannar, landsbyggðarmaður sem er tiltölulega nýkominn á mölina, skuli ráðinn til starfars. „Ég er fæddur á Sauðárkróki og bjó lengst af á Selfossi. Þú finnur eiginlega ekki meiri dreifbýlisdrjúla en mig. Nú bý ég aftur á móti í vesturbænum og tel mig því hafa orðið haldþæra þekkingu bæði á landsbyggðinni og 101. Eigum við ekki bara að segja að ég muni tengja saman landsbyggðina og Reykjavík í blaðinu? Mér finnst allavega alger óþarfi að einblína á miðbæinn. Það þurfa ekki að vera nein landamæri.“

hdm@frettabladid.is

COSÌ FAN TUTTE
ALLAR ERU ÞÆR EINS
EFTIR
MOZART

WWW.OPERA.IS

I kvöld 9. apríl kl. 20 – Uppselt
Föstudaginn 11. apríl kl. 20 – Uppselt
LOKASÝNING: Sunnudaginn 13. apríl kl. 20 – Örfá sæti laus

MÍDAVERÐ: 1.000 KR.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÓPERUSTÚÐIÐ 2008

GLITNIR

vorútsala
50-70%
afsláttur af völdum vörum

TOPSHOP

Smáralind og Kringlunni

BYLGJAN
989

KYNNIR

JAMES BLUNT

ALL THE LOST SOULS

NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN
FIMMTUDAGINN 12. JÚNÍ

MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 10:00

FRÍTT LAG!

MEÐ HVERJUM KEYPTUM
MIÐA Á MIDI.IS
FYLGIR FRÍTT LAG
AD EIGIN VALI Á TÓNLIST.IS

www.jamesblunt.com

NÝJA PLATAN
'ALL THE LOST SOULS'
KOMIN Í VERSLANIR



10% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA

www.midi.is

OG ÖLLUM AFGREIÐSLU-
STÖÐUM MIÐA.IS



Pamela strippaði fyrir Hefner

Strandvarðagell-an Pamela Anderson dansaði nakin fyrir Playboy-mógúlinn Hugh Hefner þegar hann fagnaði 82 ára afmæli sínu á dögunum. Pamela, sem er orðin fertug, hefur tólf sinnum setið nakin fyrir á forsíðu Playboy. Hún heðraði Hefner, sem á stóran þátt í frægð hennar, með dansi á hótélherbergi í Las Vegas.

Dans Pamela kom Hefner á óvart. Þegar hann labbaði inn í lúxussvítu sína kom Pamela út úr einu herberginu, aðeins í háhæluðum skóm. „Hef var þrumu lostinn og ég hef aldrei séð nokkurn mann brosa eins breitt,“ sagði hótél eigandinn

HEFUR ENGU GLEYMT Pamela Anderson dansaði nakin fyrir Hugh Hefner.

George Maloof um viðbrögð Hughs Hefner.



ÓVÆNT ÁNÆGJA Hugh Hefner brosti út að eyrum eftir dans Pamela.

Mikki kominn með gráa fiðringinn

Mikael Torfason rithöfundur er kominn á Harley Davidson. Hann gengst fúslega við því að það sé til marks um gráan fiðring þótt hann sé aðeins 33 ára gamall.

„Ég er ekki geðveikur. Ég var bara að fá mér mótorhjól,“ segir Mikael Torfason rithöfundur og þriggja barna faðir í Grafarvogi.

Mikael, eða Mikki, var að fá í hendurnar Harley Davidson Sportster. Nýtt hjól sem hann segir að sé verkamannatýpan af Harley: „Breiðholtsútgáfan. Sem fer mér mjög vel. Enda held ég að maður þurfi að vera orðinn eldri en fimmtugur og helst með ístru til að vera á þessum stóru. Mér hefur sýnst það á bankamönnum sem eru á þeim,“ segir Mikki sem gengst fúslega við því að þetta sé til marks um gráan fiðring. Og hefur ákveðnar kenningar þar um. Segir Bandaríkjamenn fá gráa fiðringinn upp úr fertugu. „Þeir eignast börn um þrítugt. Ég byrjaði að eignast börn tvítugur þannig að lógískt er að ég sé kominn með gráa fiðringinn nú 33 ára.“

Mikael segir tilfinninguna, að fara um á Harley leðurklæddur, góða. Hann sé nú aftur eins og unglingurinn sem hann var. Og konan tekur vel þessum óvænta gráa fiðringi. „Konur hafa gaman af honum, held ég. Almennt. Hvað gerist? Allt í einu verður einhver úldinn karl sem hefur alltaf verið að vinna aftur að stráknum sem þær voru skotnar í. Þannig að það geta vart talist slæm býtti. Já, hún er sátt við hjólið, annaðhvort væri það nú.“

Mikki segir þetta gamlan draum.



MIKKI Á HARLEY-INUM SÍNUM. Þetta er verkamannatýpan af Harley sem Mikki segir fara sér afskaplega vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eða allt síðan hann datt af baki Suzuki-hjóli sem hann átti. Það var árið 1992. „Þá voru Guns'n Roses enn vinsælir. Þá keyrði einhver 17 ára stúlka á bíl í veg fyrir mig. Með ökukennarann sér við hlið. Hjólið fór inn í bílinn og ég flaug á spítala. Með viðkomu á malbikinu á Sæbrautinni. Það var mjög vont.“

Mikka svelgist á kaffinu

aðspurður hvort þetta sé hans svar við gróðurhúsaáhrifum. Í anda Gores.

„Nei! Er Egill ekki búinn að afsanna allt þetta með gróðurhúsaáhrifin. Þetta er mitt svar við háu bensínverði.“ Mikki segist geta notað hjólið í útréttingar þegar hann er einn á ferð. Fjölskyldubíllinn er alltof stór í snatt. „Ég fyllti Sportsterinn um daginn.“

Og fer tíu sinnum lengra á honum en Dodge-inum,“ segir Mikki. Hann segist ekki búinn að sækja um inngöngu í Fáfni vélhjólaklúbb. „Ég er náttúrulega snigill númer 498. En hef verið óvirkur í 16 ár. Ég þarf ekkert að ganga í einhverja mótorhjólaklúbu. Enda finnst mér það fara með frelsið og anarkismann. Minnkar stemninguna.“

jakob@frettabladid.is

Dior

Nýr farði frá Dior sem virkar vel í baráttunni við öldrun húðar.

- leiðréttir öll einkenni öldrunar
- sýnilega jafnar og fegrar yfirborð húðar
- útgeislun húðar margfaldað
- stinnir og þéttir húð

Dior kynning 10.-12. apríl í Hygeu Kringlu og Smáralind. Sérfræðingur frá Dior verður á staðnum og býður upp á ráðgjöf og góð förðurnarráð.

Gjafir og glæsileg tilboð.

HYGEA
snjfrtívoraverslun

Tungumálaæfingar og ilmvötn

Kynningarstörf keppenda í Eurovision í ár eru nú að ná hámarki, en ýmsar leiðir eru færar til að reyna að ná athygli álfunnar fyrir stóru kvöldin þrjú. Margir bregða á það ráð að fara í tónleikaferð um álfuna, og að minnsta kosti þrjú lönd bæta enn um betur og láta taka lag sitt upp á mörgum mismunandi tungumálum.

Rússneska útgáfan af króatíska laginu Romanca var frumflutt í útvarpsþætti í Króatíu á þriðjudag, og Jelena Tomasevic hefur tekið upp gríska útgáfu af Oro, laginu sem hún syngur fyrir hönd Serba í lokakeppni Eurovision. Á grísku heitir lagið Ela agapi, sem útleggst Come Love á ensku. Tomasevic lætur ekki þar við sitja, heldur er á leið aftur í stúdíó til að taka lagið upp á spænsku, ensku, portúgölsku og rússnesku. Make-dónar slá á svipaða strengi, en lag þeirra hefur verið tekið upp á ensku, og heitir þá Let Me Love You. Þá er jafnframt hægt að nálg-



ILMAÐU EINS OG DÍANA Georgia mun láta búa til sérstakt Díonu Gurt-skaya-ilmvatn, kynningu á keppanda þeirra til framdráttar. Hér sést söngkonan með forseta landsins.

ast tyrkneska, albanska, serbneska og rússneska útgáfu af laginu, auk tveggja mismunandi karókiútgáfa af því, á heimasíðunni mmm.com.

Georgia ætlar hins vegar að fara nýjar slóðir í kynningarmálum, því þar á að gefa út ilmvatn söngkonu ársins til heiður. Diana Gurt-skaya-ilmvatnið fer á markað í kringum Eurovision-keppnina, en það mun „endurspeglar kjarna persónuleika söngkonunnar“, sem ku vera orkumikill og sjálfbjarga, og einkennast af ilmi af hýasintum, sveröiljum, patchouli og rafi.

EUROVISION

43 DAGAR TIL STEFNU

Spilar með Ungfóníu

Benni Hemm Hemm og sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, spila saman á tvennum tónleikum í Iðnó 19. júní næstkomandi. Tónleikarnir komu til vegna samstarfs hljómsveitanna í tengslum við Þjóðlagahátíð á Siglufirði í júlí.

Benedikt H. Hermannsson, forsprakki Benna Hemm Hemm, var fenginn til að semja verk fyrir hljómsveitirnar og var áhuginn fyrir samstarfinu svo mikill hjá báðum að ákveðið var að efna til þessara tónleika. Fyrri tónleikarnir verða fyrir sitjandi gesti en hinir síðari fyrir þá sem vilja frekar



BENNI HEMM HEMM Benni og félagar spila með Ungfóníu 19. júní.

standa. Gestir fá væntanlega mikið fyrir sinn snúð enda verða um fjórutíu manns á sviðinu á tónleikum.

SHISEIDO

Shiseido vika í Hagkaupum 10.-16. apríl
Kringlunni, Smáralind, Skeifunni og Holtagörðum.
Kaupauki ef verslað er fyrir kr. 4.900*

Grenningarkrem sem virkar hratt og örugglega Aromatic Sculpting Concentrate

Fyrir konur sem ætla að
grenna sig á örskömmum
tíma.

Gefur áhrif nudds: Ein áhrifamesta
aðferðin til að grennast og í baráttunni við
appelsínuhúð.

Einbeitt grenning: Settur tímarammi fyrir
hámarks árangur 4,5 cm á einungis 4
vikum.

Þéttir og vinnur gegn öldrun: Háþróuð
tækni sem örvar framleiðslu kollagens
í húðinni.

Einstakur ilmur: Eykur virkni kremsins.



www.shiseido.com/bodycreator/



Body Creator



* **Benefiance** taska sem inniheldur; hreinsifroðu 30ml,
rakavatn 30ml, dagkrem 10ml og krem eyeliner.

* **The Skincare** taska sem inniheldur; hreinigel 12ml,
dagkrem 15ml, næturkrem 10ml og krem eyeliner.

* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Búinn að gleyma Blunt-ábreiðunni

„Ég kann ekki einu sinni lagið í dag,“ segir Brynjar Már Valdimarsson, útvarps- og tónlistarmaður, og hlær dátt. Lagið sem Brynjar á þarna við er íslensk þýðing lagsins You're beautiful með James Blunt sem Brynjar Már gerði ódauðlegt á sínum tíma og hét í þýðingu Heiðars Austmanns Þú ert falleg. Nú þegar James Blunt hefur boðað komu sína hingað til lands í sumar hljóta margir að velta fyrir sér hvort

ekki verði hóað í útvarpsmanninn geðþekka til þess að hita upp fyrir Bretann. „Ég þyrfti að pikka lagið upp frá grunni fyrst,“ segir Brynjar Már, ef hann myndi þá láta til skarar skrifa. „Ég veit það ekki. Ég hugsa að ég væri ekki tilbúinn að hita upp með þessu lagi. Væri opnari fyrir að spila mitt eigið efni,“ segir Brynjar. „Ég gerði þetta fyrir Zúúber á sínum tíma. Þessu var hent saman á korteri. Síðan fór þetta í



UPPHITUNARTRÍÐI? Brynjar er ekki spenntur fyrir því að syngja „Þú ert falleg“ fyrir James Blunt

dreifingu manna á milli og það voru einhverjir sem föttuðu ekki djóki. Það er líka bara enn þá fyndnara. Þetta rataði meira að segja í áramótaskaupið,“ segir Brynjar Már.

JAMES BLUNT Myndi eflaust hafa gaman að því að heyrja íslenska útgáfu lagsins sem kom honum á kortið.



NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ FRAMLEIÐENDUM NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY

FRÁBÆR VÍSINDATRYLLIR Í ANDA 28 DAYS LATER FRÁ LEIKSTJÓRA THE DESCENT!

THE AIR I BREATHE

ÞRÚ SAMBÓND. ÞRÚ STÓRSLYS.

SÍÐASTI SÉNS DEFINITELY, MAYBE

LÚXUS

DOOMSDAY

MESTI FARALDUR SÖGUNAR... MILLJÓNIR SÝKTAR... EINANGRÓÐ... YFIRGEFIN...

25 ÁRUM SÍÐAR ER TÍMI MANNKYNSINS RUNNINN ÚT.

Með íslensku og ensku tali

HORTON

LIB, Topp5.is/FBL

ÞAD EINA SEM GAT KOMIÐ UPP Á MILLI SYSTRANNA - VAR KONUNGSRÍKI

THE OTHER BOLEYN GIRL

ÞAD GETUR VERIÐ SKELFILEGT AÐ SJÁ THEEYE

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE GIRL ON THE TRAIN OG THE RING

HEIDIN

SEMI-PRO

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE SPIDERWICK CRONICLES OG THE RING

THE SPIDERWICK CRONICLES

HEIDIN

THE KITE RUNNER

BRÚÐGUMINN

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE SPIDERWICK CRONICLES OG THE RING

THE SPIDERWICK CRONICLES

HEIDIN

THE KITE RUNNER

BRÚÐGUMINN

SMÁRRÁ BÍÓ	SÍMI 564 0000	HÁSHÓLA BÍÓ	SÍMI 530 1919
DEFINITELY MABY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	DOOMSDAY	kl. 5:40 - 8 - 10:20
DEFINITELY MABY LÚXUS	kl. 5:30 - 10:30	THE OTHER BOLEYN GIRL	kl. 5:30 - 8
VANTAGE POINT	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	THE EYE	kl. 10:30
SHUTTER	kl. 8 - 10	THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 5:50
THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 3:30 - 5:45	HEIDIN	kl. 10
HORTON	kl. 3:30 ENSKT TAL	THE KITE RUNNER	kl. 8 - 10:30
HORTON	kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL	BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8
SEMI-PRO	kl. 10:30		

REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000	BORGAR BÍÓ	SÍMI 462 3500
THE AIR I BREATHE	kl. 6 - 8 - 10	THE EYE	kl. 8 - 10
VANTAGE POINT	kl. 6 - 8 - 10	VANTAGE POINT	kl. 8 - 10
IN BRIGUES	kl. 5:45 - 10	THE SPIDERWICK CRONICLES	kl. 6
HORTON	kl. 5:30 ENSKT TAL	HORTON	kl. 6 ÍSLENSKT TAL
THE ORPHANAGE	kl. 8 - 10		

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRÁ FRAMLEIÐENDUM NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY

FRÁBÆR VÍSINDATRYLLIR Í ANDA 28 DAYS LATER FRÁ LEIKSTJÓRA THE DESCENT!

THE AIR I BREATHE

ÞRÚ SAMBÓND. ÞRÚ STÓRSLYS.

SÍÐASTI SÉNS DEFINITELY, MAYBE

DOOMSDAY

MESTI FARALDUR SÖGUNAR... MILLJÓNIR SÝKTAR... EINANGRÓÐ... YFIRGEFIN...

25 ÁRUM SÍÐAR ER TÍMI MANNKYNSINS RUNNINN ÚT.

Með íslensku og ensku tali

HORTON

LIB, Topp5.is/FBL

ÞAD EINA SEM GAT KOMIÐ UPP Á MILLI SYSTRANNA - VAR KONUNGSRÍKI

THE OTHER BOLEYN GIRL

ÞAD GETUR VERIÐ SKELFILEGT AÐ SJÁ THEEYE

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE GIRL ON THE TRAIN OG THE RING

HEIDIN

SEMI-PRO

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE SPIDERWICK CRONICLES OG THE RING

THE SPIDERWICK CRONICLES

HEIDIN

THE KITE RUNNER

BRÚÐGUMINN

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

Þráttarmynding rómantísk gæmmynd.

PETUR JOHANN STOFÓSSON

FOOL'S GOLD

DOOMSDAY

STÓRA PLANIÐ

STÓRA PLANIÐ

LARS AND THE REAL GIRL

10.000 BC

THE BUCKET LIST

UNDRAHUNDURINN

STEP UP 2

FOOL'S GOLD

STÓRA PLANIÐ

HANNA MONTANA

JUNO

UNDRAHUNDURINN

STÓRA PLANIÐ

LARS AND THE REAL GIRL

SHUTTER

FOOL'S GOLD

STÓRA PLANIÐ

STÓRA PLANIÐ

SEMI-PRO

JUNO

DIGITAL

Frægir miðlar í mynd Gríms

Kvikmyndaleikstjórinn Grímur Hákonarson notar sögur af landsþekktum miðlum í kvikmynd sinni, Sumarlandið.



MIÐLAR Kvikmyndin Sumarlandið fjallar um fjölskyldu sem rekur sálarrannsóknafélag í miðju markaðsþjóðfélagi.

Meðal miðla sem Grímur hefur kynnt sér sérstaklega eru Hafsteinn Björnsson og Indriði miðill sem eru fyrir löngu þekktir fyrir hæfileika sína. Grímur hefur að undanförunni sótt fundi hjá miðlum og Sálarrannsóknafélaginu en hefur að eigin sögn enn ekki orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá skilaboð að handan. „Reyndar var einn miðill sem taldi nokkuð víst að ég fengi símhringingu frá Mexíkó og það hefði í för með sér heimsfrægð, það hefur hins vegar ekki enn gerst,“ segir Grímur. Sumarlandið er gamanmynd og fjallar um fjölskyldu sem rekur sálarrannsóknafélag í miðju markaðsþjóðfélagi.

Reiknað er með að tölur á Sumarlandinu hefjist í ágúst og er Grímur á fullu við að leita að leikurum. Hann hefur verið duglegur að sækja sýningar hjá áhugaleikhópum og var á leiðinni til Hveragerðis þegar Fréttablaðið hafði upp á honum. Þar ætlaði hann að sjá sýningu hjá Snúði og Snældu, leikfélagi eldri borgara. „Ég er að vonast til að finna afann í kvikmyndinni þar en fyrirmyndin að honum er einmitt Indriði miðill,“ segir Grímur sem hefur einnig séð nokkrar sýningar hjá menntaskólaleikfélögum. Hann tekur þó fram að leikhópur kvikmyndarinnar verði einnig skipaður reyndum og frægari leikurum.

Sumarlandið er fyrsta leikna kvikmynd Gríms í fullri lengd en hann hefur gengið mikið lof fyrir stuttmyndir sínar Slavek the Shit og nú síðast Bræðrabyltu. Síðarnefnda kvikmyndin hefur reyndar rakað til sín verðlaunum og vann meðal annars aðalverðlaunin á kvikmyndahátíð samkynhneigðra í Andalúsíu. En Bræðrabylta segir frá ástarsambandi tveggja glímukappa. Grímur var viðstaddur verðlaunaafhendinguna og sat fyrir svörum á blaðamannafundi og segir það hafa komið sér á óvart þessar háttíðir. Blaðamenn hafi þannig nánast staðið á öndinni þegar hann upplýsti að hann væri ekki samkynhneigður og spurt hvers vegna í ósköpunum hann hefði gert þessa mynd. „Annars er það nú bara þannig að ef þú ert með eitthvert samkynhneigt efni í kvikmyndinni þá áttu greiðan aðgang inn á þessar háttíðir og getur jafnvel gert þér vonir um að vinna einhver verðlaun,“ segir Grímur.

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktara sem minna þekktara innanlands sem utan.

FÖSTUDAGUR

ÓLAFUR DARRI þarf að létta sig um 30 kíló

ANDREA RÓBERTS keypti brjóst í staðinn fyrir kjól

RÓBERT WESSMANN selur fjallatrúkkinn

VALA MATT byrjar aftur í sjónvarpinu

ÞORBJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR ALDREI FLÓTTARI

JÓN ARNAR OG INGIBJÖRG Tvær glæsivillur til sölu

Hrist þjóðfélag

Inga til að

10 kíló fari og 10 eftir

Olafur Darrri sýnir fyrir leiklist

Allt sem þú þarft... ..alla daga

FRÉTTABLAÐIÐ

> Ísland hækkar sig á FIFA-listanum

Íslenska fótboltalandsliðið fór upp um þrjú sæti í það 86. á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, en nýr listi var gefinn út í gær. Ísland vann 3-0 sigur á Færeyjum í Kórnum í Kópavogi og 2-1 útsigur á Slóvakíu í Zlaté Moravce á tímabilinu sem skilaði sér í þessari hækkingu. Sigur Íslands í Slóvakíu hafði reyndar enn meiri áhrif á stöðu Slóvaka, sem fóru fyrir vikið niður um átta sæti og hafa ekki verið neðar á listanum í fimmtán ár en þeir eru nú í 66. sæti. Færeyingar fóru niður um eitt sæti og eru nú í 194. sæti listans.

sport
sport@frettabla-



JÓN KARL BJÖRNSSON, HAUKUM: ÆTLAR AÐ LEGGJA SKÓNA Á HILLUNA Í LOK TÍMABILS OG SNÚA SÉR AÐ ÞJÁLFUN

Vel við hæfi að enda farsælan feril með titli

Jón Karl Björnsson hefur verið afar sigursæll á tæplega tíu ára ferli sínum með Haukum. Hann er nú á góðri leið með að hampa sínum sjötta Íslandsmeistararitli og hefur þegar orðið tvisvar sinnum bikarmeistari með Hafnarfjarðarliðinu. Haukar geta tryggt sér Íslandsmeistararitilinn með sigri gegn Fram að Ásvöllum annað kvöld en Jón Karl, sem verður 33 ára á þessu ári og hefur leikið alla 23 leiki Hauka í N1-deildinni, telur að tímabært sé fyrir hann að leggja skóna á hilluna frægu eftir tímabilið.

„Maður er bara kominn á aldur og það er vel við hæfi að enda þetta á titli eftir farsælan feril með Haukunum. Við erum

ákveðnir að klára dæmið strax á föstudagskvöld að Ásvöllum,“ sagði Jón Karl en annar reynslubolti í Haukaliðinu, Halldór Ásgrímur Ingólfsson, hafði þegar tilkynnt að hann myndi hætta eftir tímabilið og Haukaliðið því að missa tvo reynslumikla menn á einu bretti.

„Haukaliðið í ár hefur einkennt af góðri blöndu af ungum og efnilegum leikmönnum og eldri og reyndari mönnum og ef til vill eru engar stjörnur í liðinu. Þetta er þéttur og góður hópur og það koma bara menn í manns stað þegar við hættem. Ungu leikmennirnir verða ári eldri og enn betri á næsta tímabili og aðrir enn yngri leikmenn að taka skrefið upp í meistaraflokk,“ sagði

Jón Karl sem getur vel hugsað sér að starfa í kringum lið Hauka í framtíðinni.

„Ég hef verið að þjálfra fyrir Haukana í yngri flokkum áður, en það fór ekki vel saman á meðan ég var að spila. Ég get vel hugsað mér að reyna fyrir mér í þjálfun aftur hjá félaginu þar sem öll umgjörð er til fyrirmyndar og við sjáum hvað kemur út úr því. Ég hef unnið með mörgum hæfum þjálfurum og Aron Kristjánsson er einn þeirra og maður reynir alltaf að læra eitthvað af þeim.“



ÚRSLIT

Iceland Express deild karla

ÍR-Keflavík 94-77 (51-37)
Stig ÍR: Sveinbjörn Claessen 19, Steinar Arason 15, Hreggviður Magnússon 14, Tahirou Sani 14, Ómar Örn Sævarsson 12, Nate Brown 7, Eiríkur Öundurson 7, Ólafur J. Sigurðsson 4, Elvar Guðmundsson 2.
Stig Keflavíkur: Bobby Walker 20, Magnús Þór Gunnarsson 17, Tommy Johnson 14, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9, Arnar Freyr Jónsson 6, Gunnar Einarsson 4, Anthony Susnjara 4, Sigfús J. Árnason 2, Jón Norðdal Hafsteinsson 1.

Meistaradeild Evrópu

Man. Utd-Roma 1-0
1-0 Carlos Tévez (70.).
Barcelona-Schalke 1-0
1-0 Yaya Touré (43.).

Sænska úrvalsdeildin

Norrköping-Trelleborg 1-1
1-0 sjálfsmark (31.), 1-1 Eric Sundin (77.). Garðar Gunnlaugsson lék í 66 mínútur með Norrköping.
Gefle-Djurgården 1-2
1-0 Johan Öremo (12.), 1-1 Sebastian Rajalasko (24.), 1-2 Jones Kusi-Asare (30.).
Halmstad-Gautaborg 1-1
1-0 Peter Larsson (25.), 1-1 Thomas Olsson (42.).
Ragnar Sigurðsson lék allan leikinn með Gautab.

Lið Grindavíkur og Snæfells: Skiptu um sérsvið í fyrsta leik

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar töpuðu heimavallarrættinum í fyrsta leik undanúrslitaevnignis síns gegn Snæfelli þegar Snæfellingar unnu síðustu sex mínútur leiksins 19-7 og tryggðu sér 94-97 sigur.

Það dugði ekki Grindavíkurliðinu að skora 48 stig inni í teig eða 19 fleiri en Snæfell því Hólmarrar skorðu á móti 41 stig úr þriggja stiga skotum eða löngum tveggja stiga skotum.

Það má því segja að hvort liðið hafi blómstrað á sterkustu sviðum hins. Grindvíkingurinn Jamaal Williams skoraði 27 af 32 stigum sínum inni í teig eða aðeins tveimur stigum minna en allt Snæfellsliðið. Annar leikur liðanna er í Stykkishólmi kl. 19:15 í kvöld. - óej

Fríðrik Ragnarsson:

Níu töp í röð gegn Snæfelli

KÖRFUBOLTI Fríðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, hefur tapað níu leikjum í röð gegn Snæfelli á Íslandsmóti, eða öllum leikjum í deild eða úrslitakeppni síðan Njarðvík vann 37 stiga sigur á Snæfelli 4. desember 2003.

Snæfell sló lið Njarðvíkur undir stjórn hans (3-0) út úr undanúrslitum úrslitakeppinnar 2004, hefur unnið alla fjóra deildarleiki liðanna síðustu tvö tímabil og vann síðasta deildarleikinn við Njarðvík fyrir úrslitakeppni fyrir fjórum árum.

Sá leikur var aðeins rúnum mánuði eftir að Njarðvík hafði slegið Snæfell út úr bikarkeppninni en þar hefur Fríðrik haft betur í bæði skiptin því eini sigur liða hans á Snæfelli á þessum tíma var í 32 liða úrslitum í bikarum 26. nóvember 2006. - óej

United setti met í Meistaradeildinni

Manchester United og Barcelona áttu ekki í miklum erfiðleikum með að tryggja sig áfram í undanúrslit Meistaradeildarinnar í gær og mætast í draumaeinvígi margra knattspyrnuáhugamanna. United setti met með ellefta sigurleiknum í röð á heimavelli í Meistaradeildinni. Roma og Schalke sátu eftir með sárt ennið.

FÓTBOLTI Manchester United og Barcelona tryggðu sér farseðilinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar í gær.

Sir Alex Ferguson gerði nokkrar breytingar á byrjunarliði Manchester United frá fyrri leiknum gegn Roma og markaskorararnir Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney byrjuðu til að mynda báðir á bekknum í gær. Breytingarnar virtust ekki ætla að hafa mikil áhrif á leik United en liðið réði ferðinni framan af og fékk tvö ágæt færi snemma leiks sem fóru forgörðum.

Rómverjar spiluðu með vörn sína hátt uppi á vellinum en virkuðu fyrir vikið stressaðir og berskjaldaðir og leikmenn United náðu hvað eftir annað að opna hana upp á gátt. Roma skapaði sér þó líka sín færi og þegar hálf-tími var liðinn af leiknum fékk liðið dæmda vítaspyrnu þegar Mancini féll í teignum eftir ákaflega litla snertingu frá Wes Brown. Daniele De Rossi fór á vítapunktinn og skaut hátt yfir markið og ef til vill má segja að réttlætinu hafi þar verið fullnægt. Staðan var markalaus í hálfleik.

Rómverjar reyndu hvað þeir gátu til að sækja til sigurs í seinni hálfleik en það voru hins vegar heimamenn sem opnuðu markareikninginn á 70. mínútu. Owen Hargreaves átti þá einu sinni sem oftast í leiknum frábæra sendingu fyrir markið á Carlos Tévez sem var vel staðsettur á milli varnarmanna Roma og skallaði boltann í fjærhornið, óverjandi fyrir Doni í markinu. Vonir Roma um að komast áfram



SIGURMARKIÐ Argentínumaðurinn Carlos Tévez kastar sér hér fram og skallar boltann í markið með glæsilegum tilþrifum fram hjá Doni í marki Roma. Rómverjar reyndu hvað þeir gátu í gærkvöld en United-liðið reyndist of sterk og mætir Barcelona í risa-slag í undanúrslitum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

voru vitanlega litlar sem engar eftir það og leikurinn fjarðei út og 1-0 niðurstaðan.

Ferguson hafði yfir mörgu að gleðjast í leiklok því Gary Neville kom inn á seint í leiknum eftir að hafa átt við erfið meidsli að etja meira og minna frá 17. mars árið 2007.

„Ég er náttúrulega í skýjunum með sigurinn og heimavallarmetið er eitthvað sem við getum verið mjög stoltir af,“ sagði Ferguson sem bíður spennur eftir leikjunum gegn Barcelona.

„Ef allir verða heilir þá eigum við möguleika. Þetta eru tvö góð lið en annað liðið verður að tapa einvíginnu og ég hlakka til leikjanna,“ sagði Ferguson

Draumaeinvígi í undanúrslitum

Yaya Touré skoraði eina mark leiksins á Nývangi í gær í lok fyrri hálfleiks þegar varnarmönnum Schalke hafði mistekist að hreinsa boltann úr teignum eftir fyrirgjöf Bojan Krkić. Þrátt fyrir mikla baráttu gestanna, sem réðu ferðinni í fyrri hálfleik í gær, náðu

þeir ekki að skora í leiknum og gátu í raun sjálfum sér um kennt eftir að hafa misnotað góð færi í báðum leikjum sínum gegn Barcelona. Heimamenn í Barcelona réðu hins vegar ferðinni í síðari hálfleik og sigur þeirra var aldrei í hættu. Eður Smári Guðjohnsen kom inn á fyrir Barcelona í upp-bótartíma.

Það er því ljóst að þrjú ensk lið verða í undanúrslitum Meistaradeildarinnar og United og Barcelona mætast í sannkölluðum risa-slag. omar@frettabladid.is

Eiríkur Öundurson, fyrirlíði ÍR, man ekki eftir fleirum á leik í Hellinum en á 17 stiga sigri á Keflavík í gær:

Rétt stilltir þá erum við illviðráðanlegir

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar fóru illa með deildarmeistarara Keflavíkur í öðrum leik liðanna í undanúrslitaevnignis þeirra í Iceland Express deild karla í gær. ÍR vann auðveldan og sannfærandi 17 stiga sigur, 94-77 og fer í lokúrslitin með einum sigri í viðbót. Keflvíkingar héldu aðeins í við ÍR-inga í byrjun en eftir 30-15 sigur ÍR í öðrum leikhliða var aldrei spurning hvernig færi. ÍR skorði síðan 9 fyrstu stig seinni hálfleiks og náði 23 stiga forskoti og Keflvíkingar náðu muninum aldrei niður fyrir 14 stig eftir það.

„Þetta var ekki okkar dagur og við vorum bara skelfilegir og ömurlegir. Þeir hittu á hrikalega góðan leik og það fór allt ofan í hjá þeim,“ sagði Magnús Þór Gunnarsson, fyrirlíði Keflavíkur en það er enginn efi í hans huga hvernig einvígð fer. „Við erum bara búnir að tapa tveimur leikjum og vinnum þetta 3-2. Það er enginn efi í mínum huga, við



FRÁBÆRIR Ómar Sævarsson (6) og Sveinbjörn Claessen áttu báðir góðan dag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

eigum eftir tvo leiki á heimavelli og ÍR vinnur aldrei aftur í Keflavík,“ sagði Magnús sem skorði 17 stig á þeim 25 mínútum sem hann lék í gær.

Líkt og áður stóðu margir sig

vel í ÍR-liðsins, fimm skorðu 12 stig eða meira og Nate Brown og Eiríkur Öundurson stjórnðu leik liðsins og skorðu að auki báðir 7 stig. Þeir Sveinbjörn Claessen og Ómar Sævarsson eiga sérstakt hrós skilið fyrir mjög góðan leik, Sveinbjörn var með 19 stig og 70 prósent skotnýtingu og Ómar kom með 12 stig, 10 fráköst og 3 varin skot af bekknum.

„Ef Keflvíkingar eru ekki vaknaðir eftir þetta þá veit ég ekki hvenær þeir vakna,“ sagði Eiríkur Öundurson, fyrirlíði ÍR eftir leikinn. „Þetta var frábær leikur hjá okkur og hægt og sígandi brotnuðu þeir. Mér fannst þeir ekki eiga nein svör í dag en þetta er fjarri því að vera búið,“ sagði Eiríkur.

Eiríkur hefur upplifað tímanna tvenna hjá ÍR og er nú aðeins einum sigri frá því að spila um Íslandsmeistararitilinn.

„Ég hafði lengst komist á Íslandsmóti að vinna einn leik í

undanúrslitum og það er búið að bæta það. Þetta eru líka flestir áhorfendur sem hafa komið í Hellinn síðan ég byrjaði að spila og ég vona að það verði framhald á þessu. Við höfum sýnt að við getum unnið hverja sem er og hvar sem er en við þurfum að einbeita okkur að okkur sjálfum því þegar við erum rétt stilltir þá erum við illviðráðanlegir,“ segir Eiríkur.

Nate Brown átti frábæran dag og fær líka hrós frá fyrirlíðanum. „Þeir sem hafa verið að fylgjast með okkur sjá hvað Nate er mikill leiðtogi. Hreggviður vill kalla hann hertogann og hann er það því hann gerir alla helmingi betri. Hann er alveg ómetanlegur fyrir okkur,“ sagði Eiríkur um Nate sem skaut aðeins fjórum sinnum á körfuna í leiknum en spilaði hins vegar féлага sína ítrekað upp og endaði með 18 stoðsendingum, eða einni fleiri en allt Keflavíkurliðið til samans. - óej

TAKMARKAÐ MAGN

RÝMINGARSALA Á FARTÖLVUM • SÝNINGARVÉLAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR VÉLAR
HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • EINSTAKT VERÐ ALLT AÐ **80.000** KR AFSLÁTTUR



FRÁ 1.945 KR
Á MÁNUÐI

15.000 LÆKKUN
6 STK

ACER ASPIRE 5315-102G12MI
1.80GHz Intel Celeron M 540 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" WideScreen skjár, 384MB Intel GMA X3100 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Basic
1 STK REYKJAVÍK, 3 STK AKUREYRI, 2 STK KEFLAVÍK

54.900

FRÁ 3.026 KR
Á MÁNUÐI

20.000 LÆKKUN
6 STK

ACER TRAVELMATE 5520-6A1
1.8GHz AMD Turion64 X2 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 15.4" WideScreen skjár, 256MB ATI Radeon X1250 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
2 STK REYKJAVÍK, 2 STK AKUREYRI, 2 STK KEFLAVÍK

89.900

FRÁ 3.643 KR
Á MÁNUÐI

30.000 LÆKKUN
1 STK

ACER TRAVELMATE 5623WSMI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, skrifari, Windows Vista Business
1 STK REYKJAVÍK

109.900

FRÁ 4.261 KR
Á MÁNUÐI

80.000 LÆKKUN
1 STK

ACER ASPIRE 5720G-1A1G16MI
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK

129.900

FRÁ 4.570 KR
Á MÁNUÐI

30.000 LÆKKUN
1 STK

SONY VAIO AR41L
1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 2GB DDR minni, 160GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce 8400 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK

139.900

FRÁ 4.107 KR
Á MÁNUÐI

25.000 LÆKKUN
2 STK

ACER TRAVELMATE 6292
1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 160GB harður diskur, 12.1" Widescreen skjár, Intel GMA X3000 skjákort, skrifari, Windows Vista Business
2 STK REYKJAVÍK

124.900

FRÁ 5.033 KR
Á MÁNUÐI

35.000 LÆKKUN
4 STK

ACER ASPIRE 9813WKMI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 20.1" WideScreen skjár, 256MB DDR GeforceGo7600skjáort,skrifari,WindowsVistaHomePremium
4 STK REYKJAVÍK

154.900

FRÁ 3.643 KR
Á MÁNUÐI

20.000 LÆKKUN
6 STK

ACER ASPIRE 2920G-1A2G25MN
1.5GHz Core Duo T5250 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 250GB harður diskur, 12.1" WideScreen skjár, Intel GMA X3100 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
3 STK REYKJAVÍK, 1 STK AKUREYRI, 2 STK KEFLAVÍK

109.900

FRÁ 4.724 KR
Á MÁNUÐI

35.000 LÆKKUN
6 STK

ACER ASPIRE 7720G-602G32MN
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 320GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 256MB DDR Geforce 8400 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
3 STK REYKJAVÍK, 1 STK AKUREYRI, 2 STK KEFLAVÍK

144.900

FRÁ 2.408 KR
Á MÁNUÐI

20.000 LÆKKUN
1 STK

ACER ASPIRE 5103WLM1
1.6GHz AMD Turion64 X2 TL-52 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 15.4" WideScreen skjár, 128MB ATI Radeon X1100 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK

69.900

FRÁ 5.187 KR
Á MÁNUÐI

60.000 LÆKKUN
6 STK

ACER ASPIRE 7720G-603G50BN
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi, 3GB DDR2 minni, 500GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 512MB DDR Geforce Go 8600, Blu-ray drif, Windows Vista Home Premium
4 STK REYKJAVÍK, 1 STK AKUREYRI, 1 STK KEFLAVÍK

159.900

FRÁ 4.415 KR
Á MÁNUÐI

35.000 LÆKKUN
5 STK

ACER ASPIRE 5920G-602G25HN
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 250GB harður diskur, 15.4" WideScreen skjár, 512MB DDR Geforce Go 8600 skjákort, skrifari, Windows Vista Ultimate
3 STK REYKJAVÍK, 2 STK KEFLAVÍK

134.900

Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur • Sýningavélar og lítið útlitsgallaðar vélar • Rýmingarsalan er aðeins í verksunum okkar í Reykjavík, Akureyri og Keflavík • Upphæðin á TL lán er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,5%. breytilegir

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ 

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 166 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMÍÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765



BJARTSÝNN Benitez telur að Liverpool hafi reynsluna og trúna til að vinna Chelsea.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafa Benitez um Chelsea: Erfitt og krefjandi verkefni

FÓTBOLTI Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var í skýjunum eftir sigur liðs síns gegn Arsenal á Anfield í fyrrakvöld og kvaðst hlakka til þess að mæta Chelsea í undanúrslitunum í þriðja skipti á síðustu fjórum árum.

„Það er ótrúlegt að við séum að mæta Chelsea enn og aftur á þessu stigi keppinnar en eins og áður verður þetta mjög erfitt og krefjandi verkefni,“ sagði Benitez en spurður út í hvort það væri kostur fyrir Chelsea að eiga seinni leik liðanna á Brúnni var Spánverjinn ekki of viss.

„Ég veit ekki hvort það er kostur eða ekki. Spyrjið mig frekar að því eftir einvígið. Ég hef annars mikla trú á reynslunni sem við búum yfir fyrir svona leiki og trúin til að ná árangri er vissulega til staðar í okkar herbúðum,“ sagði Benitez.

Frank Lampard um Liverpool: Chelsea ekki í hefndarhug

FÓTBOLTI Frank Lampard, miðjumaður Chelsea, ítrekaði á blaðamannafundi eftir 2-0 sigurinn gegn Fenerbahce í fyrrakvöld að lið sitt væri ekki í hefndarhug gegn Liverpool. Liverpool hefur slegið Chelsea tvisvar sinnum út úr undanúrslitum Meistaradeildarinnar á síðustu þremur árum.

„Hefnd er hættuleg tilfinning til að draga inn á fótboltavöllinn vegna þess að þar þarftu að hugsa skýrt og vera með hausinn í lagi. Fyrri viðureignir okkar gegn Liverpool munu ekki hafa neitt að segja í þessu einvígi,“ sagði Lampard.

Pálína Gunnlaugsdóttir varð á dögnum Íslandsmeistari í tólfta sinn á síðustu sjö árum:

21 árs með 21 Íslands- og bikarmeistararitil

KÖRFUBOLTI Pálína Gunnlaugsdóttir varð á föstudagskvöldið Íslandsmeistari á sínu fyrsta ári með Keflavík en þetta er þriðja árið í röð sem hún spilar með besta liði landsins því hún varð Íslandsmeistari með Haukum 2006 og 2007.

Þetta er tólfti Íslandsmeistararitill Pálinu í öllum flokkum en hún hefur orðið Íslandsmeistari á öllum tímabilum frá árinu 2001. Pálína sem er aðeins 21 árs gömul hefur samtals

unnið 29 titla á ferlinum þar af 21 Íslands- og bikarmeistararitil.

Pálína er þriðji leikmaður sögunnar sem nær því að vinna Íslandsmeistararitilinn þrjú ár í röð með fleiri en einu liði en bæði Hanna Björg Kjartansdóttir og Olga Færseth urðu Íslandsmeistarar með Keflavík 1992 og 1994 og svo með Breiðabliki árið 1995.

Það má segja að síðustu þrjú tímabil hafi verið ein stór sigurganga hjá Pálinu en á þeim hefur hún leikið 82 leiki á Íslands-

móti, 61 í deild og 21 í úrslitakeppni, og hefur verið í sigurliði í 72 þeirra eða 90 prósentum leikjanna sem hún hefur spilað. Pálína og félagar hennar í Haukum og Keflavík hafa enn fremur unnið tólf titla á þessum tíma þar af Íslandsmeistararitilinn, deildarmeistararitilinn og fyrirtækjabikarinn öll þrjú tímabilin.

Pálína hefur verið kosin besti varnarmaður deildarinnar undanfarin þrjú tímabil en það má segja að hún hafi blómstrað í sókninni með Keflavík í vetur. Pálína skoraði 12,1 stig að meðaltali í deildinni með Keflavík í vetur sem var 2,7 stigum meira í leik en hún hafði mest náð með Haukum (9,4 tímabilið 2005-06). Pálína gerði síðan enn betur í úrslitakeppninni þar sem hún skoraði 12,8 stig að meðaltali í leik.

STÓRIR TITLAR PÁLINU

Íslandsmeistari 12 sinnum

2008	Meistaraflokkur kvenna
2007	Meistaraflokkur kvenna
2006	Meistaraflokkur kvenna
2006	Unglingaflokkur kvenna
2005	Unglingaflokkur kvenna
2004	Unglingaflokkur kvenna
2003	Unglingaflokkur kvenna
2003	10. flokkur kvenna
2002	Unglingaflokkur kvenna
2002	10. flokkur kvenna
2002	9. flokkur kvenna
2001	9. flokkur kvenna

Bikarmeistari 9 sinnum

2007	Meistaraflokkur kvenna
2007	Unglingaflokkur kvenna
2006	Unglingaflokkur kvenna
2005	Meistaraflokkur kvenna
2005	Unglingaflokkur kvenna
2004	Unglingaflokkur kvenna
2003	10. flokkur kvenna
2002	10. flokkur kvenna
2002	9. flokkur kvenna

- 66j

Tiger Woods segist geta unnið öll risamótin á sama árinu

Golfsérfræðingar búast flestir við mjög öruggum sigri hjá Tiger Woods á Masters-móttinu sem hefst á hinum fornfræga Augusta-golfvelli í dag. Tiger hefur verið í ótrúlegu formi á árinu og unnið sjö af níu síðustu mótum sínum. Tiger hefur trú á því að hann geti unnið öll risamótin á þessu ári.

GOLF Hið stórskemmtilega risamót, Masters, hefst á Augusta-golfvöllinum í dag. Masters er fyrsta risamót ársins af fjórum. Líkt og venjulega er búist við sigri hjá Tiger Woods sem hefur byrjað árið með látum og unnið sjö af síðustu níu mótum sem hann hefur tekið þátt í.

Þess utan hefur Tiger oftast en ekki gengið vel á Augusta þar sem hann hefur fjórum sinnum endað mótið í græna jakkanum.

Stefnan hjá Tiger á þessu ári er að vinna öll risamótin. Hann hefur einu sinni áður haldið öllum fjórum titlunum á sama tíma en það gerðist ekki á sama árinu.

„Ég held að þetta sé mitt tólfta eða þrettánda tímabil og níu af þessum árum hef ég unnið fimm eða fleiri mót. Nú þarf ég bara að vinna réttu fjögur mótin í röð,“ sagði Tiger léttur á blaðamanna-

fundu fyrir mótið en árið 2000 vann hann opna breska, opna bandaríska og PGA-meistaramótið og sigur á Masters fylgdi árið eftir.

„Það verður ekkert gefið á þessu móti enda eru flestir þeirra bestu að spila vel þessa dagana og nægir þar að nefna Vijay Singh og Phil Mickelson. Retief Goosen og Ernie Els eru líka að hitna svo ég nefni einhverja. Það þarf margt að ganga upp svo maður geti sigri risamót. Ein slæm mistök geta hæglega eyðilagt mótið fyrir manni,“ sagði Tiger sem líkar vel að spila á Augusta.

„Það er venjulega hægt að ná fuglum á þessum velli en veðrið í fyrra leyfði okkur ekki að spila okkar besta leik. Lykilatriði á þessum velli er að þúttu vel. Það er ekki hægt að þúttu illa hérna og vinna. Maður þarf einnig að spila



FERSKUR Tiger Woods sést hér hress og kátur á æfingu fyrir Mastersmótið fyrr í vikunni. Honum er sem fyrr spáð sigri á móttinu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ákveðið og upphafshögginn þurfa að vera bein. Hér áður fyrr var hægt að vera villtari í upphafshöggum en það er liðin tíð,“ sagði Tiger.

Eins og áður segir kann Tiger vel við sig á Augusta-vellinum en hann hefur samt ekki unnið þar síðustu tvö ár. Það lengsta sem

hann hefur beðið eftir sigri á þessum velli er þrjú ár. Hann tapaði naumlega fyrir Zach Johnson í fyrra og er oftast en ekki í toppbaráttunni þó hann vinni ekki alltaf. Veðbankar hallast þó að sigri Tigers í ár og það verður enginn ríkur á því að setja peninga á hann í ár.

henry@frettablaid.is

Augusta-golfvöllurinn: Holu fyrir holu

Hola 1: Tea Olive 416 metrar Par 4	Hola 2: Pink Dogwood 525 metrar Par 5	Hola 3: Flowering Peach 320 metrar Par 4
Hola 4: Flowering Crab Apple 219 metrar Par 3	Hola 5: Magnolia 416 metrar Par 4	Hola 6: Juniper 164 metrar Par 3
Hola 7: Pampas 411 metrar Par 4	Hola 8: Yellow Jasmine 521 metri Par 5	Hola 9: Carolina Cherry 420 metrar Par 4
Hola 10: Camellia 452 metrar Par 4	Hola 11: White Dogwood 461 metri Par 5	Hola 12: Golden Bell 141 metri Par 3
Hola 13: Azalea 466 metrar Par 5	Hola 14: Chinese Fir 402 metrar Par 4	Hola 15: Firethorn 484 metrar Par 5
Hola 16: Redbud 155 metrar Par 3	Hola 17: Nandina 402 metrar Par 4	Hola 18: Holly 425 metrar Par 4

Heimild: Augusta-golfklúbburinn

© GRAPHIC NEWS



Girðing frá Sindra umhverfis Fossvogskirkjugarð

Byggingadeild Sindra aðstoðar verktaka, arkitekta og hönnuði við val á sértækum byggingalausnum. Áklæðningar, flóttastigar og iðnaðarhurðir eru meðal þeirra vöruflokka sem finna má hjá byggingadeildinni ásamt fjölmörgum öðrum lausnum. Komið og skoðið sýningarsal byggingadeildarinnar að Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði

Hafðu samband við sölusérfræðinga Sindra.

Guðmundur Jónsson
Deildarstjóri Byggingadeild
Beinn sími 575 0121

Sigurður Gíslason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0125

Halldór Jónason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0122



Klæðningar



Undirbyggingarkerfi



Iðnaðarhurðir



Stigar



Handrið



Svalir




Öryggislokanir



Hleðslulyftur



Girðingar



Hliðslár



Vöruhúsakerfi



Stálristar

SINDRI

BYGGINGAÐEILD

www.sindri.is sindri@sindri.is Bæjarhraun 12 Hafnarfirði Sími: 575 0000

> Donald Sutherland

Leikarinn góðkunnur, sem kominn er á seinna skeið ferils síns, sagði eitt sinn um fyrstu hlutverk sín: „Ég var alltaf fenginn til að leika list-ræna morðóða brjálæðinga. En þeir voru í það minnsta listrænir!“ Sutherland leikur í þáttum Dirty Sexy Money sem Sjónvarpið sýnir í kvöld eftir tíufréttir.



dagsk



VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM SÓLMUNDARSON UM ÍSLENSKA DAGSKRÁRGERÐ

Hvar eru nýliðarnir?

Nú er þessum sjónvarpsvetri senn að ljúka og hefur margt góðra þátta liðið dagsins ljós. Þar helst að nefna innlenda þætti á borð við Næturvaktina, Pressu og Mannaveiðar, sem eru fint leikið íslenskt sjónvarpsfni. Einnig hafa verið settir á dagskrá ýmsir aðrir þættir sem eru eins misjafnir og þeir eru margir. Yfirleitt er það venjan þegar mikið er um nýja þáttagerð að nýir sjónvarpsmenn stígi fram á sjónarsviðið – slíkt hefur ekki verið uppi á teningnum í vetur. Á RÚV hefur það verið einkar algengt að sama fólkið stjórni hinum ýmsu þáttum. Gísli Einarsson er í fréttum, Kastljósi, Út og suður og svo Laugardagslögnum, stundum lýsir hann meira að segja fótboleikjum í útvarpinu líka. Ragnhildur Steinunn er í Kastljósi og Laugardagslögnum, Sigmar Guðmundsson er í Útsvari, Gettu betur og Kastljósi og svo mætti lengi telja. Á Stöð



UPPTEKINN Gísli Einarsson er í fjórum dagskrárlögnum RÚV, og lýsir fótboleikjum um ofan af Skaga.

2 eru svo Sigmundur Ernir og Logi Bergmann hvor með sinn spjallþáttinn fyrir utan að sjá um fréttalestur. Þó svo að þetta séu allt prýðis sjónvarpsmenn má nú öllu ofgera. Það má líkja þessu við Derrick. Í þeim þáttum gat morðingi þáttarins á undan birst í næsta þætti sem barnaskólakennari eða ekkjumaður. Það var fyndið en hallærislegt. Er virkilega ekki nóg framboð af hæfileikaríku fólki sem á heima í sjónvarpi en er þar ekki nú þegar? Eða fá starfsmenn sjónvarpsstöða kannski borgaða eingreiðslu fyrir veturinn og þurfa þá að stjórna eins mörgum þáttum og yfirmenn þeirra lýstir að láta þá stjórna?

Um leið og ég fagna þessari grósku í íslenski þáttagerð vil ég fara að sjá ný andlit á skjánum sem fá mann til að hugsa: „Bíddu! Hver er þetta?“

EKKI MISSA AF



▶ **18.40 Getafe-Bayern München** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Civil Action** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 07/08 bio leikhús** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35 Flight of the Conchords** STÖÐ 2



▶ **21.50 CSI: Miami – lokaþáttur** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Fiskurinn, fótboltinn og loforðið hans pabba (3:3)
18.00 Stundin okkar
18.30 EM 2008 (1:8) Í fyrsta þætti er rætt við Frakkann Patrick Vieira og Peter Schmeichel sem rifjar upp sigur Dana árið 1992. Þá eru lið gestgjafanna Austurríkis og Sviss kynnt til leiks.

19.00 Fréttir
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶ **20.15 07/08 bio leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífni. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.

20.45 Bræður og systur (Brothers and Sisters II) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

21.30 Trúður (9:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

22.00 Tíufréttir
22.25 Fé og freistingar (3:10) (Dirty Sexy Money)

23.10 Anna Pihl (7:10)
23.55 EM 2008 (1:8)

00.25 Kastljós
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Civil Action
08.00 Land Before Time XI
10.00 The Object of Beauty
12.00 Field of Dreams
14.00 Land Before Time XI
16.00 The Object of Beauty
18.00 Field of Dreams

▶ **20.00 Civil Action** Hörkuspennandi lögfræðidrama sem byggt er á sannsgögulegum atburðum. Aðalhlutverk: John Travolta, Robert Duvall og William H. Macy.

22.00 Hybercube: Cube 2
00.00 The Deal
02.00 Children of the Corn 6
04.00 Hybercube: Cube 2

STÖÐ 2

07.00 Camp Lazlo
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah (300 Men Ask Dr. Oz)
08.50 Í finu formi
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella

10.35 Extreme Makeover: HE (19:2)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours (Nágannar)
13.10 Wings of Love
13.55 Wings of Love
14.40 Heima hjá Jamie Oliver (13:13)
15.05 Amazing Race (3:13)
15.55 Sabrina - Unglingsnormin
16.18 Nornafélagið
16.43 Tutenstein

17.08 Doddi litli og Eyrnastór
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag og íþróttir
19.30 The Simpsons
19.55 Friends (13:24) (Vínir)
20.20 Hæðin (4:8)
21.10 My Name Is Earl (10:13)

▶ **21.35 Flight of the Conchords** (12:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjá-lenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædyrasafninu í hverfinu.

22.00 Bones (2:13)
22.45 ReGenesis (6:13)
23.35 Un long dimanche de fiancailles Stórbotin kvikmynd eftir sama leikstjóra og gerði Amalie og Delicatessen, Jean-Pierre Jeunet, með leikkonunum Audrey Tautou úr Amalie og Jodie Foster.

01.45 Big Shots (5:11)
02.30 Inspector Linley Mysteries (3:8)
03.15 Inspector Linley Mysteries (4:8)
04.00 Cyber Seduction
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

SPORT

besta sætið

07.00 Meistaradeild Evrópu (Man. Utd. - Roma)
08.40 Meistaradeildin (Meistaramörk)
09.00 Meistaradeild Evrópu (Barcelona - Schalke)
13.25 Inside Sport (Arsene Wenger / AP McCoy)

13.55 Meistaradeild Evrópu (Man. Utd - Roma)
15.35 Meistaradeildin (Meistaramörk)
15.55 Meistaradeild Evrópu (Barcelona - Schalke)
17.35 Inside the PGA
18.00 F1: Við endamarkið

▶ **18.40 UEFA Cup** Bein útsending frá leik Getafe og Bayern München í Evrópukeppni félagsliða.

20.40 Utan vallar Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

21.30 Augusta Masters 2008 Mótið er í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 20.00.

00.30 UEFA Cup (Getafe - Bayern Munchen)

SPORT 2

enski boltinn

15.40 Middlesbrough - Man. Utd
17.20 Newcastle - Reading
19.00 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

20.30 PL Classic Matches (Liverpool - Chelsea, 97/98)

21.00 PL Classic Matches (Chelsea - Arsenal, 97/98) Leikur Chelsea og Arsenal á Stamford Bridge var taumlaus skemmtun. Frábærir leikmenn í liðunum á borð við Gianfranco Zola, Tony Adams, Ian Wright og Dennis Bergkamp.

21.30 Goals of the season
22.30 4 4 2
23.50 Coca Cola mörkin

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.15 Vörutorg
17.15 Fyrstu skrefin (e)
17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Innlit / útlit (e)
19.40 Game tívi (13:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

20.10 Everybody Hates Chris (9:22)
20.30 The Office (17:25) Ryan býður Michael að vera gestafyrirlesari í viðskiptanámínu. Dwight berst við leðurblöku á skrifstofunni og Pam býður samstarfsfólkinu á fyrstu listasýninguna hennar.

21.00 Life (8:11) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitast nú þeirra sem komu á hann sök. Crews og Reese rannsaka duldarfullt andlát manns sem lífið tvöföldu lífi og skildi eftir sig tvær ekjur. Crews er kominn á spor mannanna sem komu honum í fangelsi á sínum tíma en þá fellur á hann grunur í nýju morðmáli.

▶ **21.50 C.S.I. Miami** (24:24) Bandarísk sakamálaferia um Horatio Caine og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Það er komið að æsispennandi lokaþætti seríunnar og óvíst að allir úr rannsóknardeildinni lifi hann af. Raðmorðingi drepur ungar konur og merkir fórnarlömb sín. Horatio og félagar halda að þeir hafi gómað illmennið þegar morðin hefjast aftur.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á létum nótum þar sem háðfuglign Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

23.25 America's Next Top Model (e)
00.15 Cane (e)

01.05 C.S.I.
01.55 Vörutorg
02.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Settu þitt mark á Fréttablaðið

Umbrotsmenn vantar til starfa á Fréttablaðinu. Bæði er um fastráðningu að ræða sem og sumarafleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á InDesign, vera vanir umbroti og geta unnið vel undir álagi. Um vaktavinnu er að ræða.

Fréttablaðið er lífandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem lagt eru upp úr góðri samvinnu og ábyrgð hvers og eins.

Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is.

Umsóknarfrestur er til 11.apríl. Öllum umsóknum verður svarað

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Hæðin

Hamangurinn heldur áfram á Hæðinni í kvöld. Næsta verkefni hjá þörunum þremur er að hanna tvö barna eða tólmstundaherbergi og er óhætt að segja að þar komi rækilega í ljós ólíkur smekkur þeirra. Í síðasta þætti, þegar þörin hönnuðu sjónvarpsherbergi og Brynjar og Steinunn báru sigur úr þytum, kom fyrst í ljós að keppnisskapið er sannarlega á sínum stað og nú ríður á að þau Hreiðar og Elísabet standi sig enda eina parið sem hefur enn ekki sigrað.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Upphitunarpáttur fyrir EM 2008

Sjónvarpið kl. 18.30 Nýr upphitunarpáttur fyrir EM í fótbolta í Sviss og Austurríki, sem hefst 7. júní. Í þáttunum er skyggnst bak við tjöldin, liðin og leikstaðirnir kynntir sem og rifjuð upp skemmtileg atvik úr fyrri keppnum. Rætt er við helstu knattspyrnustjórnur samtímans og forvitnast um vonir þeirra og væntingar til mótsins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.40 Veðurfregni	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregni
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
09.05 Okkar á milli	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.03 Veðurfregni	18.25 Spegillinn
10.13 Litla flugan	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.00 Seiður og hóló
12.02 Hádegisútvarp	19.27 Sinfóníutónleikar
12.20 Hádegisfréttir	21.10 „Íslands göfugasti sonur“
12.45 Veðurfregni	22.07 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vítit og breitt	22.15 Svipleiftur
14.03 Á tónsviðinu	23.05 Krossgötur
15.03 Útvarpssagan: Sjosja	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

17.50 Talk Show With Spike Fersten

18.15 Extreme. Life Through a Lens

(10:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Skífulistinn

20.50 Talk Show With Spike Fersten

21.15 Extreme. Life Through a Lens

22.45 Medium (3:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtt náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois.

23.25 Nip/Tuck (12:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles.

00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Halldórsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag liðandi stundar.

21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna ræðir við Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, um nýjan vef neytenda.

21.30 Úrval úr Mér finnst... Lífandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Penge 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 Elvene under Oslo 11.50 Søren Ryge besøger Lis og dyrene 12.20 Godt arbejde 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Boogie Lørdag 14.30 Pucca 14.35 Svampebob Firkant 15.00 Gepetto News 15.30 Fandango med Christian 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med vejret 17.30 Rabatten 18.00 Venner på eventyr 18.30 Her kommer eliten 19.00 TV Avisen 19.25 Ærlig talt 19.50 SportNyt 20.00 Sudden Death 21.40 Blind Justice 22.20 Naruto Uncut

NRK1

7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Migrapolis 10.40 Speker temakveld: 9. april - krigen om krigen 11.30 'Allo, 'Allo! 12.05 Landsbylegane 12.50 Tom og Jerry 13.00 Fabrikken 13.30 Heilt vilt 14.05 H2O 14.30 Megafon 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Billedbrev fra Brasil 15.40 Mánáid-TV - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Den lille blå dragen 16.10 Uhu 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrödingers katt 17.55 Operaen i havn 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Höök 20.30 Halvseint talkshow 21.00 Kveldsnytt 21.15 Urix 21.45 Standup: Jack Dee live fra Apollo 22.25 P3tv live 23.25 Kulturmytt 23.35 Norsk på norsk jukeboks 1.00 Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Sista terminen 10.35 Lantz i P4 11.05 Var fan är mitt band? 12.30 Minnenas television 13.30 Morgonsoffan 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.15 Karamelli 15.45 Sagoträdet 16.00 Bollbompa 16.20 Lycka är... 16.25 Krumelurdir 16.30 Mamma Spindels alla små knyp 17.00 Bobster 17.15 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Niklas mat 18.30 Mitt i naturen 19.00 Brottet 20.00 Debatt 21.00 Rapport 21.10 Kulturmyheterna 21.25 Uppdrag Granskning 22.25 Klass 9A 22.55 Sändningar från SVT24

NASA
LAUGARD 12. APRÍL

SÁLLIN

FLAUTARTILLEIKS

HÚSIÐ OPNAR KL. 23
MIÐAVERÐ KR. 2200
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
FORSALA Á NASA FÖSTUD. FRÁ 13-17

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

MORGUNMATURINN



„Ég borða mjög lítinn morgunmat. Það er einn góður gúlsopi af Vestmannaeyjalýsi, það er algjört

grundvallaratriði. Síðan fæ ég mér eitt glas af berjasafi, og þegar ég er búinn að fá mér morgunsund borða ég eina dollu af skyr.is.“

Geir Jón Þórisson, yfirlöggregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. fugl 6. í röð 8. taug 9. rénun 11. ónefndur 12. sauma 14. mentastofnun 16. tveir eins 17. goð 18. móðurlíf 20. númer 21. öldugangur.

LÖDRÉTT 1. elds 3. í röð 4. ruglun 5. utan 7. kæna 10. verkur 13. nægilegt 15. sjá eftir 16. nögl 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. orri, 6. áb, 8. sm, 9. lát, 11. nn, 12. stæng, 14. skóli, 16. k, 17. gnú, 18. leg, 20. nr, 21. ólög. LÖDRÉTT: 1. bál, 3. rs, 4. ringlun, 5. im, 7. bátskæ, 10. tæk, 13. nögl, 15. ótra, 16. kló, 19. gð.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Harold Pinter.
- 2 Óshlíðargöng.
- 3 Bob Dylan.



GULLSMÍÐJAN
 Guðrún Þjarnadóttir
 Gullsmíðar
 LÆKJARGATA 34C
 HAFNARFIRDI
 565 4453
GULLSMÍÐJAN.IS

Svalbarði Þorsteins slær í gegn

„Þetta er náttúrliga rosalega skemmtilegt og hver veit nema maður fái sér einn bjór til að halda upp á þetta,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, höfundur og stjórnandi spjallþáttarins Svalbarða. Samkvæmt upplýsingum frá Skjá einum mældist fyrsti þátturinn á föstudaginn með tæplega þrjátíu prósentu uppsafnað áhorf í aldursþópnum 12-49 ára.

Áhorfið fór langt fram úr villtustu vonum Þorsteins sem lagði það upp með sínu fólki að þau gæfu skít í áhorfstölur. Hins vegar væri ekki annað hægt en að gleðjast yfir þessum tíðindum. „Við vildum bara gera þetta eins skemmtilegt og mögulegt var en fyrst og fremst vildum við gera

eitthvað sem okkur fannst vera skemmtilegt,“ bætir spjallþáttstjórnandinn við.

Þorsteinn var staddur við upptökur á næsta þætti þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Gestir hans verða leikstjórinn Ragnar Bragason og Kastljós-stjarnan Helgi Seljan. „Sem þýðir að við fáum áhorfið frá Kastljósi líka því það horfir enginn á Kastljósið ef Helgi er ekki,“ segir Þorsteinn sem bjóst því allt eins við sextíu prósentu áhorfi annað kvöld.

SÁTTUR Þorsteinn Guðmundsson gerði sér vonir um að ræna öllu áhorfi Kastljóssins þegar stjarna sjónvarpsþáttarins, Helgi Seljan, fengi sér sæti á Svalbarða annað kvöld.



BUBBI OG BJÖRN JÖRUNDUR: SYNGJA SAMAN Í FYRSTA SINN

Tvær stærstu söngradir landsins loksins sameinaðar

„Það er kominn tími til að fólk fái að heyra okkar iðilfögru raddir hljóma saman,“ segir Bubbi Morthens sem fór í hljóðver í gær ásamt Birni Jörundi Friðbjörnssyni til þess að taka upp lagið Ég er kominn heim, sem Óðinn Valdimarsson gerði frægt hér á landi fyrstur manna. „Þetta er einhver flottasta perla íslenskrar dægurlagasögu. Það var ekki hægt að láta svona lag liggja óbætt hjá garði. Fólk þarf að heyra hvernig gömlu perlurnar voru. Þetta lag er að vísu erlent en textinn er eftir Jón Sigurðsson. Svona perlu hafa orðið íslenskar með tímanum og ég hef hlustað á þetta frá því ég var krakki,“ segir Bubbi sem hreifst af flutningi Björns á laginu í þættinum Bandið hans Bubba á dögunum. Í kjölfar þess flutnings var tekin ákvörðun um að fara í hljóðver.

Björn Jörundur segir að upptökurnar í gær hafi gengið ágætlega. „Nema ég er slappur af flensu en það slapp,“ segir Björn. Bubbi telur þó þessi smávægilegu veikindi kollega síns ekki hafa komið að sök. „Björn er svo æðislegur túlkandi og söngvari. Þú getur verið í Kína, Búrma, Ástralíu eða Tailandi og heyrð þúsund manns syngja, en um leið og þú heyrir röddina hans þá hugsarðu: „Já, þetta er Björn Jörundur,““ segir Bubbi og af þessu má heyra að álit hans á sönghæfileikum Björns er mikið. „Mér finnst Björn Jörundur geggjáður söngvari og hefur fundist það frá því ég heyrði hann syngja Álfheiði Björk að mig minnir. Það sýnir líka hvað hann er sterkur að þegar Daníel Ágúst hætti í Ný dönsk, þá héldu margir að bandið myndi lognast útaf, en það gerði það ekki,“ segir Bubbi og fullyrðir að hörðustu karlmenni munu falla í stafi þegar þeir heyra túlkun Björns á þessu lagi. „Meðlimir Mercedes Club munu fara úr skýlunni þegar þeir heyra þetta,“ segir Bubbi.



KRAFTUR Nýbýlavegurinn titraði og skalf þegar þessar miklu raddir mættu í upptökur í hljóðver Þorvaldar Bjarna sem er þar til húsa.

Bubbi og Björn Jörundur hafa aldrei sungið saman fyrir. „Draumur allra að fá að vinna með einhverjum öðrum í faginu? Sérstaklega ef það er einhver eins og Bubbi,“ segir Björn. „Bubbi hafði áhrif á mig þegar ég var að byrja í músíkinni tólf, þrettán ára gamall. Þeir félagar eru báðir á því að þetta lag verði ekki það síðasta sem heyrst frá

þeim sameinuðum. „Ég er sannfærður um að ég og Björn Jörundur munum gera eitthvað meira saman. Já! Ég mun gera eitthvað meira með Birni,“ segir Bubbi. Það var Vignir Snær Vigfússon sem stjórnaði upptökunum og hljóðblöndun verður í höndum Adda 800. „Ég vona að þetta verði masterað á morgun og komið í spilun fyrir helgi,“ segir Bubbi. soli@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú eru fardagar hjá rithöfundum en útgefendur safna vopnum sínum fyrir komandi bókatíð. Þannig sjá þeir hjá Uppheimum á Skaganum ýmis tækifæri eftir hinn mikla samruna JPV og Eddu. Þeir eiga þegar gott safn rithöfunda: Ævar Örn Jósefsson, Gyrði Eliasson, Böðvar Guðmundsson, Bjarna Bjarnason, Ara Trausta og Bjarna Gunnarsson. Og nýverið gengu til liðs við Uppheima **Kristín Ómarsdóttir** og Sigfús Bjartmarsson. Kristín var áður hjá Söllu en Sigfús hjá Bjarti.



Enn hefur ekki verið gengið frá endanlegum lista þátttakenda í pílagrímsföruna miklu til Liverpool á vegum Félags tónskálda og textahöfunda um mánaðamót maí/júní. Ástæða tafarinnar er sú að stjórn FFT, sem nú þegar hefur víðtækt tengslanet og sambönd í Bítlaborginni, vinnur að því að bjarga tíu til tuttugu til viðbótar á tónleika Pauls McCartney vegna mikillar ásóknar. Sjálfur er formaðurinn, **Jakob Frimann**, farinn til Svíþjóðar á höfundapöng en er væntanlegur um helgina aftur og mun fljótlega upp úr því hinn endanlegi þátttakendalisti líta dagsins ljós.



Kristófer Helgason, útvarpsmaður á Bylgjunni, er einn þeirra sem starfs síns vegna er ekki í símaskrá. Sem svo kostar nafna hans sem skráður er nokkurt ónáði. Sá er alvanur að svara fyrir nafna sinn Bylgjumanninn. Það sem gerir erfiðara að leiðrétta þann þráláta misskilning er að þegar slökkt er á farsímanum svarar Kristófer útvarpsmaður með orðunum: „Í augnablikinu er slökkt á farsímanum.“ Og menn sannfærast um að þeir séu á réttu róli. En Kristófer útvarpsmaður er rödd Vodafone. -jbg

Sjónvarpsstjórnur jeppast sem fyrr

„Nei, þetta er enginn fylleriistúr. Þetta beinlínis gengur út á heilbrigðið,“ segir Lára Ómarsdóttir sjónvarpsmaður. Hún er talsmaður og upplýsingafulltrúi flottasta, eða í það minnsta frægasta, jeppaklúbbs landsins.

Jeppaklúbburinn er að stofni til sjónvarpsmenn á Stöð 2. Klúbburinn heitir NFS – Nú Ferðumst við Saman – og býr svo vel að eiga ýmsan varning sér merktan frá því skammtstöfunin stóð fyrir annað fyrirbæri, nefnilega Nýja Fréttastöðin. En það er allt önnur saga.

NFS stefnir nú í sinn þriðja tús en Fréttablaðið hefur fylgst með þessum merka klúbbi, sem telur nú hátt í 70 meðlimi, frá upphafi. Fimm tíu hafa skráð sig til farar á 13 bílum. Átta nýir meðlimir voru skráðir í tilefni fararinnar, þeirra á meðal sjálfur fréttastjórnur Steingrímur Sævarr Ólafsson. Sem verður innvígður um helgina. Lagt verður upp að morgni laugardags og stefnt upp að Langavatni með gistingu að Krummshólum í Borgarfirði. Lára segir að leiðangurinn komi víða við, meðal annars verður landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri heimsótt-



LÁRA ÓMARSDÓTTIR „Siggi sífestir“ er búinn að fara á námskeið og verður vonandi sá forystusauður sem að er stefnt.

ur, þar sem keppt verður í sveitafitness, fjósið fræga skoðað sem og búvélasafnið.

Í síðustu ferð hlaut sjálfur formaðurinn Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfréttamaður viðurnefnið „Siggi sífestir“ því hann var alltaf að festa sig. Lára býst fastlega við því að hann reki af sér slyðruorðið. „Hann er kominn á nýjan Land Rover og segir mér að hann sé búinn að fara á námskeið. Þannig að hann verður vonandi sá

forystusauður sem hann vill vera,“ og ekki örgrannt um að skorti á tilhlýðilega virðingu talsmannsins þegar formanninn ber á góma. Lára bendir á að fréttastofan verði þunnskipuð en með í för verða báðir varafréttastjórnarnir, þeir Þórir Guðmundsson og Kristján Már Unnarsson. „En við erum ávallt viðbúin, með tökvélur, mikkrofóna og sminkur ef við þurfum að bregða okkur á vettvang.“ -jbg

+++ OUTLET 10 +++

FAXAFENI 10

SMÁRATORGI 1

SKÓR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI

• Barnasandalar



Stærðir: 28-35 Verð **1.999 kr.**

• Sandalar



Stærðir: 36-41 Verð **999 kr.**

• Canvas skór



Stærðir: 41-46 Verð **1.999 kr.**

• Strigaskór



Stærðir: 35-46 Verð **999 kr.**

• Herraskór



Stærðir: 40-46 Verð **2.499 kr.**

• Herraskór



Stærðir: 40-46 Verð **2.499 kr.**

• Sandalar



Stærðir: 35-46 Verð **2.499 kr.**

• Barnasandalar



Stærðir: 23-30 Verð **1.999 kr.**

• Strigaskór



Stærðir: 36-41 Verð **1.499 kr.**

• Dömuskór



Stærðir: 36-41 Verð **2.999 kr.**

• Dömuskór



Stærðir: 36-41 Verð **2.999 kr.**

• Sandalar



Stærðir: 36-41 Verð **1.299 kr.**

• Strigaskór með ljósum



Stærðir: 24-35 Verð **1.999 kr.**

• Gönguskór



Stærðir: 41-46 Verð **1.499 kr.**

• Dömuskór



Stærðir: 37-42 Verð **2.999 kr.**

FAXAFEN s. 534 4450

SMÁRATORG s. 534 4451

(á milli Bónuss og Rúmfatalagersins)



BAKÞANKAR
Ólafs Sindrólfssonar

Út(sáð)rás


Þriðji hver gestur klámsíðu er kona og konur eru miklu líklegri en karlar til að stunda raunverulegt kynlíf með manneskju sem þær kynnast á netinu. Bæði í erótískum og klínískum tilgangi. Kynferðisleg þjónusta við konur er nýjasta netbólán.

Einhver afkastamesti kasanóva nethelma er 45 ára gamall Breti sem heitir John Gonzales. Síðustu misserin hefur hann stundað ábátasama smáíðju úr hægindastól á Spáni. John er netsæðissali. Hann gerir út á lesbíur. Þjónustan fer þannig fram að lesbíurnar panta sæðisskammta frá John (og vinum hans þegar mikið er að gera eða John illa upplagður) í gegnum þar til gerða heimasíðu. Pöntunin er framleidd og stuttu seinna bankar hraðsendill upp á hjá kúnnanum með pakka.

FYRIRTÆKI Johns fékk töluverða fjölmiðlaathygli. Í framhaldinu spruttu upp aðrir iðjuhöldar, sem höfðu hreint ekkert á móti því að fá borgað fyrir að stunda frímerkjasæbersex. Brátt fylltust stræti og torg af hraðsendlum með kælikassa að banka upp á hjá burstaklipptum konum.

ÚR er orðinn blómlegur samevrópskur iðnaður. John Gonzales (sem jafnaðarlegast er kallaður „Seedy Gonzales“) er þó frumherjinn og erkítýpan. Hann er þybbinn með heimskulegt augnaráð og fitugt hár. Hann hefur aldrei borgað svo mikið sem skilding í meðlag með tveimur dætrum sínum og virðist raunar hafa meiri áhuga á tveggjamæðra hálf systkinum þeirra. Nú eru nefnilega þegar skjalfest tilfelli um börn sem svona komu undir. Sem verður að teljast dálítið kraftaverk, sérstaklega í ljósi þess að safinn vill súrna í flutningum og einhver dæmi munu vera þess að hann hafi verið langt frá því að vera boðlegur í upphafi. Oft og tíðum eru sæðisfrumur framleiðendanna svo helteknar af magnleysi og sjúkdómum að þær eru löngu dauðar áður en dinglað er. En nú hefur gamanið kárnað hjá Jóni. Hann gerðist of stórtækur og safnaði skuldum. Hraðsendlar og heljar-kvendi áttu hjá honum útistandandi skuldir og máttlaus tilraun hans til að hrista af sér fortíðina og hefja störf undir nýju nafni urðu að engu. Í fyrradag var hann svo dæmdur fyrir svik og pretti.

NÚ er lag fyrir íslenska karla. Hér er gullið framsóknarlegt tækifæri til að leiðrétta viðskiptahallann við útlönd með smáskammtalækningum.



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 10. apríl, 101. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.12	13.29	20.47
Akureyri	5.52	13.38	20.38

Heimild: Almanak Háskólans

Tónlistarsími sem þú vilt láta sjá þig með

Nokia 5310 Express Music
Fullkomin blanda af flottum síma og góðum tónlistarspilara. Örpunnur og einfaldlega töff út í gegn.
Verð: 32.900 kr.

Práðlaus móttakari
Tengdu móttakarann við hljómflutningstækin þín, heima eða í bílnum, og spilaðu tónlistina práðlaust úr símanum í fullkomnum hljómgæðum!
Verð: 6.900 kr.

Tilboðspakki
35.900 kr.
Komdu í næstu Vodafone verslun og kynntu þér tónlist í símann.

Gríptu augnablikið og lifðu núna